

**Stytting grunn- og framhaldsskóla:
Áhrif á einstaklinga, sveitarfélög, ríkissjóð og þjóðarframleiðslu**

Skýrsla samin fyrir Verzlunarmannafélag Reykjavíkur


Janúar 2002

Formáli

Í eftirfarandi skýrslu er fjallað um nokkrar leiðir til að stytta grunnskóla og/eða framhaldsskóla á Íslandi, en oftsinnis hefur verið á það bent að nemendur ljúki framhaldsskólanámi mun seinna en nemendur víðast hvar annars staðar og komi því síðar út á vinnumarkaðinn. Viðfangsefni þessarar skýrslu er viðamikið og því er í henni einkum litið til þeirra hagrænu áhrifa sem áætlað er að breytingar á skipulagi skóla hefðu í för með sér. Minni tíma er hins vegar varið í að fjalla um ýmis önnur atriði sem vitaskuld þyrfti að kanna frekar áður en í slíkar breytingar yrði ráðist.

Skýrslan er unnin að beiðni Verzlunarmannafélags Reykjavíkur og hafði dr. Sveinn Agnarsson, sérfræðingur á Hagfræðistofnun, umsjón með verkinu.

Hagfræðistofnun í janúar 2002



Tryggvi Þór Herbertsson
forstöðumaður

Ágrip

Góð almenn menntun eykur framleiðni og þar með hagvöxt. Ónóg menntun kemur aftur á móti í veg fyrir að þjóðfélög geti tileinkað sér nýjustu tækni og vísindi og því er hætt á að þau dragist aftur úr öðrum þjóðum. Þess vegna ber ríkisvaldinu að styðja skólahlald og rannsóknir á hinum ýmsu stigum með beinum og óbeinum hætti. Þetta er ekki síst mikilvægt vegna þess að einkaarðsemi menntunar er yfirleitt álitin lægri en hin samfélagslega og því óvíst að menntunarstig þjóða yrði nægjanlegt án afskipta ríkisvaldsins.

Árið 2000 nam kostnaður við leikskóla, dagmæður, grunnskóla og framhaldsskóla samtals tæpum 31 milljarði kr. Þar af var kostnaður við grunnskóla um 16 milljarðar kr., rúmum 7,5 milljarðar fóru í rekstur framhaldsskóla, 6,4 milljarðar kr. í rekstur leikskóla og áætlaður kostnaður við vistun barna hjá dagmæðrum nam tæpum milljarði kr. Alls voru rúmlega 80 þúsund börn í þessum skólum eða í vist hjá dagmæðrum, langflest þeirra í grunnskólum.

Hér er ekki tekið tillit til kostnaðar ríkissjóðs vegna reksturs grunnskóla, sem mun hafa verið um 560 milljónir kr. árið 2000. Stærstur hluti þess kostnaðar var vegna Námsgagnastofnunar. Einnig vantar inn í þessa tölu kostnað vegna yfirstjórnar leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla og kostnað vegna nýbygginga. Heildarkostnaður gæti því verið nokkru hærri en hér er tilgreint.

Börn í löndum OECD ljúka að meðaltali skyldunámi við 15-16 ára aldur eða heldur yngri en íslensk börn að jafnaði. Íslensk ungmenni ljúka þess vegna námi í framhaldsskóla mun seinna en jafnaldrar þeirra í öðrum OECD-löndum. Íslendingar eru aftur á móti yfirleitt fleiri ár í skóla en íbúar annarra landa að jafnaði. Skólaár nemenda í grunnskólum er álíka langt og nemenda annars staðar og kennslumagn svipað og í öðrum löndum. Aftur á móti virðast kennsludagar í framhaldsskóla vera færri en tíðkast annars staðar í löndum OECD, en á þessu ber þó að hafa þann fyrirvara að skilgreining á kennsludögum er ólík á milli landa. Útgjöld til menntamála annarra en háskólamenntunar voru 4,3% af vergri landsframleiðslu á Íslandi árið 1999, sem er nokkru herra en meðaltal OECD-landa (3,6%).

Flestir Íslendingar hefja störf á vinnumarkaði eða nám í háskóla ári eldri en tíðkast í öðrum löndum OECD. Að auki er sumarfrí nemenda á Íslandi mun lengra en í öðrum löndum, enda var algengt áður fyrr að skólafólk hjálpaði til við ýmis störf til sjávar og sveita. En tímarnir hafa breyst og þau störf er áður buðust skólafólki eru nú mönnuð sérhæfðu starfsfólki. Auk þess er tíðarandinn í þjóðfélaginu annar og ekki lengur talið nauðsynlegt að nemendur stundi sumarvinnu. Loks banna núgildandi reglur nemendum á grunnskólaaldri að stunda launavinnu og setja verulegar hömlur á vinnu 15-17 ára unglunga. Það er því eðlilegt að fram hafi komið raddir um að færa þurfi skipulag skóla á Íslandi nær því sem tíðkast í nágrannalöndum okkar.

Breytingar á skipulagi skóla, sem miða að því að nemendur ljúki námi fyrr, geta haft í för með sér margvísleg áhrif. Þar ber hæst eftirfarandi:

- Ævitekjur nemenda geta aukist vegna þess að starfsævi þeirra lengist.
- Sumartekjur nemenda geta dregist saman vegna þess að sumarfrí styttest.
- Vinnuframboð foreldra getur breyst vegna þess að sumir foreldrar, sem áður hafa verið heima með börnum sínum, fara að vinna utan heimilis.
- Kostnaður ríkis og sveitarfélaga við rekstur skóla getur aukist.
- Þjóðarframleiðsla getur aukist vegna þess að einstaklingar verða lengur á vinnumarkaði en dregist saman vegna þess að vinnuframlag nemenda minnkar á sumrin. Þetta getur haft alvarlegar afleiðingar á sumar atvinnugreinar, t.d. ferðamennsku utan höfuðborgarsvæðisins.
- Hagvöxtur getur aukist þegar fyrstu árgangar nemenda sem breytingarnar ná til skila sér á vinnumarkað.
- Breytingar geta átt sér stað á notkun bíla og annarra samgöngutækja sem geta haft áhrif á umferðarþunga, slit umferðarmannvirkja, mengun og slyshættu.
- Notagildi einstaklinga getur breyst, t.d. vegna breytts skólatíma, vinnutíma, barnagæslutíma og lengri starfsævi.

Í þessari skýrslu er sérstaklega hugað að þremur breytingum á skipulagi skóla.

- Færa grunnskóla niður um eitt ár þannig að nemendur hefji nám við 5 ára aldur. Nemendur myndu þá ljúka grunnskólaprófi við 15 ára aldur.
- Lengja hvert skólaár í grunnskóla þannig að hægt sé að stytta heildar-námstímann um eitt ár. Nemendur myndu þá ljúka grunnskólaprófi við 15 ára aldur.
- Lengja hvert skólaár í framhaldsskóla þannig að hægt sé að stytta heildar-námstímann um eitt ár. Nemendur myndu þá ljúka framhaldsskólaprófi við 19 ára aldur.

Helstu áhrif þess að færa grunnskóla niður um eitt ár eru eftirfarandi:

- Gert er ráð fyrir að kostnaður sveitarfélaga aukist um 575 milljónir kr. (1,1% af rekstrargjöldum ársins 2001) fyrst í stað, en um 9,3 milljarða kr. (18,4%) á tímabilinu 2001-2050.
- Meiri möguleikar skapast á dagvistun barna yngri en 5 ára þegar 5 ára börn setjast á grunnskólabekk. Þetta getur leitt til þess að sumir þeirra foreldra sem áður voru heimavinnandi og sinntu börnum leiti út á vinnumarkaðinn. Tekjur foreldra eru af þessum sökum taldar geta aukist um 875 milljónir kr. fyrst í stað, en um 13,5 milljarða kr. á tímabilinu 2001-2050.
- Gert er ráð fyrir að tekjur nemenda muni aukast um 3,1 milljarð kr. fyrst í stað, en um 44,4 milljarða kr. á tímabilinu 2001-2050.
- Ekki er gert ráð fyrir að þessi breyting hafi nein bein áhrif á afkomu ríkissjóðs, þar eð rekstur grunnskóla er alfarið á hendi sveitarfélaga.
- Gert er ráð fyrir að þjóðarframleiðsla muni aukast um 5,6 milljarða kr. (0,8% af þjóðarframleiðslu ársins 2001) fyrst í stað, en um 78,4 milljarða kr. (11%) á tímabilinu 2001-2050.

Helstu áhrif þess að lengja hvert skólaár í grunnskóla en stytta á móti heildarnámstímann um eitt ár eru eftirfarandi:

- Gert er ráð fyrir að kostnaður sveitarfélaga aukist um 900 milljónir kr. (1,8% af rekstrargjöldum ársins 2001) fyrst í stað, en um 14,7 milljarða kr. (28,8%) á tímabilinu 2001-2050.
- Gert er ráð fyrir að tekjur nemenda muni aukast um 3,2 milljarða kr. fyrst í stað, en um 47,3 milljarða kr. á tímabilinu 2001-2050.
- Ekki er gert ráð fyrir að þessi breyting hafi nein bein áhrif á afkomu ríkissjóðs, þar eð rekstur grunnskóla er alfarið á hendi sveitarfélaga.
- Gert er ráð fyrir að þjóðarframleiðsla muni aukast um 4 milljarða kr. (0,6% af þjóðarframleiðslu ársins 2001) fyrst í stað, en um 56,5 milljarða kr. (8%) á tímabilinu 2001-2050.

Helstu áhrif þess að lengja hvert skólaár í framhaldsskóla en stytta á móti heildarnámstímann um eitt ár eru eftirfarandi:

- Ekki er gert ráð fyrir að þessi breyting hafi nein áhrif á afkomu sveitarfélaga þar eð rekstur framhaldsskóla er alfarið á hendi ríkissjóðs.
- Gert er ráð fyrir að tekjur nemenda muni aukast um 4 milljarða kr. fyrst í stað, en um 68,7 milljarða kr. á tímabilinu 2001-2050.
- Gert er ráð fyrir að breytingin hafi óveruleg áhrif á afkomu ríkissjóðs en að hún muni standa undir sér.
- Gert er ráð fyrir að þjóðarframleiðsla muni aukast um 4,1 milljarða kr. (0,6% af þjóðarframleiðslu ársins 2001) fyrst í stað, en um 68,5 milljarða kr. (10%) á tímabilinu 2001-2050.

Áhrifin verða meiri ef ráðist er í fleiri en eina breytingu á skipulagi skóla samtímis.

Efnisyfirlit

1.	Inngangur	1
2.	Mannauður og hagvöxtur	3
	2.1 Mannauðskenningin	4
	2.2 Mannauður Íslendinga	6
	2.3 Þáttur mannaúds í hagvexti.....	7
	2.4 Samantekt	10
3.	Hagfræðilegur grunnur	11
	3.1 Ári fyrr í grunnskóla.....	12
	3.2 Stytting grunnskólans um eitt ár og lenging skólaársins	17
	3.3 Stytting framhaldsskólans um eitt ár og lenging skólaársins.....	19
	3.4 Samantekt	20
4.	Íslenska skólakerfið	21
	4.1 Leikskólar	21
	4.2 Grunnskólar	27
	4.3 Framhaldsskólar	35
	4.4 Samantekt	42
5.	Skipulag skóla í OECD	44
	5.1 Samantekt	52
6.	Fyrri hugmyndir um styttingu skóla	53
	6.1 Samantekt	55
7.	Styttri skóli	56
	7.1 Grunnskóli færður niður um eitt ár.....	56
	7.1.1 Áhrif á sveitarfélög.....	56
	7.1.2 Áhrif á foreldra.....	64
	7.1.3 Áhrif á nemendur	67
	7.1.4 Áhrif á ríkissjóð.....	68
	7.1.5 Þjóðhagsleg áhrif.....	68
	7.1.6 Önnur áhrif	69
	7.2 Lengra skólaár í grunnskóla en styttri námstími	69
	7.2.1 Áhrif á sveitarfélög.....	70
	7.2.2 Áhrif á nemendur	72
	7.2.3 Áhrif á ríkissjóð.....	73
	7.2.4 Þjóðhagsleg áhrif.....	73
	7.3 Lengra skólaár í framhaldsskóla en styttri námstími.....	74
	7.3.1 Áhrif á sveitarfélög.....	75
	7.3.2 Áhrif á nemendur	75
	7.3.3 Áhrif á ríkissjóð.....	78
	7.3.4 Þjóðhagsleg áhrif.....	80
8.	Niðurstöður	83
9.	Heimildaskrá	88
	Viðauki 1. Mannfjöldaspá Hagfræðistofnunar	90
	Töfluviðauki	91

Töfluskrá

Tafla 2.1	Breytingar á meðalhagvexti á 9. og 10. áratugnum í löndum OECD og áhrifaþættir hagvaxtar.	9
Tafla 4.1	Fjöldi leikskóla í desember 2000 eftir rekstraraðilum.	21
Tafla 4.2	Fjöldi barna í leikskólum í desember 2000. Lengd viðveru eftir fæðingarári.	22
Tafla 4.3	Starfsfólk leikskóla í desember 2000 eftir starfshlutfalli.	22
Tafla 4.4	Fjöldi stöðugilda í leikskólum 1994-2000.	23
Tafla 4.5	Starfstími leikskóla árið 2000 eftir landsvæðum.....	23
Tafla 4.6	Hlutfall 1-5 ára barna í Reykjavík leikskólum í desember 2000.....	24
Tafla 4.7	Dagvistun barna hjá dagmæðrum árið 1999.	24
Tafla 4.8	Áætluð aldursskipting barna hjá dagmæðrum á Íslandi árið 2000.....	24
Tafla 4.9	Rekstrarkostnaður vegna dagvistunar barna á árinu 2000.	26
Tafla 4.10	Kostnaður við framkvæmdir við leikskóla í Reykjavík árið 2000.	27
Tafla 4.11	Hámarksfjöldi kennslust. skv. viðmiðunarstundaskrá 1960-2001. ..	30
Tafla 4.12	Fjöldi nemenda í grunnskólanámi í október 2000.....	31
Tafla 4.13	Kostnaður við rekstur grunnskóla árið 2000.	32
Tafla 4.14	Kostnaður við grunnskóla í Reykjavík árið 2000.....	33
Tafla 4.15	Kostnaður við rekstur grunnskóla árið 2000.	34
Tafla 4.16	Einsetning grunnskóla eftir landsvæðum í október 2000.....	34
Tafla 4.17	Skipting nemenda í framhaldsskólum eftir námsbrautum	37
Tafla 4.18	Hlutfallsleg skólasókn árganga 16-29 ára haustið 1999.....	37
Tafla 4.19	Starfsfólk í skólum á framhaldsskólastigi í febrúar 1999.	38
Tafla 4.20	Framlög úr ríkissjóði til framhaldsskóla árið 2000.	39
Tafla 4.21	Nemendaígildi, vísitala námsframboðs, fermetrafjöldi og heildargjöld í framhaldsskólum árið 2002.	40
Tafla 4.22	Húsnæði framhaldsskóla á Íslandi árin 2001.	42
Tafla 4.23	Fjöldi nemenda og kostnaður við leikskóla, dagmæður grunnskóla og framhaldsskóla árið 2000.	43
Tafla 5.1	Hlutfall unglinga á aldrinum 16-20 ára sem voru í framhaldsskóla (F), starfsnámi (S) eða háskóla (H) í löndum OECD árið 1999.....	48
Tafla 7.1	Kostnaður vegna dagvistunar barna á árinu 2000.	57
Tafla 7.2	Sparnaður miðað við óbreytta þjónustu leikskóla og dagmæðra.	58
Tafla 7.3	Áætlaður fjöldi barna fjögurra ára og yngri árið 2001.	61
Tafla 7.4	Áhrif þess að færa grunnskólann niður um eitt ár á sveitarfélög.	63
Tafla 7.5	Áhrif þess að færa grunnskólann niður um eitt ár á sveitarfélög. Tímabilið 2001-2050.....	64
Tafla 7.6	Áhrif þess að færa grunnskólann niður um eitt ár á foreldra.	64
Tafla 7.7	Breytingar á atvinnuþátttöku foreldra sem leiða af því að börn byrja í grunnskóla ári fyrr.....	65
Tafla 7.8	Áhrif þess að færa grunnskólann niður um eitt ár á foreldra. Tímabilið 2001-2050.....	66
Tafla 7.9	Áhrif þess að færa grunnskólann niður um eitt ár á tekjur nemenda. .	67
Tafla 7.10	Uppsöfnuð áhrif þess að færa grunnskólann niður um eitt ár á tekjur nemenda. Tímabilið 2001-2050.	68
Tafla 7.11	Áhrif þess að færa grunnskólann niður um eitt ár á VÞF.	69
Tafla 7.12	Uppsöfnuð áhrif þess að færa grunnskólann niður um eitt ár á VÞF. .	69
Tafla 7.13	Breytingar á beinum kostnaði við rekstur grunnskóla sem leiða af því að skólaárum er fækkað en skólaárið lengt.....	71

Tafla 7.14	Áhrif þess að stytta grunnskólann um eitt ár en lengja hvert skólaár á móti á tekjur einstaklinga.	73
Tafla 7.15	Uppsöfnuð áhrif þess að stytta grunnskólann um eitt ár en lengja hvert skólaár á tekjur einstaklinga.....	73
Tafla 7.16	Áhrif þess að stytta grunnskólann um eitt ár en lengja hvert skólaár á þjóðarframleiðslu.	74
Tafla 7.17	Uppsöfnuð áhrif þess að stytta grunnskólann um eitt ár en lengja hvert skólaár á þjóðarframleiðslu.....	74
Tafla 7.18	Áhrif þess á tekjur nemenda að stytta framhaldsskóla um eitt ár en lengja hvert skólaár.	78
Tafla 7.19	Uppsöfnuð áhrif þess á tekjur nemenda að stytta framhaldsskóla um eitt ár en lengja hvert skólaár.	78
Tafla 7.20	Kostnaður ríkissjóðs við rekstur framhaldsskóla árið 2000	79
Tafla 7.21	Kostnaður ríkissjóðs við að breyta skipulagi framhaldsskóla	80
Tafla 7.22	Áhrif þess á þjóðarframleiðslu að stytta framhaldsskóla um eitt ár en lengja hvert skólaár.....	81
Tafla 7.23	Uppsöfnuð áhrif þess á þjóðarframleiðslu að stytta framhaldsskóla um eitt ár en lengja hvert skólaár.	81
Tafla 8.1	Samanburður á breytingum á skipulagi skóla.	84
Tafla 8.2	Nettóávinningur af því fyrst í stað að breyta skipulagi skóla.....	85
Tafla 8.3	Nettóávinningur af því til lengri tíma litið að breyta skipulagi skóla.	86

Myndaskrá

Mynd 2.1	Mannauður nokkurra þjóða árið 1985.....	6
Mynd 2.2	Skipting fólks eftir menntunarstigi í ríkjum OECD.....	6
Mynd 4.1	Fjöldi nemenda í grunnskólum árin 1980-2000.....	31
Mynd 4.2	Fjöldi brautskráðra stúdenta skólaárin 1984/85-1998/99.....	36
Mynd 5.1	Fjöldi ára sem einstaklingur varði að meðaltali í menntun	44
Mynd 5.2	Aldur nemenda við upphaf og lok skyldunáms í löndum OECD.	45
Mynd 5.3	Árafjöldi sem meira en 90% af hverjum árgangi eru í skóla.	46
Mynd 5.4	Aldur unglunga við lok framhaldsskóla í löndum OECD árið 1999. ..	47
Mynd 5.5	Hlutfallsleg skipting nemenda í framhaldsskólum í löndum OECD árið 1999 í bóknáms- og starfsnámsbrautir.....	47
Mynd 5.6	Fjöldi kennsludaga hjá 10 ára börnum í löndum Evrópu.....	49
Mynd 5.7	Fjöldi klukkustunda sem 10 ára börn nutu kennslu í löndum Evrópu.	49
Mynd 5.8	Fjöldi kennsludaga í framhaldsskólum í löndum Evrópu.	50
Mynd 5.9	Fjöldi klukkustunda sem nemendur í framhaldsskólum nutu kennslu í löndum Evrópu.	51
Mynd 5.10	Útgjöld til menntamála annarra en háskólamenntunar í löndum OECD árið 1999 sem hlutfall af VLF.....	51
Mynd 7.1	Spá um þróun fjölda barna 5 ára og yngri.....	59
Mynd 7.2	Spá um þróun fjölda barna á grunnskólaaldri.	72
Mynd 7.3	Spá um þróun fjölda unglunga á framhaldsskólaaldri.....	80

1. Inngangur

Í þessari skýrslu er athugað hvaða áhrif það myndi hafa að breyta skipulagi grunn- og/eða framhaldsskóla. Þrjár slíkar breytingar eru kannaðar sérstaklega:

- Að færa grunnskóla niður um eitt ár þannig að nemendur hefji nám við 5 ára aldur.
- Að stytta nám í grunnskóla um eitt ár en lengja hvert skólaár á móti þannig að nemendur ljúki námi 15 ára.
- Að stytta nám í framhaldsskóla um eitt ár en lengja hvert skólaár á móti þannig að nemendur ljúki námi 19 ára.

Allar þessar þrjár breytingar miða að því að nemendur geti lokið framhaldsskólanámi 19 ára að aldri og þá annað hvort hafið störf á vinnumarkaði eða lagt stund á nám á háskólastigi. Tilgangur þessara breytinga er fyrst og fremst sá að stytta þann tíma sem líður frá upphafi skólagöngu og þar til nemendur láta til sín taka á vinnumarkaði. Jafnframt myndi starfsævi einstaklinga lengjast um eitt ár og jafnvel lengri tíma ef ráðist er í fleiri en eina breytingu í einu. Breytingar sem miða að því að lengja hvert skólaár ættu auk þess að bæta nýtingu skólahúsnaðis og þar með að auka framleiðni fastafjármuna í menntakerfinu. Þetta er þó ekki alveg algilt þar eð skólahúsnaði er sums staðar nýtt fyrir ferðaþjónustu á sumrin. Þá má ætla að framleiðni vinnuafis í menntakerfinu aukist einnig þegar starfstími á hverju ári er lengdur.

Sjónum er einkum beint að ýmsum hagrænum þáttum sem breytingar af þessum toga myndu hafa áhrif á. Litlu rými er hins vegar varið til þess að fjalla um ýmis önnur atriði, svo sem hvaða áhrif breytingarnar myndu hafa á skipulag kennslu og námskrár. Þess í stað er gengið út frá því að hægt yrði að hrinda þessum breytingum í framkvæmd og síðan reynt að áætla hvaða áhrif þær myndu hafa á foreldra, nemendur, sveitarfélög, ríkissjóð og þjóðarframleiðslu.

Skýrsla þessi er þannig byggð upp að í kafla tvö er fjallað um samband menntunar og hagvaxtar, en í þeim þriðja er rætt um þær hagfræðikenningar sem búa að baki greiningu á borð við þá sem hér er byggt á. Í fjórða kafla er brugðið upp mynd af íslenska skólakerfinu og í þeim fimmta fjallað um skipulag skóla í löndum OECD. Fyrri hugmyndir um styttingu skóla á Íslandi eru reifaðar í sjötta kafla og í sjöunda kafla eru tiltekin þau beinu áhrif sem framangreindar breytingar eru taldar hafa í för

með sér. Niðurstöður skýrslunnar eru síðan dregnar saman í áttunda kafla. Í sérstökum viðauka er gerð grein fyrir mannföldaspá Hagfræðistofnunar og einnig fylgir stuttur töfluviðauki.

2. Mannauður og hagvöxtur

Á síðustu öldum hafa líf skjör almennings á Vesturlöndum batnað stórum vegna aukins hagvaxtar. Það er því ekki undarlegt að hagfræðingar hafa sýnt þessu efni mikinn áhuga og reynt að grafast fyrir um rætur hagvaxtar. Skotinn Adam Smith varð einna fyrstur þeirra til að gefa hagvexti rækilegan gaum en í riti sínu, *Auðlegð þjóðanna*, benti hann á hversu mikilvæg sérhæfing og frjáls viðskipti væru fyrir hagvöxt, en aukinn hagvöxtur væri það markmið sem stefnt skyldi að. Það var þó ekki fyrr en eftir seinni heimsstyrjöld sem hagvaxtarfræðin fengu almennilegan byr undir báða vængi og á síðustu tveimur áratugum hefur komið mikill kippur í rannsóknir á þessu sviði.

Hagvöxtur felur í sér aukningu á framleiðslu á milli tímabila og er annað hvort skilgreindur sem breytingar á landsframleiðslu í heild eða sem hagvöxtur á hvern íbúa, t.d. breytingar á landsframleiðslu á mann. Framleiðsla þjóða ræðst einkum af framleiðni og þeim auðlindum sem þjóðirnar hafa yfir að ráða, en auðlindunum má í grófum dráttum skipta í þrennt; mannaauð, fjármagn og náttúruauðlindir, og vinnuaufl. Fyrst í stað beindust rannsóknir einkum að því að kanna þátt fjárfestinga, fólksfjölgunar og tæknibreytinga í hagvexti, en á síðustu áratugum hafa augu fræðimanna mjög beinst að því að meta hversu mikil áhrif herra menntunarstig hefur haft á hagvöxt. Hér á eftir verður vikið nánar að sambandi hagvaxtar og menntunar, en lítt fjallað um aðrar orsakir hagvaxtar.

Hagfræðikenningar gera yfirleitt ráð fyrir að aukin menntun leiði til meiri framleiðni og þar af leiðandi meiri hagvaxtar. Góð menntun er forsenda þess að þjóðfélög geti tileinkað sér nýjustu tækni og vísindi, en lágt menntunarstig hamlar hagvexti. Það er þó ekki sjálfgefið að aukin menntun leiði ætíð til meiri hagvaxtar né heldur hvaða tegund menntunar, t.d. almenn menntun, tæknimenntun eða starfsþjálfun, stuðli að sem mestum hagvexti. Samband hagvaxtar og menntunar gæti nefnilega allt eins verið öfugt, þ.e. að menntunarstig þjóða væri háð því hversu ríkar þær væru. Í því sem hér fer á eftir er þó miðað við að hagvöxtur ráðist af menntun.

Innan hagfræðinnar eru einkum þrjár kenningar sem lýsa sambandi menntunar og hagvaxtar. Sú fyrsta er mannaauðskeningin sem alla jafna er kennd við bandaríska hagfræðinginn Gary Becker.¹ Önnur kenningin fjallar um samleitni (e. convergence)

¹ Réttara væri þó að kenna hana einnig við Schultz, en hann birti grein um þetta efni ári á undan Becker.

þjóða og sú þriðja um samband menntunar og tækniframfara. Á síðustu árum hefur einnig mikið verið fjallað um mikilvægi rannsókn- og þróunarstarfs – og þar með menntunar – fyrir hagvöxt.

2.1 Mannauðskeningin

Í mannauðskeningu Beckers felst að einstaklingar líti á menntun eins og hverja aðra fjárfestingu. Þeir velti fyrir sér beinum og óbeinum kostnaði þess að mennta sig og beri hann saman við þann ávinning sem vænta megi að námið skili. Ef núvirtar nettóævitekjur að námi loknu eru hærri en ævitekjur án náms er réttlæt看legt að leggja út í fjárfestinguna, ella eigi. Þótt ákvörðunin um fjárfestingu í menntun byggji þannig á svipuðum forsendum og aðrar fjárfestingaákvarðanir telur Schultz (1987) samt að nokkur munur sé á eðli þessara fjárfestinga. Í fyrsta lagi sé mannauðurinn bundinn einum og sama einstaklingnum allt til dauðadags og hann sé ekki hægt að framselja til annars eins og annan auð. Í öðru lagi verði einstaklingurinn sjálfur að nýta þann mannauð sem í honum býr og það geri hann með útseldri vinnu. Í þriðja lagi verði einstaklingurinn að fórna tíma, oft miklum, til að byggja mannauðinn upp og til að hámarka ævitekjur sé heppilegast að gera það eins snemma á ævinni og kostur er.

En bætt menntun er ekki eingöngu ávísun á hærri laun í framtíðinni heldur kann hún einnig að auka líkurnar á enn frekari menntun eða þjálfun, auk þess sem þau störf sem þjóðast munu líklega verða betri en þau er ella væri vöð á. Að auki eru meiri líkur á að einstaklingar með litla menntun verði atvinnulausir en þeir menntaðri. Rannsóknir hafa einnig sýnt sterk jákvæð tengsl á milli menntunar og heilbrigðis, og menntun gerir einstaklinga einnig upplýstari um samfélagið og umburðarlyndari. Betri menntun gerir einstaklinga loks einnig færari um að aðstoða börn sín við nám þeirra og þannig leiðir góð menntun foreldra oft til þess að börn þeirra ganga einnig menntavegin.

Eins og drepið var á hér að framan gagnast menntun ekki aðeins einstaklingunum sjálfum heldur öllu þjóðfélaginu. Þar sem tekjur einstaklinga hækka að jafnaði í takt við menntun þeirra aukast skatttekjur með hærri menntunarstigi. Bætt menntun eykur einnig framleiðni og þar með hagvöxt, auk þess sem búast má við að útgjöld til heilbrigðis- og félagsmála þurfi ekki að vera eins há og ella vegna þess að menntað fólk lifir frekar heilbrigðara lífi og er ólíklegra til að lenda á glapstígum. Ennfremur er

líklegt að þátttaka fólks í stjórn mála- og menningarlífi vaxi með aukinni menntun og samfélagið verði því opnara, lýðræðislegra og fjölskrúðugra.

Við val á námsbraut ber hinn skynsami einstaklingur saman þá ávöxtun sem fjárfesting í hinum ýmsu tegundum menntunar gefur af sér og velur þá sem honum hugnast best. Eins og lýst var hér að ofan þarf einstaklingurinn að taka tillit til fjöldamargra atriða sem ekki er ætíð hægt að meta til fjár. Því er ekki víst að hann hætti við að sækja sér aukna menntun þótt svo að ávöxtun þeirrar fjárfestingar reynist neikvæð en það dregur þó trúlega úr vilja hans.

Á sama hátt og áætla má einkaávöxtun menntunar, má reikna út hversu mikið samfélagið hagnast á því að þegnar þess mennta sig. Hlutfallslegur ábati samfélagsins er þó sjaldnast sá sami og einkaávöxtunin heldur er almennt gert ráð fyrir að þjóðfélagsleg arðsemi menntunar sé meiri en einkaarðsemi hennar. Að hluta til má rekja þennan mismun til þess að þótt svo að einstaklingar verði að taka tillit til skatta við mat sitt á arðsemi menntunar og einhver hluti af einkaávinningi menntunar renni beint til hins opinbera í gegnum skattheimtu gildir hið sama ekki um samfélagið í heild þar sem þjóðfélagið í heild nýtur ábatans af skattheimtunni.² Menntun á tilteknu sviði nýtist þar að auki einnig við önnur störf og gagnast því ekki eingöngu þeim einstaklingum sem mennta sig heldur kemur fleiri einstaklingum til góða. Áhrif menntunar dreifast því víða um þjóðfélagið. Þessi áhrif verða jafnvel enn meiri ef vel menntaðir einstaklingar vinna saman í hóp, t.d. í háskóla eða á rannsóknastofu. Raunar má segja að menntun feli í sér ákveðna skalahagkvæmni; að hin jákvæðu áhrif hennar á þjóðfélagið í heild aukist meira en sem nemur fjölda þeirra einstaklinga sem mennta sig. Hér má einnig benda á að menntun einstaklinga minnkar ekki þótt svo að þeir miðli öðrum af viskubrunni sínum. Þvert á móti getur miðlun upplýsinga kveikt nýjar hugmyndir og komið af stað samvinnu milli einstaklinga. Vegna þess að einkaarðsemi menntunar er minni en hin samfélagslega er hætt við að menntunarstig þjóða yrði of lágt ef ríkisvaldið sæi þegnum sínum ekki fyrir menntun og skipulegði ekki skólastarf í þjóðfélaginu. Með þessu er ekki átt við að einkaaðilar geti ekki rekið


² Í athugun sem Hagfræðistofnun gerði árið 1992 kom þó fram að ávinningur einstaklingsins af því að leggja stund á háskólanám er að jafnaði meiri en ávinningur þjóðfélagsins. Rannsóknin leiddi einnig í ljós að ávöxtun menntunar er mismunandi eftir því hvaða háskólanám um er að ræða. Ávöxtunin var mest hjá verkfræðingum og viðskipta- og hagfræðingum, en minni hjá öðrum stéttum sem athugunin náði til. Hagfræðistofnun gerði sérstaka úttekt á arðsemi tannlæknamenntunar og þar kom fram að einkaarðsemi þeirrar menntunar væri muni hærri en arðsemi verkfræði- og viðskiptafræði. Þjóðhagsleg arðsemi verkfræðimenntunar var hins vegar hærri en þjóðhagsleg arðsemi tannlækninga.

skóla í samkeppni við ríkisvaldið heldur að óvíst sé að almenn menntun í löndum heims yrði nægjanleg ef ríkisvaldið kæmi hvergi nærri skólahaldi, hvort sem um er að ræða fjármögnun, rekstur eða að skapa hvata sem eru í samræmi við raunverulega þjóðhagslega arðsemi menntunarinnar.

2.2 Mannauður Íslendinga

Mannauð þjóða má meta með því t.d. að athuga meðalskólagöngu þegna þeirra og meðal rannsókna á því sviði má nefna athugun sem Kyriacou (1991) gerði á mannaúði nokkurra landa árið 1985. Mannauður Íslendinga mældist þá að meðaltali átta og hálf ár, en hæstur var hann í Bandaríkjunum, tólf ár. Til samanburðar var mannaúður í Finnlandi nálega ellefu ár, níu og hálf ár í Svíþjóð og rúm níu ár í Noregi. Í Danmörku var mannaúðurinn hins vegar minni en á Íslandi eða tæp sjö ár.


Mynd 2.1 Mannauður nokkurra þjóða árið 1985 mældur með meðalskólagöngu vinnuafllsins.



Heimild: Kyriacou (1991)

Árið 1994 stóð Hagfræðistofnun fyrir rannsókn á þróun mannaúðs Íslendinga á árunum 1957-1994 sem leiddi í ljós að mannaúðurinn hafði vaxið úr 6 í 10 ár á þessum tæpu 40 árum.

Mynd 2.2 Hlutfallsleg skipting fólks á aldrinum 25-64 ára eftir menntunarstigi í ríkjum OECD árið 1999.



Heimild: Education at a glance, OECD 2001

Árið 1999 höfðu 37% Íslendinga á aldrinum 25-64 ára lokið grunnskóla að hluta eða öllu leyti, 40% höfðu lokið framhaldsskólaprófi og 23% lokið háskólanámi eða starfsnámi á háskólastigi. Til samanburðar voru um 36% þegna landa OECD á sama aldri með grunnskólamenntun eða minni menntun, 43% höfðu lokið framhaldsskólaprófi og 22% einhvers konar námi á háskólastigi. Almenn menntun er lægst í Mexíkó, Portúgal og Tyrklandi, en flestir hafa hlutfallslega lokið háskólaprófi í Kanada, Bandaríkjunum, Finnlandi og Japan.

2.3 Þáttur mannaúðs í hagvexti

Samkvæmt kenningunni um samleitni má skipta þjóðum heims í tvennt út frá tækni og framleiðni; forystuþjóðir og sporgönguþjóðir. Þær fyrnefndu eru ríkari en búa við minni hagvöxt en hinar síðarnefndu sem geta í krafti frjálsra viðskipta nýtt sér uppfinningar og tækniþekkingu forystulandanna til að auka framleiðni sína og hagvöxt.³ Með tímanum mun bilið milli ríkra og fátækra þjóða því minnka. En til þess að sporgönguþjóðirnar geti nýtt sér hina nýju tækni verða þegar þeirra að vera

³ England varð fyrst landa heimsins til að iðnvæðast og var því forystuþjóð í þessu tilliti, en aðrar þjóðir – sporgönguþjóðir – náðu seinna að tileinka sér hina nýju tækni og hugsunarhátt og hagvöxtur þeirra varð þá meiri en Englendinga.

nægjanlega menntaðir. Gott menntunarstig er því forsenda þess að sporgöngubjóðir geti tileinkað sér tækni og þekkingu forystubjóðanna og þannig bætt lífskjör sín.

Kenninguna um samband menntunar og tækniframfara má rekja til skrifa Arrows (1962), og Nelson og Phelps (1966). Arrow benti á að með tímanum myndu starfsmenn öðlast aukna færni í starfi og þar með myndi framleiðni þeirra aukast. Reikna mætti með að vel menntaðir einstaklingar væru fljótari að læra inn á störf sín en þeir sem minni menntun hefðu og því myndi framleiðni þeirra aukast hraðar.

Nelson og Phelps sýndu fram á að góð menntun starfsmanna gerði fyrirtækjum auðveldara fyrir að innleiða og nýta nýja tækni. Það væri því mikill akkur í því fyrir fyrirtæki að ráða vel menntað fólk til vinnu.

Samkvæmt þessum kenningum væru vel menntaðar þjóðir því líklegri og fljótari að tileinka sér nýja tækni, og hagvöxtur þeirra því meiri en í löndum þar sem almenn menntun væri lakari.

Í þeim rannsóknum sem gerðar hafa verið til að kanna hvaða þættir hafi ráðið hagvexti hefur yfirleitt verið notað svokallað hagvaxtarbókhald. Í því felst að hagvöxtur er sundurliðaður í breytingar á fjármagnsstofni (fjárfestingar), breytingar á vinnuafli (unnum vinnustundum) og heildarþáttaframleiðni.⁴ Með þessu móti er því unnt að átta sig á þeim breytingum sem stafa af aukinni aðfanganotkun og bættri tækni. Í athugunum þessum er heildarþáttaframleiðni afgangsstærð, þ.e. sá þáttur hagvaxtarins sem ekki verður skýrður með aukinni aðfanganotkun og því hefur iðulega verið leitað leiða til að sundurgreina hagvöxtinn enn frekar. Meðal annars hefur verið reynt að taka tillit til breyttra gæða aðfanga, t.d. bættrar menntunar.

Á árunum 1970-1992 óx landsframleiðsla á Íslandi að raunvirði um rúm 4% á ári og var það verulega meiri hagvöxtur en annars staðar á Norðurlöndum. Í rannsókn Tryggva Þórs Herbertssonar (2001) kom fram að rúm 45% af hagvextinum á Íslandi mætti rekja til fjárfestinga, 14% til fleiri vinnustunda og tæplega 41% til breytinga á heildarþáttaframleiðni. Ef á hinn bóginn tekið væri tillit til fjárfestinga í mannaúði breyttist þessi mynd nokkuð.⁵ Hlutur fjármagns og vinnuafls er að vísu áfram óbreyttur, en hlutur menntunar í hagvextinum mælist þá 19,5% og þáttur framleiðni 21,5%. Einn fimmta hluta hagvaxtar á Íslandi á þessu tímabili má því rekja beint til fjárfestinga í menntun, en þáttur menntunar í hagvexti á öðrum Norðurlöndum mælist

⁴ Heildarþáttaframleiðni er hér skilgreind sem vegið meðaltal framleiðni fjármagns og vinnuafls.

⁵ Fjárfestingar í mannaúði eru hér skilgreindar sem útgjöld hins opinbera til skóla á háskólastigi.

á bilinu 12-33%. Þótt aukin menntun hafi aðeins verið hálfdrættingur á við almenna fjárfestingu á þessum árum á Íslandi hefur bætt menntun að jafnaði mun meiri áhrif á hagvöxt en aukið vinnuframlag. Þetta eru athyglisverðar niðurstöður og sýna glögglega hve menntun er mikilvæg fyrir hagþróun landa, meira að segja allþróaðra hagkerfa eins og hins íslenska.

Tafla 2.1 Breytingar á meðalhagvexti á 9. og 10. áratugnum í löndum OECD og áhrifaþættir hagvaxtar. Hlutfallstölur.

	Árlegur hagvöxtur	Fjárfesting	Mannauður	Fólksfjölgun	Breytingar á verðbólgu	Stærð hins opinbera	Alþjóða- viðskipti
Austurríki	-0,23	0,37	0,31	-0,07	0,12	-0,02	0,37
Ástralía	0,80	-0,16	0,17	0,46	0,05	0,03	0,57
Bandaríkin	-0,19	0,19	0,07	-0,06	0,13	0,07	0,65
Belgía	0,37	0,37	0,45	0,17	0,26	0,06	0,24
Bretland	0,01	0,08	0,44	0,05	-	0,03	0,25
Danmörk	0,34	0,10	0,20	0,03	0,07	0,01	0,22
Finnland	-0,90	-0,91	0,44	-0,03	0,05	-0,13	0,33
Frakkland	0,04	0,01	0,35	0,27	0,23	-0,02	0,42
Grikkland	-0,06	-	0,57	0,09	-0,12	-0,05	0,54
Holland	0,97	-0,04	0,43	0,32	0,07	0,10	0,25
Írland	1,21	-0,17	0,54	-0,75	0,35	0,13	0,46
Ítalía	-0,06	0,05	0,84	0,36	0,18	-0,01	0,49
Kanada	-0,60	0,24	0,19	-0,10	0,01	-0,02	0,60
Noregur	0,61	-0,21	0,27	0,15	0,14	-0,41	0,30
Nýja-Sjáland	-0,26	0,33	0,21	-0,47	0,68	0,06	0,44
Portúgal	-0,15	0,25	0,32	0,02	0,42	-0,20	0,53
Spánn	0,46	0,33	0,90	0,46	0,25	-0,12	0,67
Sviss	-0,58	0,02	0,26	0,09	-0,09	-0,07	0,14
Svíþjóð	-0,64	-0,19	0,42	-0,05	-0,20	0,02	0,33

Heimild: Education at a glance, OECD 2001

Á vegum OECD hefur verið gerð sérstök athugun á hvaða þættir skýri breytingar á hagvexti á milli 9. og 10. áratugar 20. aldar. Sú rannsókn byggði á því að meta aðfallslíkingu þar sem mismunur á meðalhagvexti á mann á þessum áratugum var látinn vera háður sex breytum; fjárfestingu, mannauði, fólksfjölgun, breytingum á verðbólgu, stærð hins opinbera og umfangi alþjóðaviðskipta (sjá töflu 2.1⁶). Í ljós kom að einungis aukin menntun og alþjóðaviðskipti skiluðu sér afdráttarlaust í meiri hagvexti.

⁶ Meðaltalsbreytingar á landsframleiðslu á mann á árunum 1981-1989 og 1990-1997 voru notaðar sem mælikvarði á hagvöxt í rannsókninni og breytingarnar síðan metnar sem fall af skýribreytunum sex. Hagvaxtarbreytingarnar eru ekki jafnar summu gilda óháðu breytanna í töflunni þar sem í hana vantar fasta og leifalið hveirar aðfallsjöfnu. Svo dæmi sé tekið óx landsframleiðsla í Ástralíu um 0,8% á milli 9. og 10. áratugarins að meðaltali. Breytingar á fjármagnsstofni rýrðu hagvöxt um 0,16%, en fjárfestingar í menntun (0,17%), fólksfjölgun (0,46%), breytileiki verðbólgu (0,05%), stærð hins opinbera (0,03%) og alþjóðaviðskipti (0,57%) höfðu jákvæð áhrif á verðbólgu. Summa þessara jákvæðu þátta er 1,28% og nettóáhrif allra breytanna sex á hagvöxt nema því 1,12%.

2.4 *Samantekt*

Góð almenn menntun eykur framleiðni og þar með hagvöxt. Ónóg menntun kemur aftur á móti í veg fyrir að þjóðfélög geti tileinkað sér nýjustu tækni og vísindi og því er hætt á að þau dragist aftur úr öðrum þjóðum. Þess vegna ber ríkisvaldinu að styðja skólahlald og rannsóknir á hinum ýmsu stigum með beinum og óbeinum hætti. Þetta er ekki síst mikilvægt vegna þess að einkaarðsemi menntunar er yfirleitt álitin lægri en hin samfélagslega og því óvíst að menntunarstig þjóða yrði nægjanlegt án afskipta ríkisvaldsins.

3. Hagfræðilegur grunnur⁷

Í fræðilegri hagfræði er gert ráð fyrir að vali einstaklinga á ólíkum vörum og þjónustu megi lýsa með svokölluðu notagildisfalli. Einstaklingurinn hámarkar þetta notagildisfall með hliðsjón af þeim verðmætum sem hann ræður yfir á hverjum tíma, þ.e. tekjum og eignum. Notagildisfallið lýsir því samhengi ráðstöfunar verðmæta einstaklingsins og þeirrar hamingju eða ánægju sem af henni leiðir. Notagildisfallið, U , má skilgreina sem

$$(1) \quad U = U(z)$$

þar sem z er samsafn (vektor) allra þeirra breyta sem taldar eru hafa áhrif á notagildi einstaklingsins. Við athuganir á því hvaða áhrif tiltekna framkvæmdir eða breytingar hafi á notagildi þegna samfélagsins er ætíð nauðsynlegt að takmarka sig við tiltekinn fjölda atriða. Í þessu felst að z inniheldur ekki alla þá þætti sem áhrif hafa á velferð einstaklingsins heldur einungis þau atriði sem máli eru talin skipta fyrir viðkomandi athugun. Með því að meta þannig til fjár þann kostnað og ábata sem framkvæmdirnar hafa í för með sér má kanna hvort þær hafi jákvæð eða neikvæð áhrif á þegnana.⁸

Breytingar á skipulagi skólagöngu, t.d. stytting grunnskólanáms um eitt ár, hafa vitaskuld ýmis samfélagsleg áhrif. Sum er auðveldlega hægt að meta til fjár, en önnur er torveldara að leggja fjárhagslegt mat á. Þessum áhrifum má í grófum dráttum skipta í þrennt. Í fyrsta lagi breytingar á notkun hagrænna aðfanga. Í öðru lagi breytingar á aðstæðum og velferð foreldra og barna, og í þriðja lagi áhrif á aðra þjóðfélagshópa.

Samfélagsleg áhrif breytinga á skipulagi skóla má kanna með því að skoða hvaða áhrif breytingarnar hafi á notagildisfall einstaklinganna og hér á eftir er þeirri aðferðafræði beitt til að skoða áhrif þrenns konar breytinga; að færa grunnskólaaldurinn niður um eitt ár, stytta grunnskólann um eitt ár en lengja hvert skólaár á móti, og loks að stytta framhaldsskólann um eitt ár en lengja aftur á móti hvert skólaár.

⁷ Þessi kafli byggir á skýrslu Hagfræðistofnunar, Þjóðhagsleg hagkvæmni eflingar leikskóla og lengri skóladags í grunnskóla (1991), og meistaráritgerð Margrétar Úrsúlu Ingvarsdóttur.

⁸ Hér er gert ráð fyrir að notagildisföll allra þegnanna séu eins.

3.1 Ári fyrr í grunnskóla

Í núgildandi grunnskólalögum er gert ráð fyrir að nemendur hefji skólagöngu sína við 6 ára aldur og ljúki grunnskólaprófi 16 ára gamlir. Í sumum einkaskólum geta börn þó hafið skólagöngu 5 ára. Hér er gert ráð fyrir að börn hefji nám í grunnskóla við 5 ára aldur og ljúki námi 15 ára.

Gerum ráð fyrir að notagildi sérhvers heimilis megi lýsa með eftirfarandi falli

$$(2) \quad U = U(x, v, g, y, t)$$

þar sem U táknar notagildi, x neyslu, v vinnutíma, g barnagæslutíma, y neyslu barna í framtíðinni og t þau ár sem grunnskólinn nær til. Notagildisfallið sýnir þær breytingar sem verða á notagildi heimilanna og beinlínis má rekja til þess að skólaskyldan færist niður um eitt ár. Líking þessi er að sjálfsögðu mikil einföldun á raunveruleikanum þar eð ekki er gert ráð fyrir að aðrir þættir en þeir sem hér eru upp taldir hafi áhrif á hamingju einstaklingsins. Þeim þáttum er því í raun haldið föstum og þeir hafa þar af leiðandi engin áhrif á þá greiningu sem hér fer á eftir. Áður en lengra er haldið er rétt að taka fram að hér er gengið út frá þeirri veigamiklu forsendu að þroski 5 ára barna sé nægjanlegur til að þau geti sest á skólabekk og að hægt sé að aðlaga námsefni í grunnskóla að þeirri breytingu sem hér um ræðir. Vitaskuld er hugsanlegt að breyta þyrfti námskrá skólanna og jafnvel að færa til námsefni milli grunn- og framhaldsskóla. Hér er þó gert ráð fyrir að námsefni grunnskólans haldist óbreytt. Vinnutími foreldra er háður því hve lengi börn njóta dagvistunar eða eru í grunnskóla og hið sama gildir um gæslutíma barna, þ.e. þann tíma sem börn eru í gæslu eftir að skóla lýkur eða á leikskólum og hjá dagmæðrum. Vinnutíma og gæslutíma má því rita sem fall af skólaárum

$$(3) \quad v = V(t)$$

og

$$(4) \quad g = G(t).$$

Ráðstöfunartekjur (m) foreldra ráðast í aðalatriðum af vinnulaunum (w), vinnutíma, og sköttum og öðrum opinberum gjöldum (τ). Vinnulaun eru gefin ytri stærð, en skattarnir ráðast af umfangi skólastarfsins og þá má því skrifa sem

$$(5) \quad \tau = \tau(t).$$

Ráðstöfunartekjurnar eru skilgreindar sem

$$(6) \quad m = w \cdot V(t) - \tau(t)$$

og þar sem þeim er öllum ráðstafað í neyslu⁹ gildir að

$$(7) \quad m = x$$

Með því að börn hefji nám í grunnskóla ári fyrir lengist sá tími sem þau verða á vinnumarkaði að jafnaði um eitt ár. Neysla barnanna í framtíðinni verður því meiri en ella. Sá viðbótartími sem börn geta vænst að vera á vinnumarkaði er að sjálfsögðu háður því hversu miklar breytingar verða á skólatímanum. Því gildir að

$$(8) \quad y = Y(t).$$

Notagildisfallið í (2) má því umrita sem

$$(9) \quad U = U(w \cdot V(t) - \tau(t), V(t), G(t), Y(t), t).$$

Að því gefnu að öll heimili (einstaklingar) þjóðfélagsins hafi sama notagildisfallið má rita velferðarfall samfélagsins sem summu allra notagildisfallanna. Þá fæst

$$(10) \quad U = \sum_{i=1}^N U(wV(t,i) - \tau(t,i), V(t,i), G(t,i), Y(t,i), t)$$

þar sem U táknar velferð samfélagsins, i heimili og N fjölda heimila.

⁹ Hér er sparnaður ekki tiltekinn sérstaklega heldur litið á hann sem eina tegund af neyslu.

Áhrif þess að færa skólaskylduna niður um eitt ár má áætla með því að taka heildarmismun af jöfnu (10), þ.e.

$$(11) \quad dU = \sum_{i=1}^N (U_1 w dV(t,i) - U_1 d\tau(t,1) + U_1 dV(t,i) + U_1 dG(t,i) + U_1 dY(t,i) U_1 dt)$$

Jöfnu (11) má einfalda og skrifa sem

$$(12) \quad DU = DW - D\tau + DU_V + DU_G + DU_Y + DU_t.$$

DU táknar hér þá þjóðhagslegu velferðarbreytingu sem leiðir af því að láta börn byrja ári fyrir í skóla en merking breytanna hægra megin við samasemmerkið er sem hér segir:

DW Breyting á launatekjum foreldra vegna breytinga á ráðstöfunartíma.

$D\tau$ Útgjaldabreyting samfélagsins.

DU_V Breyting á notagildi heimilanna vegna breytts vinnutíma.

DU_G Breyting á notagildi heimilanna vegna breytts barnagæslutíma.

DU_Y Breyting á launatekjum barns í framtíðinni.

DU_t Breyting á notagildi heimilanna vegna þess að börn byrja ári fyrir í skóla.

Með því að mæla stærðirnar DW , $D\tau$, DU_V , DU_G , DU_Y og DU_t má því meta þjóðhagsleg áhrif þess að láta börn byrja ári fyrir í grunnskóla. Gallinn er hins vegar sá að stærðirnar DU_V , DU_G og DU_t eru huglægar breytur sem erfitt getur reynst að leggja fjárhagslegan mælikvarða á og mat á heildaráhrifum breytinganna verður því óneitanlega háð meiri óvissu en ella. Áður en lengra er haldið er rétt að líta nánar á hvernig gert er ráð fyrir að þessir þættir notagildisfallsins breytist.

Um helmingur 5 ára barna er að meðaltali í leikskóla 8 klukkustundir eða lengur á hverjum degi. Skóladagur yngri barna er mun styttri en þetta. Í viðmiðunarstundaskrá er gert ráð fyrir að nemendur í 1.-4. bekk séu 30 kennslustundir í skóla á viku, en nemendum í yngstu bekkjum er oftast einnig boðið upp á skóladagvist. Haustið 1999 naut nær helmingur skólabarna í Reykjavík dagvistunar en hlutfallið var afar mismunandi eftir skólum. Það er því trúlegt að sá tími sem 5 ára börn myndu eyða í skóla eða skóladagvist yrði að meðaltali svipaður og sá tími sem 5 ára börn dvelja að jafnaði á leikskóla í dag. Sú breyting á skipulagi grunnskóla sem hér um ræðir myndi

Því væntanlega hvorki leiða til breytinga á vinnutíma foreldra né til breytinga á gæslutíma barna.

Aftur á móti gæti þessi breyting haft í för með sér að betur væri hægt að mæta óskum foreldra barna yngri en 5 ára um dagvistun. Fleiri börn á aldrinum 1-4 ára ættu því að fá pláss á dagheimilum sem aftur gæti leitt til þess að börnum í vist hjá dagmæðrum fækkaði. En auknir möguleikar á dagvistun barna gætu einnig gert foreldrum þeirra mögulegt að vinna lengur utan heimilis. Þótt ekki sé sjálfgefið að foreldrar nýti allan þennan aukna ráðstöfunartíma til vinnu er trúlegt að einhverjir þeirra muni leita út á vinnumarkaðinn eða lengja vinnudag sinn. Stærðin *DW* myndi þá verða jákvæð. Þeir foreldrar sem ekki bæta við sig vinnu munu hins vegar væntanlega líta svo á að aðrir kostir, t.d. umönnun ungbarna, gefi meira af sér en vinnan. Margföldun hins aukna ráðstöfunartíma með vinnulaunum myndi því að þessu leyti vanmeta þann þjóðhagslega ábata sem fælist í meiri ráðstöfunartíma.

Flutningur grunnskólans niður um eitt ár getur haft bæði kostnað og sparnað í för með sér. Lítum fyrst á sparnaðinn. Þar sem 5 ára börn munu eftir þessa breytingu ekki vera á leikskóla heldur sækja grunnskóla mun þörfin fyrir leikskóla og dagmæður minnka. Minni nauðsyn verður til að byggja nýja leikskóla, auk þess sem hægt verður að draga úr rekstrarkostnaði sumra skólanna.

Á móti kemur að flutningurinn gæti aukið ýmsan kostnað. Margir grunnskólar bjóða í dag nemendum í 1.-4. bekk upp á skólادagvist og þá þjónustu gæti þurft að útvíkka og láta einnig ná til 5. bekkjar. Þá er hugsanlegt að ýmis kostnaður myndi falla til vegna tilflutnings á námsefni milli bekkja.

Einnig ber að taka tillit til ýmissa óbeinna þátta sem hljótast einkum af því að hægt verður að veita börnum yngri en 5 ára betri leikskólaþjónustu. Lengri gæsluvist þessara barna gæti dregið úr snúningum foreldra og þar með valdið minni notkun farartækja, sem gæti aftur dregið úr mengun og valdið minna álagi á umferðar- og samgöngumannvirki. Minni umferð dregur einnig úr slysatíðni. Á móti kemur að hugsanlegt er að einhverjir foreldrar barna á þessum aldri auki atvinnuþátttöku sína, jafnvel að sumir hefji störf er áður sátu heima. Fari svo gæti notkun þeirra á farartækjum aukist og þar af leiðandi aukið mengun og álag á umferðarmannvirki og hækkað slysatíðni.

Breytingar á launatekjum í kjölfar breytinga á skipulagi skóla er ekki nægjanlegur mælikvarði á þá hagsbót heimilanna sem hlýst af því að foreldrar breyti

vinnuframlagi sínu. Aðrir þættir vinnunnar en sjálf launin kunna einnig að vera eftirsóknarverð, svo sem vinnufélagarnir, samskipti við viðskiptavinum, eðli vinnunnar o.s.frv. Þessum notagildisáhrifum þarf að bæta við launatekjurnar. Einnig kann að vera að þessir þættir hafi neikvæð áhrif og dragi úr notagildi vinnunnar. Vinnulaunin ein og sér myndu í því tilfalli ofmeta þá hagsbót sem einstaklingurinn hefur af vinnunni. Liðnum DU_V í jöfnu (12) er ætlað að ná utan um þessi áhrif og getur hann því verið jákvæður eða neikvæður eftir því hvaða mat einstaklingurinn leggur á aðra þætti vinnunnar en launin.

Umsjón eigin barna er yfirleitt talin veita foreldrum ánægju og allar breytingar sem draga úr möguleikum foreldra til að vera samvistum við börn sín gætu því haft neikvæð áhrif á velferð foreldra og barna. Sum 5 ára börn eru ekki nema hálfan dag í leikskóla og myndu því líklega vera lengur að heiman ef grunnskólinn hæfist við 5 ára aldur. Heimavinnandi foreldrar sem njóta þess að vera með börnum sínum og hafa e.t.v. einmitt þess vegna ekki viljað hafa þau nema hálfan dag í leikskóla myndu því vera sviptir þeirri ánægju, a.m.k. að hluta. Einnig er mögulegt að foreldrar fái neikvætt notagildi út úr því að vera með börnum sínum og í þeim tilvikum myndi velferð þeirra aukast þegar sá tími styttest sem þeir gætu gætt barna sinna. Velferðaráhrif þessa liðar (DU_G) eru þó líklega fremur lítil.

Sú breyting að færa grunnskólann niður um eitt ár leiðir til þess að unglingar sem lykju grunnskólanámi við 15 ára aldur græddu eitt ár á vinnumarkaðnum miðað við þá sem eru í grunnskóla til 16 ára aldurs. Sumir þessara unglunga hætta námi að loknum grunnskóla en langflestir halda áfram í framhaldsskóla og sumir þeirra leggja síðan stund á háskólanám. Áhrifin á vinnumarkaðinn, og þar með á tekjur og landsframleiðslu, koma því fram á þremur tímamótum. Fyrst að loknu skyldunámi þegar fyrsti hópurinn skilar sér á vinnumarkað, síðan að loknu framhaldsskólanámi þegar sá hópur kemur á vinnumarkaðinn og loks þegar háskólagengni hópurinn lýkur sínu námi og kemur til starfa. Breytan DU_Y ætti því að vera jákvæð.

Flestir Íslendingar telja vafalítið að menntun sé af hinu góða og að æskilegt sé að menntunarstig þjóðarinnar sé sem hæst. Í opinberri umræðu hefur oft verið bent á að nemendur hefji nám í grunnskóla seinna hér en í sumum öðrum löndum, skólaárið sé auk þess styttra og nemendur ljúki því námi seinna en annars staðar. Allar breytingar á skipulagi skólamála sem miða að því að bæta almenna menntun, svo sem að færa grunnskólann neðar í aldri og láta börn hefja skyldunámið ári fyrr, ættu þess vegna að

hafa jákvæð áhrif á velferð þjóðarinnar, óháð því hvaða áhrif bætt menntun hefur á gæði vinnuaflsins og hagvöxt.

3.2 Stytting grunnskólans um eitt ár og lenging skólaársins

Önnur leið til að ná því markmiði að börn ljúki skyldunámi fyrr en tíðkast í dag er sú að lengja skólaárið og fækka þannig þeim árum sem grunnskólinn spannar úr tíu í níu. Slík breyting gæti að sjálfsögðu leitt til þess að nauðsynlegt yrði að færa námsefni til milli bekkja og jafnvel milli grunn- og framhaldsskóla. Hér er þó hvorki gert ráð fyrir að námsefni í grunnskólum minnki né að breytingarnar hafi neinn viðbótarkostnað í för með sér.

Eftirfarandi greining er byggð á sama líkani og notað var að framan. Sem fyrr er notagildi heimila talið ráðast af neyslu foreldra, vinnutíma, gæslutíma, neyslu barna í framtíðinni og tíma. Tímabreytan er þó ekki lengur skilgreind sem þau ár sem grunnskólinn nær til heldur hefur hún í raun tvær víddir; lengd skólaársins og fjölda skólaára. Notagildisfallið má því rita sem

$$(13) \quad U = U(x, v, g, y, t)$$

þar sem U táknar notagildi, x neyslu, v vinnutíma, g gæslutíma, y neyslu barna í framtíðinni og t þann tíma sem barn er í skóla á hverju ári og fjölda skólaára.

Vinnutími foreldra er háður lengd skólaársins og hið sama gildir um gæslutíma barna, þ.e. þann tíma sem börn eru í gæslu utan skólatíma. Vinnutíma og gæslutíma má því sem fyrr rita sem fall af skólatíma. Aðrar breytur eru skilgreindar á sama hátt og að framan.

Þá breytingu á þjóðhagslegri velferð sem hlýst af því að lengja skólaárið í grunnskóla en stytta grunnskólann á móti um eitt ár má líkt og áður meta með jöfnu (14):

$$(14) \quad DU = DW - D\tau + DU_V + DU_G + DU_Y + DU_t.$$

DU táknar hér þá þjóðhagslegu velferðarbreytingu sem leiðir af því að lengja skólaárið en fækka þeim árum sem grunnskólinn nær til en merking breytanna hægra megin við samasemmerkið er svipuð og getur að framan. Því gildir eftirfarandi:

DW Breyting á launatekjum foreldra vegna breytinga á ráðstöfunartíma.

$D\tau$ Útgjaldabreyting samfélagsins.

DU_V Breyting á notagildi heimilanna vegna breytts vinnutíma.

DU_G Breyting á notagildi heimilanna vegna breytts barnagæslutíma.

DU_Y Breyting á launatekjum barns í framtíðinni.

DU_t Breyting á notagildi heimilanna vegna þess að börn ljúka grunnskóla ári fyrir.

Þessi atriði hafa mjög svipuð áhrif á velferð heimilanna og rætt var um hér að framan og verður sú umræða ekki endurtekin hér. Þó verður hér bent á nokkra þætti sem eiga sérstaklega við um þessa breytingu á skipulagi skóla.

Breyting á launatekjum foreldra stafar af því að skólaárið er lengt og þar með eykst sá tími sem foreldrar hafa til ráðstöfunar á vinnumarkaði.

Lengra skólaár leiðir til þess að kostnaður við skólalald á ári eykst, en aftur á móti minnkar kostnaður vegna þess að færri nemendur munu að jafnaði stunda nám í hverjum skóla. Að auki má ætla að ýmis kostnaður tengdur sumarfríum unglinga minnki, t.d. kostnaður við vinnuskóla, tómstundanámskeið og annað í þeim dúr. Áhrif lengra skólaárs á umferð – og þar með mengun og álag á umferðar- og samgöngumannvirki – eru óljós en þó má vera að eitthvað dragi úr snúningum foreldra vegna umönnunar barna og þar með notkun farartækja. Þá má búast við að slysatíðni barna minnki vegna þess að þau munu dvelja lengri hluta ársins í skóla eða á skólalóðum en slysatíðni þar er lægri en annars staðar.

Börn eru nokkuð örugg í skólum og því má ætla að lengra skólaár auki velferð foreldra þar sem þeir þurfi ekki að hafa áhyggjur yfir því hvar börn þeirra séu niðurlögin. Þeir ættu því að geta sinnt vinnu sinni betur, sjálfum sér og atvinnurekandanum til hagsbóta.

Lengra skólaár fækkar hugsanlegum samverustundum foreldra og nemenda. Aftur á móti verður líklegra að sumarleyfi foreldra og nemenda falli saman þannig að fjölskyldan gæti eytt meiri tíma saman í sumarfríinu.

Margir foreldrar eiga í miklum vandræðum með að koma yngri börnum sínum í gæslu á sumrin þegar skólarnir loka. Lengra skólaár myndi vitanlega leysa hluta af þessum vanda og þar með hluta af þeim mögulegu samfélagslegu vandamálum sem fylgja því að nemendur hafa ekki nóg fyrir stafni eða eru ekki í umsjá ábyrga aðila á sumrin.

3.3 Stytting framhaldsskólans um eitt ár og lenging skólaársins

Þriðji möguleikinn, sem hér er kannaður til að lengja þann tíma sem einstaklingar eru virkir á vinnumarkaði, er að stytta framhaldsskóla um eitt ár en lengja hvert skólaár. Líkt og fyrr eru áhrif þessara breytinga athuguð með því að skoða notagildisfall, nú út frá notagildisfalli sérhvers einstaklings en ekki notagildisfalli heimilanna.

Notagildisfall einstaklinganna má rita á eftirfarandi hátt:

$$(15) \quad U = U(x, v, t)$$

þar sem x táknar neyslu einstaklingsins, v breytingu á notagildi einstaklingsins vegna lengri starfsævi og t bein áhrif styttingarinnar á notagildi einstaklingsins. Á sama hátt og áður má nota notagildisfallið í (15) til að kanna áhrif breytinga á skólahaldi á velferð þjóðfélagsins, DU , og er það gert í næstu jöfnu:

$$(16) \quad DU = DW - D\tau + DU_v + DU_t.$$

Um aðrar breytur gildir sem fyrr:

DW Breyting á launum einstaklings vegna styttri námstíma og lengri starfsævi.

$D\tau$ Breyting á útgjöldum samfélagsins.

DU_v Breyting á notagildi einstaklingsins vegna lengri starfsævi.

DU_t Bein breyting á notagildi einstaklings.

Líkt og rætt var um hér að framan mun styttri námstími lengja starfsævi einstaklinganna og auka ævitekjur þeirra. Til lengri tíma mun því landsframleiðsla aukast. Til skamms tíma kann hún hins vegar að dragast saman vegna þess að flestir framhaldsskólanemendur vinna á sumrin og lengra skólaár skerðir vinnumöguleika þeirra. Hér er rétt að huga sérstaklega að þeim áhrifum sem lengra skólaár kann að hafa á ferðamennsku, sérstaklega út á landi. Skólar eru víða nýttir sem hótél á sumrin og fjölmargir framhaldsskólanemendur vinna við ferðamennsku í sumarfríu sínu. Lengra skólaár mun því eflaust sums staðar koma hart niður á ferðaþjónustu, þar sem ekki verður hægt að nýta skólana sem hótél meðan á kennslu stendur, auk þess sem menntað vinnuafli gæti skort þann tíma sem skólarnir starfa.

Ef gengið er út frá því að fleira en launin geri vinnuna ánægjulega er trúlegt að velferð einstaklingsins aukist með lengri starfsævi. Ekki er þó víst að allir vilji vinna ári lengur heldur gætu sumir kosið að vinna jafnmörg ár og þeir hefðu gert fyrir styttingu en fara þess í stað fyrir á eftirlaun.

Beinn kostnaður og fórnarkostnaður framhaldsskólanemenda lækkar með fækkun námsára. Framfærslukostnaður vegur þar þungt en þar sem flestir nemendur búa í foreldrahúsum lendir hann einkum á forráðamönnum nemendanna. Færri námsár myndu einkum léttu byrðarnar á þeim foreldrum sem þurfa að senda börn sín til framhaldsnáms í öðrum sveitarfélögum. Þá er ástæða til að ætla að styttri framhaldsskóli muni draga úr brottfalli nemenda úr skóla.

3.4 Samantekt

Breytingar á skipulagi skóla sem miða að því að nemendur ljúki námi fyrir geta haft í för með sér margvísleg áhrif. Þar ber hæst eftirfarandi:

- Ævitekjur nemenda geta aukist vegna þess að starfsævi þeirra lengist.
- Sumartekjur nemenda geta dregist saman vegna þess að sumarfrí styttest.
- Vinnuframboð foreldra getur breyst vegna þess að sumir foreldrar sem áður hafa e.t.v. verið heima með börnum sínum fara að vinna utan heimilis.
- Kostnaður ríkis og sveitarfélaga við rekstur skóla getur aukist.
- Þjóðarframleiðsla getur aukist vegna þess að einstaklingar verða lengur á vinnumarkaði, en dregist saman vegna þess að vinnuframlag nemenda minnkar á sumrin. Þetta getur haft alvarlegar afleiðingar á sumar atvinnugreinar, t.d. ferðamennsku utan höfuðborgarsvæðisins.
- Hagvöxtur getur aukist þegar fyrstu árgangar nemenda sem breytingarnar ná til skila sér á vinnumarkað.
- Breytingar geta átt sér stað á notkun bíla og annarra samgöngutækja sem geta haft áhrif á umferðarþunga, slit umferðarmannvirkja, mengun og slyshættu.
- Notagildi einstaklinga getur breyst, t.d. vegna breytts skólatíma, vinnutíma, barnagæslutíma og lengri starfsævi.

4. Íslenska skólakerfið

Hér á eftir verður fjallað stuttlega um þá þætti íslenska skólakerfisins sem tengjast verkefninu sérstaklega. Markmiðið með þessum kafla er að gefa yfirlit yfir stærð og umfang leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla en minna er fjallað um kennsluefnið sjálft og kennsluhætti.

4.1 Leikskólar

Leikskólar eru fyrsta skólastigið í landinu og ætlaðir börnum undir skólaskylduáldri, þ.e. 5 ára og yngri 1. september. Samkvæmt lögum nr. 78/1994 ber leikskólum, að ósk foreldra, að annast uppeldi og menntun barna á leikskólaaldri undir handleiðslu sérmenntaðs fólks í leikskólauppeldi.

Menntamálaráðuneytið mótar uppeldisstefnu leikskóla og gefur út uppeldisáætlun fyrir leikskóla þar sem kveðið er á um uppeldis- og menntunarhlutverk leikskólans, gildi leiksins og meginstefnu varðandi starfshætti og innra gæðamat. Í aðalnámskrá leikskóla, sem tók gildi 1. júlí 1999 og var sú fyrsta sinnar tegundar á landinu, er umhyggjan fyrir barninu höfð að leiðarljósi. Lögð er áhersla á skapandi starf og leik barnsins og bent á að leikskólafræði séu fremur þroskamiðuð en fagmiðuð, með áherslu á leik barna sem náms- og þroskaleið.

Tafla 4.1 Fjöldi leikskóla í desember 2000 eftir rekstraraðilum.

	Alls	Sveitar- félög	Sjúkra- hús	Aðrir
Landið allt	253	231	2	20
Höfuðborgarsvæðið	128	110	2	16
Reykjavík	84	72	–	12
Utan Reykjavíkur	44	38	2	4
Suðurnes	10	9	–	1
Vesturland	14	14	–	–
Vestfirðir	14	14	–	–
Norðurland vestra	10	10	–	–
Norðurland eystra	32	30	–	2
Austurland	17	17	–	–
Suðurland	28	27	–	1

Heimild: Hagstofa Íslands

Í desember árið 2000 voru 253 leikskólar starfræktir á landinu. Þar af sáu sveitarfélög um rekstur 231, sjúkrahús um rekstur 2 og einkaaðilar um rekstur 20. Um helmingur skólanna, eða 128, var á höfuðborgarsvæðinu.

Tafla 4.2 Fjöldi barna í leikskólum í desember 2000. Lengd viðveru eftir fæðingarári.

Aldur	Alls	4 klst.	5 klst.	6 klst.	7 klst.	8 klst.	9 klst. eða lengur
Yngri en eins árs	11	0	1	6	2	2	0
Eins árs	425	114	39	68	29	125	50
Tveggja ára	2.343	509	270	332	100	650	482
Þriggja ára	3.802	718	437	547	156	1.005	939
Fjögurra ára	4.038	764	447	615	160	1.015	1.037
Fimm ára	3.955	811	442	574	163	996	969
Alls	14.574	2.916	1.636	2.142	610	3.793	3.477

Að auki voru fjögur börn fædd árið 1994 skráð í leikskóla í desember 2000.

Heimild: Hagstofa Íslands

Nær 14.600 börn voru þá í leikskóla, flest á aldrinum 3-5 ára. Nær helmingur barnanna var 8 klukkustundir eða lengur í leikskóla á hverjum degi, um 30% 5-6 klukkustundir á dag og um 20% voru 4 klukkustundir. Lítil munur er eftir aldri á því hversu lengi börn dvöldu á leikskólum á hverjum degi en þó er greinilegt að yngstu börnin voru hlutfallslega fleiri hálfan dag á leikskóla en þau eldri.

Tafla 4.3 Starfsfólk leikskóla í desember 2000 eftir starfshlutfalli.

Starfssvið	Starfshlutfall, %						100	Samtals
	<50	50-<60	60-<70	70-<80	80-<90	90-<100		
Leikskólastjóri (aðallega við stjórnun)	3	5	1	4	10	4	167	194
Leikskólastjóri (aðallega við uppeldi og menntun barna)	2	6	1	9	5	0	40	63
Aðstoðarleikskólastjóri	3	15	8	14	29	12	94	175
Deildarstjóri	3	49	50	75	69	22	211	479
Leikskólakennari eða annar	106	506	242	256	127	44	935	2.216
Leikskólakennari eða annar	7	36	37	30	12	6	34	162
Starfsmaður við matreiðslu	16	55	34	45	21	8	119	298
Starfsmaður við ræstingu	118	64	10	6	5	3	10	216
Annað	11	11	3	3	3	1	12	44
Samtals	269	747	386	442	281	100	1.622	3.847

Að auki eru 234 starfsmenn í tímabundnu leyfi.

Heimild: Hagstofa Íslands

Í desember árið 2000 störfuðu um 3.850 starfsmenn á leikskólum landsins. Þar af voru leikskólastjórar, aðstoðarleikskólastjórar og deildarstjórar rúmlega 900. Stöðugildum á leikskólum hefur fjölgað nokkuð seinustu árin, úr 2.373 árið 1994 í nálega 3.000 árið 2000. Fjöldi leikskólakennara og annarra starfsmanna með uppeldis- menntun hefur rokkað töluvert til milli ára en ófaglærðum starfsmönnum fjölgað nær stöðugt milli ára.

Tafla 4.4 Fjöldi stöðugilda í leikskólum 1994-2000.

	Leikskóla- kennarar	Aðrir m. uppeldis- menntun	Ófag- lærðir	Önnur störf
1994	768	110	1.239	256
1995	803	64	1.335	201
1996	755	134	1.278	291
1997	769	115	1.429	268
1998	788	129	1.588	275
1999	870	102	1.607	292
2000	803	122	1.710	350

Heimild: Hagstofa Íslands

Um þriðjungur leikskóla landsins er opinn allt árið um kring, þar af nær helmingur skóla á höfuðborgarsvæðinu. Helmingur skólanna er opinn í 46-50 vikur á ári en tiltölulega fáir skólar eru opnir skemur en 46 vikur.

Tafla 4.5 Starfstími leikskóla árið 2000 eftir landsvæðum.

	Alls	Starfstími annarra leikskóla í vikum					Ótil- greint*
		Opnir allt árið	50-<52	48-<50	46-<48	30-<46	
Landið allt	253	87	14	60	66	20	6
Höfuðborgarsvæðið	128	61	8	32	20	3	4
Reykjavík	85	51	4	18	8	1	3
Utan Reykjavíkur	43	10	4	14	12	2	1
Suðurnes	10	–	–	–	10	–	–
Vesturland	14	4	–	4	1	4	1
Vestfirðir	14	2	2	2	8	–	–
Norðurland vestra	10	2	–	2	4	2	–
Norðurland eystra	32	13	2	8	4	4	1
Austurland	17	1	–	8	7	1	–
Suðurland	28	4	2	4	12	6	–

* Þar af fimm leikskólar sem tóku til starfa á árinu.

Heimild: Hagstofa Íslands

Þau börn sem ekki komast að á leikskóla eru í vist hjá dagmæðrum en að auki er nokkur hluti barna sem ekki er óskað eftir að dvelji á leikskólum. Árið 2000 voru ríflega 90% allra 5 ára barna í Reykjavík í leikskóla, en nálega 1% var í gæslu hjá dagmæðrum. Rúm 8% barnanna voru utan dagvistar en flest þeirra barna voru í einkareknum grunnskólum. Til samanburðar voru aðeins um 12% 1 árs barna í leikskóla en 45% hjá dagmæðrum. Tæpur helmingur allra árs gamalla barna var ekki í gæslu.

Tafla 4.6 Hlutfall 1-5 ára barna í Reykjavík á leikskólum í desember 2000.

	1 árs	2 ára	3 ára	4 ára	5 ára
Leikskólar borgarinnar	7,7	52,2	87,2	89,4	85,3
Einkareknir leikskólar	4,2	5,2	6,3	5,1	5,5
Dagmæður	44,7	25,4	3,0	1,6	0,9
Utan dagvistar	43,4	17,2	3,5	3,9	8,3
Fjöldi barna alls	1.645	1.665	1.611	1.640	1.610

Heimild: Leikskólar Reykjavíkur

Árið 1999 voru 503 dagmæður skráðar á Íslandi, þar af 221 í Reykjavík. Þá voru 2.552 börn í vist hjá dagmæðrum og voru 1.302 í vist allan daginn. Flest börnin voru yngri en 2 ára eða 2.323, en 229 voru eldri.

Tafla 4.7 Dagvistun barna hjá dagmæðrum árið 1999.

	Fjöldi barna	Börn í heilsdags- vist	Hlutfall af árgangi
0-2 ára	2.323	1.244	18,4
3 ára og eldri	229	58	1,7
Öll börn	2.552	1.302	

Heimild: Hagstofa Íslands

Tölur um fjölda dagmæðra á öllu landinu árið 2000 lágu ekki fyrir í október 2001 en 262 dagmæður voru starfandi í Reykjavík í árslok 2000. Ef gert er ráð fyrir að jafnmargar dagmæður hafi starfað utan Reykjavíkur sem í höfuðborginni má áætla að alls hafi um 530 dagmæður verið skráðar á landinu.¹⁰ Hjá Reykjavíkurborg voru 1.402 börn í vist hjá dagmæðrum í árslok og hér er gert ráð fyrir að um 1.150 börn hafi verið í vist á einkaheimilum annars staðar á landinu þannig að alls hafi um 2.550 börn verið vistuð hjá dagmæðrum árið 2000. Flest börn voru 8 eða 9 klst. í vist á dag en vegið meðaltal dagvistunar barna hjá dagmæðrum í Reykjavík var 7,3 klst. Í töflu 4.8 er gert ráð fyrir að aldursdreifing barna annars staðar á landinu hafi verið sú sama.

¹⁰ Langflestar dagmæður eru skráðar en þó mun eitthvað vera um að óskráðar dagmæður taki börn að sér. Ekki er tekið tillit til þess hér.

Tafla 4.8 Áætluð aldursskipting barna hjá dagmæðrum á Íslandi árið 2000.

Aldur	4 klst. og styttra	5 klst.	6 klst.	7 klst.	8 klst.	9 klst.	Samtals	Barn-gildi
Yngri en eins árs	25	19	44	11	113	67	278	495
Eins árs	122	94	216	53	558	329	1.373	2.441
Tveggja ára	67	51	118	29	304	179	748	1.063
Þriggja ára	7	5	12	3	32	19	78	90
Fjögurra ára	4	3	7	2	18	11	45	40
Fimm ára	2	2	4	1	11	7	27	24
Samtals	227	175	402	98	1.037	611	2.550	4.154

Heimild: Hagstofa Íslands, Leikskólar Reykjavíkur og eigin útreikningar

Bygging og rekstur leikskóla er á kostnað og í umsjón sveitarstjórna og sjá þær um framkvæmd laganna um leikskóla, hver í sínu sveitarfélagi. Sveitarfélögunum er ennfremur skylt að hafa forystu um að tryggja börnum dvöl í góðum leikskóla en þau geta jafnframt heimilað öðrum aðilum að reka leikskóla.

Árið 2000 nam kostnaður sveitarfélaga við rekstur leikskóla samtals um 6.024 milljónum kr., en þar af greiddu foreldrar um 2.352 milljónir kr. Meðalheildarlaun leikskólakennara hjá Reykjavíkurborg voru þá um 158 þúsund kr. á mánuði og líklegt má telja að meðallaun annarra sérfræðinga á leikskólum hafi verið svipuð.¹¹ Föst mánaðarlaun hjá aðstoðarfólki í mötuneytum og starfsfólki við ræstingar voru þá að meðaltali um 118 þúsund kr. og áætla má að laun ófaglærðra starfsmanna á leikskólum hafi verið svipuð.¹² Af þessu má áætla að heildarlaunakostnaður vegna leikskólakennara og annarra sérfræðinga hafi numið um 1.980 milljónum kr. árið 2000 og laun vegna ófaglærðra um 3.260 milljónum kr. Samtals hafa því launagjöld numið um 5.240 milljónum kr. eða sem svarar til um 87% af heildargjöldum vegna leikskóla.

Að auki ráku einkaaðilar 21 skóla árið 2000 og ætla má að kostnaður þeirra hafi verið um 387 milljónir kr.¹³ Þar af hafi launakostnaður numið um 336 milljónum kr. en önnur rekstrargjöld um 50 milljónum kr. Samtals hefur því kostnaður við leikskóla á árinu 2000 numið um 6,4 milljörðum kr. Árið 2000 greiddu foreldrar samtals 2.352

¹¹ Sjá fréttabréf Kjaranefndar opinberra starfsmanna.

¹² Sjá fréttabréf Kjararannsóknarnefndar.

¹³ Hér er gert ráð fyrir að kostnaður á stöðugildi og hlutfall launakostnaðar af heildargjöldum hafi verið svipað hjá einkareknum leikskólum og skólum sem sveitarfélög reka.

milljónir kr. fyrir vistun barna á leikskólum sem sveitarfélög reka eða sem svarar til 170 þúsund kr. fyrir hvert barn. Hér er gert ráð fyrir að foreldrar hafi greitt þriðjungi hærri upphæð fyrir hvert barn á einkadagheimili og því samtals 166 milljónir kr. og að sveitarfélög hafi greitt það sem upp á vantaði til að rekstur einkaheimilanna stæði undir sér eða 221 milljón kr.

Tafla 4.9 Rekstrarkostnaður vegna dagvistunar barna á árinu 2000. Milljónir kr.

	Fjöldi leikskóla/ dagmæðra	Fjöldi barna	Heildar- rekstrar- kostnaður	Launa- kostnaður leikskóla- kennara og sér- fræðinga	Kostnaður við ófaglært starfsfólk	Annar kostnaður	Greiðslur foreldra	Greiðslur frá sveitar- félögum	Kostnaður sveitar- félaga
Leikskólar sveitarfélaga	233	13.838	6.024	1.980	3.260	783	2.352	0	3.672
Einkareknir leikskólar	21	819	387	131	205	50	166	221	221
Samtals	254	14.657	6.411	2.111	3.466	834	2.517		3.893
Dagmæður	530	2.550	931	0	0	931	580	351	351
Samtals		17.207	7.342	2.111	3.466	1.764	3.097	351	4.244

Í Árbók sveitarfélaga 2001 er fjöldi barna á leikskólum sagður vera 14.657 börn, en Hagstofa Íslands taldi 14.574 börn vera á leikskólum landsins í desember árið 2000. Þetta misræmi stafar líklega af því að talning barnanna fór fram á mismunandi tíma. Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga, Hagstofa Íslands, Leikskólar Reykjavíkur og eigin útreikningar

Engin samræmd gjaldskrá er til fyrir dagmæður en ekki mun hafa verið óalgengt að heilsdagsvistun hjá dagmóður hafi kostað um 40 þúsund kr. á mánuði árið 2000 og styttri vistun hlutfallslega minna. Miðað við þetta mun 7,3 klst. vistun, sem var meðallengd vistunar hjá reykvískum dagmæðrum árið 2000, hafa kostað 36.500 kr. árið 2000. Sé ennfremur gert ráð fyrir að börn séu í vist í 10 mánuði fæst að samtals hafi kostað 931 milljón kr. að vista börn hjá dagmæðrum árið 2000. Foreldrar greiða stærstan hluta þessa en sveitarfélög greiða þó víðast hvar vistina niður og er niðurgreiðslan mishá eftir því hvort í hlut eiga einstæðir foreldrar eða nemar annars vegar eða gift hjón eða fólk í sambúð hins vegar. Ef gert er ráð fyrir að helmingur foreldra hafi tilheyrt hvorum hópnum og miðað við að börn hafi að meðaltali verið í vist hjá dagmæðrum í 7,3 klst. fæst að niðurgreiðslur hafa að jafnaði numið tæpum 14 þúsund kr. á barn. Hér er miðað við taxa Reykjavíkurborgar. Tekið skal fram að greiðslur fyrir börn í vist hjá dagmæðrum og niðurgreiðslur eru óháðar aldri barna. Samkvæmt þessu gætu niðurgreiðslur sveitarfélaga því samtals hafa numið 351 milljón kr. og foreldrar því þurft að greiða samtals 580 milljónir kr.

Mikið kapp hefur verið lagt á að byggja upp leikskóla á síðustu árum enda víða biðraðir eftir plássum. Leikskólum sem sveitarfélög reka fjölgaði um sjö milli áronna 1999 og 2000, þar af um tvo í Reykjavík, en fjöldi einkarekinna leikskóla stóð í stað.

Að auki þarf ætíð að huga að viðhaldi og endurbótum á leikskólum landsins. Upplýsingar um heildarkostnað vegna þessa liggja ekki fyrir en í Reykjavík var rúmum 280 milljónum kr. varið í ýmsar framkvæmdir við leikskóla á árinu 2000.

Tafla 4.10 Kostnaður við framkvæmdir við leikskóla í Reykjavík árið 2000. Milljónir kr.

Hamrar	121,8
Bláskógar	36,1
Leikskóli við Háteigsveg	19,2
Hagaborg	18,9
Seljakot	3,7
Barónsborg	20,9
Gæsluvöllur Víkurhverfi	18,0
Sjónarhóll	1,1
Endurbætur leikskólalóða	12,8
Breytingar og endurbætur	27,6
Samtals	280,1

Heimild: Leikskólar Reykjavíkur

Út frá ofangreindum upplýsingum má áætla að kostnaður við dagvistun barna hafi numið um 7.340 milljónum kr. árið 2000. Við þessa fjárhæð má síðan bæta kostnaði vegna yfirstjórnar og byggingar nýrra leikskóla og því er trúlegt að heildarkostnaður við dagvistun hafi verið nálægt 8 milljörðum kr. á árinu 2000.

4.2 Grunnskólar

Fyrstu lög um skólaskyldu á Íslandi, fræðslulögin, voru sett 1907 og náðu til barna frá 10 til 14 ára aldurs. Fjögurra ára skólaskyldan var við lýði til 1936 en var þá lengd í 7 ár og 10 árum síðar var skyldan enn lengd um 1 ár. Árið 1984 var skólaskyldan síðan lengd í 9 ár og árið 1991 í 10 ár og er nú öllum börnum á aldrinum 6-16 ára skylt að sækja grunnskóla. Grunnskólalög heimila þó að nemandi ljúki öllu námi grunnskóla á skemmri tíma en 10 árum þannig að dugmiklir nemendur geta útskrifast úr grunnskóla einu eða jafnvel tveimur árum fyrr en aldur þeirra segir til um.

Menntamálaráðherra setur grunnskólum aðalnámskrá og er í henni kveðið nánar á um uppeldishlutverk skólans og meginstefnu í kennslu og kennsluskipan. Aðalnámskrá grunnskóla skilgreinir og lýsir sameiginlegum námsmarkmiðum sem grunnskólum ber að stefna að og segir til um þann lágmarkstíma sem skólum ber að bjóða nemendum í einstökum námsgreinum og námssviðum. Sveitarfélög og skólar geta ráðstafað frjálst hluta þess lágmarkstíma sem nemendur eiga rétt á og geta auk þess

boðið lengri skólatíma en lögboðið lágmark segir til um. Í 9. og 10. bekk er þetta svigrúm um 30% af þeim tíma sem námskráin tiltekur. Gert er ráð fyrir að í þessum bekkjum fái nemendur tækifæri til að velja milli námsgreina og námssviða.

Í aðalnámskrá skal kveðið á um meginmarkmið náms og kennslu. Tilgreina skal kjarnagreinar og kveða á um uppbyggingu og skipan náms í grunnskóla, svo og hlutfallslega skiptingu tíma milli námssviða og námsgreina. Þá gefur menntamálaráðuneytið út reglugerðir um skólastarf og viðmiðunarstundaskrá um skiptingu tíma á námsgreinar. Grunnskólarnir sjálfir gera aftur á móti skólanámskrá sem er nánari útfærsla á aðalnámskrá og tekur mið af sérstöðu skólans og aðstæðum. Í skólanámskránni er gerð grein fyrir skóladagatali, skólatíma, kennsluskipan, markmiðum og inntaki náms, námsmati, mati á skólastarfi, slysavörnum og félagslífi í skólum. Síðasta aðalnámskrá grunnskóla kom til framkvæmda frá og með skólaárinu 1999-2000 og er ráð fyrir gert að hún verði að fullu komin til framkvæmda eigi síðar en að þremur árum liðnum frá gildistöku.

Skyldunámsgreinar í grunnskólum eru íslenska, stærðfræði, enska, danska (eða annað Norðurlandamál), mynd- og handmennt, náttúrufræði (eðlis-, efna- og líffræði), kristinfræði (siðfræði og trúarbragðafræði), samfélagsgreinar (samfélagsfræði, saga og landafræði), heimilisfræði, tónmennt og skólaþróttir.

Námi í grunnskóla lýkur með samræmdum prófum í íslensku, stærðfræði, ensku og dönsku og eru prófin samin og yfirfarin af Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála. Þá eru samræmd próf í kjarnagreinum lögð fyrir nemendur í 4. og 7. bekk.

Langflestir nemendur halda áfram námi í framhaldsskóla að loknu grunnskólaprófi og því er í aðalnámskrá grunnskóla lögð töluverð áhersla á að nemendur í 9. og 10. bekk nýti sér þá valkosti sem þá bjóðast til að undirbúa sig sem best fyrir frekara nám. Þetta er ekki síst mikilvægt í ljósi þess að til að komast inn á tilteknar brautir í framhaldsskóla þarf stundum að standast ákveðnar lágmarkskröfur um undirbúning. Að auki felur þetta val í sér að nemendur taka meiri ábyrgð á námi sínu.

Á árunum 1974-1991 var ekki óalgengt að grunnskólar í dreifbýli störfuðu í sjö til átta og hálfan mánuð á ári, en grunnskólar í þéttbýli í átta og hálfan til níu mánuði. Í grunnskólalögnum frá 1991 var þessu hins vegar breytt og ákveðið að grunnskólar skyldu starfa í níu mánuði frá tímabilinu 1. september til 31. maí. Í núgildandi lögum eru þó, líkt og í eldri lögum, ákvæði um að menntamálaráðherra geti veitt tímabundna

undanþágu frá þessum ákvæðum með hliðsjón af atvinnuháttum og aðstæðum í einstökum skólahverfum. Þessar undanþágur hafa verið fáar síðustu ár.

Í kjarasamningnum er skólum einnig heimilað að taka upp vetrarleyfi nemenda og sveigjanlegt upphaf og lok skólastarfs með samþykki fræðsluyfirvalda hlutaðeigandi sveitarfélags. Skólastarf skal þó ekki hefjast fyrr en 15. ágúst og ljúka ekki síðar en 15. júní. Í núgildandi kjarasamningum grunnskólakennara, sem undirritaðir voru í janúar 2001 og gilda eiga til 31. mars 2004, felst ákveðin kerfisbreyting sem ætlað er að skapa svigrúm til kjarabreytinga með það að markmiði að gera grunnskólann samkeppnisfæran og kennarastarfið eftirsóknarvert. Skóladögum nemenda er fjölgað úr 170 í 180 og skulu þeir vera á tímabilinu 20. ágúst til 10. júní. Þá er starfsdögum kennara utan starfstíma nemenda fjölgað í 8 en starfsdagar innan starfstíma nemenda eru eftir sem áður 5. Samtals er því gert ráð fyrir að kennarar starfi í 193 daga á ári.

Vinnutími kennara í fullu starfi skal að jafnaði vera 40 klst. á viku og er þá miðað við 45 vinnuvikur á ári. Samtals er því vinnuskylda kennara 1.800 klst. á ári. Til samanburðar vinna almennir launþegar að jafnaði 47 vikur á ári og um 1.880 vinnustundir á ári. Grunnskólakennarar fá því tveimur vikum lengra sumarfrí en flestir aðrir.¹⁴

Vikuleg vinnuskylda kennara á starfstíma skólans, sem er 37 vikur, er 42,86 klst. og vinnuskylda á starfstíma er því samtals 1.586 klst. Að auki er gert ráð fyrir að kennarar verji 150 klst. til endurmenntunar og undirbúnings og 64 klst. til undirbúnings fyrir upphaf og lok starfstíma skóla.

Til vinnuskyldu kennara heyra öll fagleg störf kennara, s.s. kennsla, undirbúningur fyrir kennslu, mat á námsárangri, námsefnisöflun, umsjón með stofu og tækjum, skólanámskrárvinna, gerð kennsluáætlana, gerð einstaklingsnámskráa, innra mat á skólastarfi, foreldrasamstarf, innbyrðis samstarf kennara og samstarf þeirra við aðra sérfræðinga, þátttaka í vinnuteymum og öðru innra starfi skólans. Skólastjóri ráðstafar vinnu kennara til þeirra faglegu starfa og verkefna sem starfsemi grunnskólans kallar á hverju sinni.

Vikulegur kennslutími hvers nemanda skal á skólaárinu 2001-2002 vera 30 kennslustundir í 1.-4. bekk, 35 stundir í 5.-7. bekk og 37 stundir í 8.-10. bekk. Þetta er nokkur fjölgun frá fyrri árum og má til samanburðar nefna að skólaárið 1995-1996

¹⁴ Sumarfrí kennara er þó lengra þar sem þeir vinna hluta frísins af sér með lengri vinnuviku á starfstíma skóla en almennt tíðkast.

sóttu nemendur í 1.-4. bekk 26 kennslustundir á viku, nemendur í 5. bekk 29, nemendur í 6. bekk 31, nemendur í 7. bekk 33 og nemendur í 8.-10. bekk 34 kennslustundir. Skólavika nemenda var aftur á móti mun lengri fyrir rúmum 20 árum og má sem dæmi nefna að árið 1978 sóttu 13 og 14 ára nemendur um og yfir 40 kennslustundir í viku. Þá voru 11, 12 og 15 ára nemendur 37-39 kennslustundir á viku í skóla.


Tafla 4.11 Hámarksfjöldi kennslustunda samkvæmt viðmiðunarstundaskrár 1960-2001.

	6 ára	7 ára	8 ára	9 ára	10 ára	11 ára	12 ára	13 ára	14 ára	15 ára
1960		20	22	25	30	32	34	45	47	
1971		21	23	25	32	33	36	39	42	
1972		22	23	25	32	34	36	39	40	
1973		22	23	25	32	34	36	39	39	
1974		21	23	25	32	33	36	38	38	
1975		21	22	26	32	34	36	38	38	38
1976		21	22	26	32	34	36	38	38	38
1977		21	22	27	32	34	36	38	38	38
1978		23	23	29	34	37	39	40	41	38
1979		23	23	27	30	33	35	36	36	36
1984		23	23	27	30	33	35	36	36	36
1989		22	22	26	29	32	34	35	35	35
1990	23	23	23	26	29	32	34	35	35	35
1991	24	24	24	27	29	32	34	35	35	35
1992	24	24	24	26	28	30	32	33	33	33
1994	25	25	25	26	28	30	32	34	34	34
1995	26	27	27	27	30	32	34	35	35	35
1996	27	27	27	27	30	32	34	35	35	35
1997	28	28	28	28	31	32	34	35	35	35
1998	29	29	29	29	32	32	34	35	35	35
1999	30	30	30	30	32	32	35	35	35	35
2000	30	30	30	30	33	33	35	36	36	36
2001	30	30	30	30	35	35	35	37	37	37

Heimild: Menntamálaráðuneytið

Haustið 2000 voru ríflega 43.600 nemendur skráðir í grunnskóla landsins sem þá voru 190 talsins. Það voru nokkru fleiri nemendur en stundað höfðu nám í grunnskólum næstu ár á undan, en fjöldi nemenda hefur sveiflast á milli 41 þúsund og 42,5 þúsund frá 1980. Tekið skal fram að nemendur forskóladeilda eru taldir með nemendum í grunnskólum árin 1980-1989 en þá voru forskóladeildir innlimaðar í grunnskólann. Langflestir nemendur stunda nám í ríkisskólum en haustið 2000 voru 550 nemendur í einkareknum grunnskólum.

Mynd 4.1 Fjöldi nemenda í grunnskólum árin 1980-2000.



Heimild: Menntamálaráðuneytið, Hagstofa Íslands

Flestir nemendur voru í 5. bekk grunnskólans haustið 2000, eða um 4.750, sem svarar til tæpra 11% af heildarfjölda nemenda. Fæstir voru nemendur í 8. og 9. bekk, um 3.800, eða rétt um 9% af heildarfjöldanum.

Tafla 4.12 Fjöldi nemenda í grunnskólanámi í október 2000 eftir landsvæðum og bekkjum.

	Bekkir										Alls
	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	
Reykjavík	1.613	1.653	1.634	1.562	1.664	1.532	1.527	1.430	1.336	1.284	15.235
Höfuðborgarsvæðið utan Rvk.	1.099	1.127	1.074	1.055	1.167	1.078	1.136	982	859	898	10.475
Suðurnes	295	305	304	269	265	288	294	290	217	233	2.760
Vesturland	219	264	264	247	266	231	262	237	234	237	2.461
Vestfirðir	133	132	144	110	140	131	141	134	125	150	1.340
Norðurland vestra	136	139	147	144	163	148	158	155	133	149	1.472
Norðurland eystra	426	394	430	486	520	427	442	410	406	382	4.323
Austurland	158	189	189	211	182	219	227	171	169	187	1.902
Suðurland	356	380	355	376	387	390	382	349	357	344	3.676
Landið allt	4.435	4.583	4.541	4.460	4.754	4.444	4.569	4.158	3.836	3.864	43.644

Skýringar: Nemendum sem ekki er raðað í bekkir af skólum eru hér flokkaðir í bekkir eftir aldri.
Heimild: Hagstofa Íslands

Haustið 2000 voru 5.447 stöðugildi skráð við grunnskóla landsins. Þar af voru stöðugildi kennara með kennsluréttindi 3.218 og stöðugildi kennara án réttinda 634 en að auki voru 1.596 stöðugildi í öðrum störfum.

Með lögunum frá 1995 var allur rekstur grunnskóla færður frá ríki til sveitarfélaga og tók breytingin gildi árið eftir. Sveitarstjórnir bera því nú ábyrgð á öllum rekstri leikskóla og grunnskóla, sem og kostnaði við byggingu, rekstur og viðhald skólamannvirkja.

Tafla 4.13 Kostnaður við rekstur grunnskóla árið 2000. Milljónir kr.

	Rekstrar- gjöld, brúttó	Laun kennara með réttindi	Laun kennara án réttinda	Laun annars starfs- fólks	Launa- kostnaður alls	Önnur gjöld	Fjöldi nemenda
Reykjavík	5.333	3.157	255	951	4.363	970	14.694
Reykjanes	4.230	2.393	239	867	3.499	731	13.211
Vesturland	779	394	78	140	612	167	2.030
Vestfirðir	585	238	98	87	423	162	1.340
Norðurland vestra	648	239	116	109	464	184	1.375
Norðurland eystra	1.540	708	209	318	1.235	305	4.075
Austurland	839	362	135	137	634	205	1.902
Suðurland	1.401	689	100	234	1.023	377	3.385
Sameiginlegir skólar	540	248	57	133	437	103	1.067
Samtals	15.894	8.428	1.287	2.975	12.690	3.204	43.079
Kostnaður á nemanda, þúsund kr.	369	196	30	69	295	74	

Í Árbók sveitarfélaga 2001 er fjöldi nemenda í grunnskólum árið 2000 sagður vera 43.079, en Hagstofa Íslands taldi 43.644 nemendur vera í grunnskólum landsins í október árið 2000. Munurinn stafar líklega af því að nemendur voru ekki taldir á sama tíma.
Heimild: Árbók sveitarfélaga 2001 og eigin útreikningar

Árið 2000 námu gjöld sveitarfélaga vegna reksturs grunnskóla sem reknir voru af einu sveitarfélagi 15,3 milljörðum og þar af má áætla að launagjöld hafi numið um 12,7 milljörðum kr.¹⁵ Kostnaður við rekstur grunnskóla sem mörg sveitarfélög reka saman er áætlaður um 540 milljónir kr. Samtals er því gert ráð fyrir að kostnaður sveitarfélaga við rekstur grunnskóla hafi numið um 15,9 milljörðum kr. Mjög misjafnt er þó hvernig sveitarfélög færa kostnað vegna grunnskóla og því gæti þessi kostnaður verið hærri. Þá vantar í þessa tölu kostnað við yfirstjórn fræðslumála sem í Reykjavík nam 133 milljónum kr. árið 2000. Á móti þessum kostnaði koma tekjur sem skólar hafa einkum af leigu íþróttahúsnæðis og sölu máltíða. Á stærri stöðum koma einnig til ýmsir smærri liðir.

Nemendur í grunnskólum voru ríflega 43 þúsund árið 2000 og því lætur nærri að kostnaður á nemanda hafi numið um 370 þúsund kr. það árið.

¹⁵ Launagjöld eru áætluð út frá meðalheildarlaunum grunnskólakennara hjá Reykjavíkurborg. Laun kennara í skólum utan höfuðborgarsvæðisins eru áætluð 10% lægri en laun kennara í Reykjavík og nágrenni. Laun kennara án réttinda eru áætluð 20% lægri en laun kennara og laun réttindalausra kennara utan höfuðborgarsvæðisins áætluð 10% lægri en laun réttindalausra kennara á höfuðborgarsvæðinu.

Í töflu 4.14 eru tekin saman heildargjöld í Reykjavík vegna fræðslumála en af töflunni má ráða að þrír liðir vega langþyngst í rekstri grunnskóla; almennur rekstur skólanna, skóladaqvist og skólaakstur.

Tafla 4.14 Kostnaður við grunnskóla í Reykjavík árið 2000. Milljónir kr.

	Laun	Önnur gjöld	Samtals	Tekjur	Nettó gjöld
Yfirstjórn	100	33	133	5	128
Grunnskólar	4.317	638	4.954	579	4.376
Þar af skóladaqheimili	310	37	347	166	181
Sameiginleg þjónusta grunnskóla	140	872	1.012	62	950
Tónlistarskólar	50	395	446	4	442
Sérskólar	347	32	379	7	371
Námsflokkar Reykjavíkur	81	23	104	35	68
Styrkir til einkaskóla	28	48	76	0	76
Skólaakstur	0	73	73	0	73
Sálfræðiþjónusta skóla	34	2	36	0	36
Uppgjör sveitarfélaga vegna skólakostnaðar	0	30	30	139	-109
Símenntun	5	22	27	5	22
Nýmæli í skólafarfi	9	7	16	0	16
Forfallakennsla	16	0	16	0	16
Sérkennsla	13	2	14	0	14
Skólasafnamiðstöð	11	3	14	0	14
Fjölqun nemenda	7	4	12	0	12
Styrkir til fræðslumála	0	11	11	0	11
Þróunarsjóður	0	10	10	2	8
Nýbúakennsla	7	3	10	5	5
Íslenska Menntanetið	0	9	9	0	9
Kennsla í norsku og sænsku	6	0	7	1	6
Listamenn í skólum, Menningarárið 2000	0	6	6	7	-1
Listkynning í skólum	1	0	1	0	1
Kostnaður vegna meiðsla skólabarna	0	0	0	0	0
Samtals kostnaður vegna skólamála	5.173	2.221	7.394	850	6.544

Heimild: Fræðslumiðstöð Reykjavíkur

Gjöld ríkissjóðs vegna reksturs grunnskóla námu um 550 milljónum kr. og vegur þar Námsgagnastofnun langhæst en kostnaður við hana nam 430 milljónum kr. Á móti þessum gjöldum ríkissjóðs komu sértekjur að fjárhæð 120 milljónir kr. sem að stærstum hluta komu fyrir sölu námsefnis hjá Námsgagnastofnun. Framlög úr ríkissjóði til grunnskóla námu því rúmum 430 milljónum kr.

Annan kostnað vegna grunnskóla má rekja til yfirstjórnar og ýmissa smærri liða.

Tafla 4.15 Kostnaður við rekstur grunnskóla árið 2000. Milljónir kr.

	Launa- kostnaður	Annar kostnaður	Samtals
Kostnaður ríkissjóðs:			
Framhaldsskólinn Skógum	2	14	16
Fasteignir héraðsskóla	5	11	16
Grunnskólar, almennt	12	82	94
Námsgagnastofnun	96	336	431
Samtals framlög	115	442	557
Kostnaður sveitarfélaga:			
Rekstur grunnskóla	12.690	3.204	15.894
Samtals	12.805	3.646	16.451

Heimild: Ríkisbókhald, Árbók sveitarfélaga 2001 og eigin útreikningar

Haustið 2000 voru 164 af 190 grunnskólum landsins einsetnir og aðrir 17 skólar einsetnir að hluta en með því er átt við að a.m.k. þrjár af hverjum fjórum bekkjardeildum hafi getað byrjað skóladaginn á sama tíma. Þeir skólar þar sem færri bekkjardeildir geta byrjað skóladaginn á sama tíma eru sagðir vera tvísetnir og haustið 2000 var þannig farið um 9 skóla. Fjórir þeirra voru í Reykjavík en stefnt er að því að á næstu árum verði allir grunnskólar í höfuðborginni einsetnir. Á Norðurlandi eystra og Austurlandi voru hins vegar allir skólar einsetnir. Í nágildandi lögum er gert ráð fyrir að allir grunnskólar verði einsetnir en ráðherra er heimilt að veita sveitarfélögum, sem þess óska, frest til haustins 2004 til að hrinda einsetningunni í framkvæmd.

Tafla 4.16 Einsetning grunnskóla eftir landsvæðum í október 2000.

	Alls	Einsetnir að		
		Einsetnir	hluta	Tvísetnir
Reykjavík	42	35	3	4
Annað höfuðborgarsvæði	24	19	4	1
Suðurnes	8	5	2	1
Vesturland	15	12	2	1
Vestfirðir	13	12	1	–
Norðurland vestra	12	11	1	–
Norðurland eystra	28	28	–	–
Austurland	22	20	–	2
Suðurland	26	22	4	–
Allt landið	190	164	17	9

Heimild: Hagstofa Íslands

Skilgreiningar: Einsetinn: Allar bekkjardeildir skólans geta byrjað skóladaginn á sama tíma. Einsetinn að hluta: A.m.k. 3/4 hluti bekkjardeilda skólans getur byrjað skóladaginn á sama tíma. Tvísetinn: Minna en 3/4 hluti bekkjardeilda getur byrjað skóladaginn á sama tíma.

Í Reykjavík voru haustið 2000 starfræktir 42 grunnskólar. Þar af voru 5 einkaskólar en Reykjavíkurborg sá um rekstur 32 almennra grunnskóla og 5 sérskóla. Heildarflatarmál almennra grunnskóla Reykjavíkur var þá nær 153 þúsund fermetrar og hafði aukist um ríflega þrjú þúsund fermetra frá fyrra ári.¹⁶ Færanlegar kennslustofur voru 93 og höfðu engar slíkar verið byggðar á árinu en 6 stofur fluttar á milli skóla. Gert er ráð fyrir að haustið 2002 losni margar færanlegu stofanna sem eru í notkun en að nýbyggingar verði teknar í notkun í þeirra stað. Áætlað er að kostnaður Reykjavíkurborgar vegna nýbygginga, endurbóta og viðbygginga við eldri skóla vegna einsetningar verði á bilinu 1-1,5 milljarðar kr. á næstu árum og heildarkostnaður við einsetningu grunnskóla á öllu landinu gæti því numið 3-4 milljörðum kr.


4.3 Framhaldsskólar

Þeir skólar sem taka við af grunnskóla eru einu nafni nefndir framhaldsskólar þótt skólarnir séu afar ólíkir. Þær breytingar sem orðið hafa á þessu skólastigi á öldinni eru einkum af þrennum toga.¹⁷ Í fyrsta lagi hefja börn seinna en áður nám í framhaldsskóla. Áður lauk barnaskóla við 14 ára aldur en nú eru skil grunnskóla og framhaldsskóla við 16 ára aldur. Hluti þeirrar menntunar sem áður tilheyrði framhaldsskóla tilheyrir nú grunnskóla. Í öðru lagi hefur stúdentsprófið orðið alls ráðandi og langflestir nemendur á framhaldsskólastigi stunda nú nám á bóknámsbrautum sem lýkur með stúdentsprófi. Í þriðja lagi hafa margir ólíkir og sjálfstæðir skólar verið sameinaðir undir einum hatti. Í sumum þessara skóla fór fram almenn fræðsla, þ.e. í alþýðuskólum, héraðsskólum og lýðskólum, í menntaskólum nám til stúdentsprófs og í öðrum tiltekin starfsmenntun, t.d. í iðnskólum og stýrimannaskólum. Nú er aftur á móti runnin upp öld fjölbrautaskólanna þar sem oft á tíðum má finna bæði bók- og starfsnámsbrautir. Margir gömlu starfsmenntunarskólanna hafa eigi að síður haldið velli. Þótt hluti af starfsmenntun í sumum greinum fari enn fram á vinnustað, svo sem bifvélavirkjun, hárgreiðslu og húsasmíði, hefur starfsmenntun færst í auknum mæli inn í framhaldsskólana. Þá hefur menntun á sumum sviðum færst af framhaldsskólastigi á háskólastig og má nefna sem dæmi kennaranám, nám í hjúkrunarfræði, sjúkraþjálfun og listum, fóstrunám, og viðskipta- og verslunarnám.

¹⁶ Sjá sundurliðun í töflu A2 í viðauka.

¹⁷ Jón Torfi Jónasson: Þróun íslenska skólakerfisins.

Mynd 4.2 Fjöldi brautskráðra stúdenta skólaárin 1984/85-1998/99.



Heimild: Hagstofa Íslands

Í núgildandi lögum um framhaldsskóla er námsbrautum skipt í fernt; starfsnámsbrautir, bóknámsbrautir, listnámsbrautir og almenna námsbraut. Á starfsnámsbrautunum fer fram nám í löggiltum iðngreinum og annað starfsnám og skulu nemendur eiga þess kost að geta síðan haldið áfram námi á háskólastigi. Starfsnám fer annað hvort fram bæði í skóla og á vinnustað eða eingöngu í skóla. Námið er því bæði bóklegt og verklegt. Bóknámsbrautir eru þrjár; tungumálbraut, félagsfræðabraut og náttúrufræðabraut og veita þær undirbúning að frekara námi á háskólastigi. Listnámsbrautir veita undirbúning að frekara námi í listgreinum í sérskólum eða í skólum á háskólastigi. Loks er almenn námsbraut ætluð nemendum sem ekki hafa gert upp hug sinn varðandi áframhaldandi nám og nemendum sem uppfylla ekki skilyrði til inngöngu á lengri námsbrautir framhaldsskólans. Nám á brautinni getur veitt undirbúning fyrir nám á bók-, list- eða starfsnámsbrautum og getur jafnframt verið hluti af því.

Árið 2000 voru ríflega 19.900 nemendur skráðir í framhaldsskóla landsins. Flestir voru skráðir í fjölbrautaskóla, eða tæplega 14.300, um 5.150 stunduðu nám í menntaskólum, um 350 í ýmsum sérskólum og 130 í tónlistarskólum (sjá nánar töflur A3 og A4 í viðauka). Nemendur í dagskóla voru 16.800, nærri 2.500 sóttu kvöldskóla, um 500 voru í fjarnámi og rúmlega 100 stunduðu nám utanskóla. Fjölbrautaskólinn í Breiðholti var fjölmennasti skóli landsins með um 2.150 nemendur og nálega 2.000 nemendur voru í Iðnskólanum í Reykjavík, en Menntaskólinn við Hamrahlíð var fjölmennasti menntaskólinn með ríflega 1.450 nemendur.

Tafla 4.17 Hlutfallsleg skipting nemenda í framhaldsskólum eftir námsbrautum árið 1999.
Hlutfallstölur.

Námsbraut	16 ára og		20-24	25-29	30 ára	20 ára og	25 ára og
	yngri	17-19 ára					
Almennar brautir	63,2	22,6	5,1	3,4	5,8	14,3	9,1
Málabrautir	9,6	73,3	15,9	0,6	0,5	17,1	1,2
Listabrautir	12,4	36,9	31,4	7,2	12,1	50,7	19,4
Uppeldis- og íþróttabrautir	14,1	56,9	24,5	1,9	2,6	29,0	4,5
Félagsfræðabrautir	12,4	63,7	20,6	1,5	1,9	24,0	3,4
Viðskipta- og hagfræðabrautir	22,2	60,3	13,5	1,2	2,9	17,5	4,0
Raungreinabrautir	13,3	75,8	9,5	0,7	0,8	11,0	1,5
Iðn- og tæknibrautir	10,4	37,5	29,8	12,1	10,2	52,1	22,3
Búsýslubrautir, matvælabrautir, þjónustuiðnir	8,1	25,2	40,6	14,4	11,7	66,7	26,1
Heilsabrautir	4,9	29,0	26,6	12,7	26,8	66,1	39,5
Allar brautir	21,5	50,2	18,2	4,6	5,4	28,3	10,0

Heimild: Hagstofa Íslands

Árið 1999 var um helmingur nemenda á framhaldsskólastigi á aldrinum 17-19 ára og rúm 20% voru 16 ára og yngri. Nemendur á aldrinum 20-24 ára voru 18% og 10% nemenda voru 25 ára og eldri. Aldursdreifing nemenda er þó nokkuð misjöfn eftir námsbrautum. Þannig eru 85% nemenda á almennum brautum á aldrinum 16-19 ára en tekið skal fram að nemendur á almennum brautum velja sér sérsvið á síðari stigum framhaldsskóla. Nemendur á heilsubrautum hafa hæstan meðalaldur en fjórðungur þeirra er 30 ára eða eldri. Tveir þriðju hlutar nema á heilsubrautum, búsýslu- og matvælabrautum og í þjónustuiðnum eru tvítugir eða eldri og um helmingur nema á iðn- og tæknibrautum og listabrautum er á sama aldri.

Tafla 4.18 Hlutfallsleg skólasókn árganga 16-29 ára haustið 1999.

	Allir skólar			Dagskólar			Allir skólar			Dagskólar		
	Alls	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur
16 ára	89	87	91	89	87	91	89	87	91	89	87	91
17 ára	76	73	80	76	72	79	77	74	80	77	74	79
18 ára	68	64	73	67	63	72	67	63	72	66	62	71
19 ára	63	59	67	61	57	65	64	59	68	62	58	66
20 ára	48	49	48	45	46	43	48	49	47	45	47	43
21 árs	49	48	49	44	44	44	45	44	46	41	39	42
22 ára	46	44	48	41	40	43	42	40	44	38	37	40
23 ára	41	38	45	38	34	41	41	39	43	37	36	39
24 ára	38	35	40	34	32	36	36	34	38	32	31	34
25 ára	32	31	33	28	28	29	30	29	30	26	26	26
26 ára	26	25	27	23	21	24	25	24	26	22	21	23
27 ára	21	20	22	18	17	19	19	18	21	17	15	18
28 ára	16	13	20	13	10	17	16	16	17	14	14	14
29 ára	14	14	15	12	11	12	13	11	15	11	9	12

Heimild: Hagstofa Íslands

Nálega 90% af öllum 16 ára unglingum stunduðu skóla haustið 1999 og var þetta hlutfall heldur hærra fyrir stúlkur en piltar. Þrír af hverjum fjórum 17 ára unglingum voru einnig í skóla, en einungis um helmingur tvítugra ungmenna. Fleiri stúlkur

stunda skóla á aldrinum 16-19 ára, en hlutföll kynjanna eru svipuð við 20-21 árs aldur. Stúlkur eru áhugasamari um skólanám þegar kemur fram yfir 21 árs aldurinn. Í febrúar 1999 unnu ríflega 2.000 manns í framhaldsskólum á landinu, þar af nær 1.400 í iðn- og fjölbrautaskólum og um 500 í menntaskólum. Um 150 manns unnu í ýmsum sérskólum. Langflest starfsfólkið fékkst við kennslu eða um 1.500 manns. Þar af voru kennarar um 1.080, stjórnendur á kennslusviði nálega 380 og skólameistarar og aðstoðarskólameistarar voru 65.

Tafla 4.19 Starfsfólk í skólum á framhaldsskólastigi í febrúar 1999.

	Starfsfólk			Stöðugildi Alls	Starfsfólk við kennslu			Stöðugildi Alls
	Alls	Karlar	Konur		Alls	Karlar	Konur	
Alls	2.037	1.009	1.028	1.692	1.516	869	647	1.297
Tegund skóla								
Iðn- og fjölbrautaskólar	1.384	701	683	1.159	1.027	611	416	896
Menntaskólar	499	216	283	422	391	192	199	336
Sérskólar aðallega á framhaldsskólastigi	154	92	62	110	98	66	32	65
Starfsheiti								
Skólameistarar	38	30	8	37	15	12	3	15
Aðstoðarskólameistarar	27	24	3	27	22	20	2	22
Stjórnendur á kennslusviði	377	217	160	362	369	214	155	354
Framhaldsskólakennarar	1.074	600	474	874	1.057	595	462	859
Sérfræðingar og sérhæfðir starfsmenn	31	20	11	22	15	12	3	12
Ráðgjafar og starfsfólk á bókasafni	88	18	70	73	24	12	12	21
Skrifstofu- og tölvufólk	114	19	95	96	8	1	7	8
Starfsfólk við rekstur húsnæðis	282	76	206	197	6	3	3	6
Annað	6	5	1	4	-	-	-	-

Heimild: Hagstofa Íslands

Árlegur starfstími nemenda í framhaldsskólum skal ekki vera styttri en 9 mánuðir á tímabilinu 22. ágúst til 31. maí. Í kjarasamningi kennara er kveðið á um að kennslu- og prófdagar skuli eigi vera færri en 175 á ári, þar af kennsludagar ekki færri en 145. Utan þessara 9 mánaða hafa kennarar 4 daga almenna vinnuskyldu til undirbúnings og frágangs, aðliggjandi starfstíma nemenda. Þá skulu kennarar hafa 80 klukkustundir utan starfstíma sem ætlaðar eru til endurmenntunar eða undirbúnings eftir atvikum. Kennsludagar í framhaldsskólum – öðrum en tónlistarskólum – voru að meðaltali 143,5 dagar á skólaárinu 1999/2000 (sjá nánar í töflu A6 í viðauka), auk þess sem 28 dögum var að meðaltali varið í próf. Árlegir vinnudagar kennara voru 179,5 að meðaltali, þar af 173 á starfstíma.

Ríkissjóður greiðir lögum samkvæmt rekstrarkostnað framhaldsskóla og viðhald húsa og tækja en hver skóli er sjálfstæð rekstrareining og hefur sérstaka fjárveitingu á fjárlögum. Kennslukostnaður skóla er metinn með reiknilíkani og er þar tekið tillit til fjölda nemenda, lengdar og tegundar náms, fjölda kennslustunda á viku samkvæmt

aðalnámskrá, kostnaðar sem leiðir af kjarasamningum og annars sem kann að skipta máli. Meiriháttar viðhald framhaldsskóla í eigu ríkissjóðs skal aftur á móti greitt af sérstakri fjárveitingu. Ríki eða sveitarfélög geta haft frumkvæði að stofnun nýs framhaldsskóla en skóli verður þó eigi stofnaður nema með samþykki Alþingis. Þó geta einkaaðilar stofnað og rekið skóla á framhaldsstigi. Ríkissjóður greiðir 60% af kostnaði við byggingu skóla, þ.m.t. búnað og heimavist þar sem hennar er nauðsyn, en sveitarfélag greiðir 40%. Ákveði Alþingi aftur á móti að stofna framhaldsskóla án aðildar sveitarfélaga skal allur stofnkostnaður greiddur úr ríkissjóði.

Árið 2000 námu heildargjöld vegna framhaldsskóla samtals 7,4 milljörðum kr., en sértekjur tæpum 570 milljónum kr. Framlög ríkissjóðs til framhaldsskóla námu því um 6.850 milljónum kr., framlög vegna fjölbrautaskóla 4,2 milljörðum kr., 1,6 milljarðar kr. runnu til menntaskóla og nálega 200 milljónir kr. til sérskóla (sjá nánar töflu A5 í viðauka). Aðrir liðir tengdir framhaldsskólum samanstanda af 5 liðum; fasteignum framhaldsskóla, sameignum skólanna á Laugarvatni, stofnkostnaði framhaldsskóla, framhaldsskólum almennt (orlof kennara, forfallakennsla, sérkennsla, nýjungar í skólustarfi o.fl.) og viðgerðum á Sjómannaskólahúsinu.

Tafla 4.20 Framlög úr ríkissjóði til framhaldsskóla árið 2000. Milljónir kr.

	Launa- gjöld	Önnur gjöld	Heildar- gjöld	Sértekjur	Framlag úr ríkissjóði
Fjölbrautaskólar	3.502	991	4.493	293	4.201
Menntaskólar	1.344	328	1.672	65	1.607
Sérskólar	130	91	221	25	196
Framhaldsskólar samtals	4.976	1.410	6.386	383	6.003
Aðrir liðir tengdir framhaldsskólum	85	951	1.035	185	851
Framlög til framhaldsskóla samtals	5.061	2.360	7.421	567	6.854

Heimild: Ríkisbókhald

Framlag ríkissjóðs til hvers framhaldsskóla byggir, eins og fyrr er getið, á áætlun um nám og nemendaígildi, en nemendaígildi er mælikvarði á hversu mikið nám nemendur stunda við skólann á einni önn og samsvarar ígildið 17,5 námseiningum. Á vegum menntamálaráðuneytis hefur einnig verið skilgreind vísitala námsframboðs, sem tekur gildið 1 í hreinu bóknámi en gildið 2 í hreinu verknámi. Þar sem ekkert nám er í raun hreint bók- eða verknám er vísitalan á milli 1 og 2. Í áætlunum

menntamálaráðuneytis um nauðsynlegar framkvæmdir vegna framhaldsskóla á næstu árum er miðað við að í hreinum bóknámsskóla þurfi að lágmarki átta fermetra á hvern nemanda. Með því að margfalda vísitölu námsframboðs í hverjum skóla með 8 má því fá mat á lágmarkspörf hvers skóla á húsnæði fyrir hvern nemanda.

Tafla 4.21 Nemendaígildi, vísitala námsframboðs, fermetrafjöldi og heildargjöld í framhaldsskólum árið 2002.

	Nemenda- ígildi 2001	Nemenda- ígildi 2002	Vísitala náms- framboðs	Fermetrar kennslu- húsnæðis	Fermetrar á nemenda- ígildi	Lágmarks- fermetra- fjöldi á nemenda- ígildi	Heildar- gjöld, milljónir kr.	Pús. kr. á nemanda
Borgarholtsskóli	583	695	1,35	10,5	18,0	10,8	390,7	562
Fjölbautaskóli Norðurlands vestra	385	352	1,16	4,25	11,0	9,28	177,4	504
Fjölbautaskóli Suðurlands	706	693	1,18	7,531	10,7	9,44	343,0	495
Fjölbautaskóli Suðurnesja	621	606	1,18	5,969	9,6	9,44	287,5	474
Fjölbautaskóli Vesturlands	525	536	1,22	6,686	12,7	9,76	273,4	510
Fjölbautaskólinn í Breiðholti	1.131	1.028	1,23	10,45	9,2	9,84	518,0	504
Fjölbautaskólinn í Garðabæ	512	489	1,07	5,411	10,6	8,56	224,1	458
Fjölbautaskólinn Ármúla	657	658	1,14	4,325	6,6	9,12	294,5	448
Flensborgarskóli	501	512	1,08	6,512	13,0	8,64	245,4	479
Framhaldsskólinn á Húsavík	136	120	1,08	1,7	12,5	8,64	75,0	625
Framhaldsskólinn á Laugum	69	95	1,05	3,5	50,7	8,4	69,9	736
Framhaldssk. í A-Skaftafellssýslu	78	63	1,15	903	11,6	9,2	47,6	756
Framhaldssk. í Vestmannaeyjum	198	201	1,14	3,172	16,0	9,12	117,3	584
Iðnskólinn í Hafnarfirði	372	393	1,59	4,45	12,0	12,72	208,6	531
Iðnskólinn í Reykjavík	1.322	1.296	1,56	14,575	11,0	12,48	802,4	619
Menntaskólinn á Egilsstöðum	232	264	1,08	2,57	11,1	8,64	128,9	488
Menntaskólinn á Ísafirði	227	236	1,21	3,915	17,2	9,68	133,6	566
Menntaskólinn í Kópavogi	864	874	1,17	9,266	10,7	9,36	417,8	478
Verkmenntaskóli Austurlands	122	132	1,31	3,495	28,6	10,48	98,8	748
Verkmenntaskólinn á Akureyri	905	990	1,26	11,328	12,5	10,08	510,5	516
Kvennaskólinn í Reykjavík	513	501	1,07	2,75	5,4	8,56	218,0	435
Menntaskólinn á Laugarvatni	130	130	1,13	2,595	20,0	9,04	86,0	662
Menntaskólinn á Akureyri	561	600	1,05	7,334	13,1	8,4	276,8	461
Menntaskólinn í Reykjavík	750	750	1,06	5,73	7,6	8,48	316,0	421
Menntaskólinn við Hamrahlíð	924	858	1,06	7,194	7,8	8,48	375,2	437
Menntaskólinn við Sund	701	672	1,07	6,59	9,4	8,56	291,3	433
Verslunarskóli Íslands	1,05	1,06	1,07	8,1	7,7	8,56	409,2	386
Hússtjórnarskólinn Hallormsstað	24	24	1,30	840	35,0	10,4	15,0	625
Hússtjórnarskólinn í Reykjavík	24	24	1,30	801	33,4	10,4	12,4	517
Stýrimannaskólinn í Reykjavík	80	77	1,13	2,015	25,2	9,04	56,6	735
Vélskóli Íslands	150	153	1,41	4,72	31,5	11,28	121,4	793
Samtals	15,053	15,082	1,20	169,177	11,2	9,6	7.542,3	501

Heimild: Fjárlög ársins 2002

Í töflu 4.21 eru borin saman nemendaígildi flestra skóla á framhaldsstigi, vísitala námsframboðs þeirra, stærð kennsluhúsnæðis í fermetrum, fermetrar á hvern nemanda og lágmarksfermetrafjöldi skv. ofangreindu mati ráðuneytisins. Í ljós kemur að í fjölbautaskólum fullnægir stærð húsnæðis yfirleitt vel þeim lágmarkskröfum

sem gerðar eru. Þó er húsnæði á hvern nemanda neðan við lágmark í Fjölbrautaskólanum í Breiðholti, Fjölbrautaskólanum Ármúla og Iðnskólunum í Hafnarfirði og Reykjavík. Í menntaskólunum er húsnæði yfirleitt heldur minna en lágmarkið segir til um, en ástandið er aftur á móti mun betra í sérskólunum. Af þessu má ráða að á næstu árum verður töluverð þörf fyrir nýjar skólabyggingar og jafnvel nýja skóla. Að auki er reiknað með að fjöldi nemenda í framhaldsskólum muni aukast á árunum eftir 2003 og að fjölgunin verði mest á höfuðborgarsvæðinu.

Árið 1999 voru rúmlega 22.200 Íslendingar á aldrinum 16-20 ára, en árið 2001 er gert ráð fyrir að þeir verði um 21.500. Samkvæmt mannfjöldaspá Hagfræðistofnunar er gert ráð fyrir að Íslendingum í þessum aldurshópi fækki enn á næstu árum og að þeir verði orðnir um þúsund færri árið 2004. Þeim fjölgi síðan aftur fram til 2006 en fækki þá á ný og verði orðnir um 19.750 árið 2010 (sjá mynd 7.3 í kafla 7.3.3). Þessi spá gerir ekki ráð fyrir að fjölgun í þessum aldurshópi verði jafn ör og menntamálaráðuneytið virðist reikna með og samkvæmt henni virðist ekki vera jafn knýjandi þörf fyrir aukið húsnæði fyrir framhaldsskóla og menntamálaráðuneytið áætla. Hér er þó hvorki tekið tillit til fólksflutninga innanlands, og þeirra áhrifa sem þeir geta haft á staðbundna eftirspurn eftir skólahúsnæði, né breytinga á skólasókn unglunga. Líklegt er þó að hærra hlutfall framhaldsskólaárganganna muni í framtíðinni ljúka námi vegna aukinna krafna vinnumarkaðarins um menntun og sérhæfingu. Þá sér heldur ekki enn fyrir endann á fólksflutningum til höfuðborgarsvæðisins.

Í greinargerð með fjárlagafrumvarpi ársins 2002 er að finna yfirlit menntamálaráðuneytisins um framkvæmdir vegna framhaldsskóla á árunum 2002-2006. Alls er gert ráð fyrir að byggja þurfi 44.500 fermetra húsnæðis, auk endurbygginga, en þá eru meðtaldar framkvæmdir sem ljúka mun á árinu 2001 (sjá töflu 4.22). Samanlagt húsnæði framhaldsskóla, þ.e. kennsluhúsnæði, heimavistir og kennaraíbúðir, er nú áætlað um 185.000 fermetrar að stærð og því samsvara þessar framkvæmdir því að húsnæði skólanna sé stækkað um 24%. Ef öll þessi byggingaráform ná fram að ganga má á móti gera ráð fyrir að 15-20.000 fermetrar falli úr núverandi notkun. Nettóstækkun samanlagðs húsnæðis á framhaldsskólastigi gæti því verið á bilinu 13,5-16%. Þetta er veruleg aukning en hún mun samt ekki duga lengi því að eftir árið 2006 er gert ráð fyrir að stækka þurfi skólahúsnæði á höfuðborgarsvæðinu um 10.000 fermetra.

Tafla 4.22 Húsnæði framhaldsskóla á Íslandi árin 2001 og fyrirhugaðar framkvæmdir. Fermetrar

Húsnæði í árslok 2001	185.000
Fyrirhugaðar framkvæmdir á árunum 2002-2006	44.500
Þar af:	
Menntaskólinn í Reykjavík, nýbygging	2.500
Menntaskólinn við Hamrahlíð, íþróttahús	
Menntaskólinn við Sund, nýtt skólahús	7.000
Kvennaskólinn í Reykjavík, nýtt skólahús	7.000
Fjölbrautaskólinn Ármúla, kennsluálma og mötuneyti	2.000
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti, viðbótarkennslurými	
Borgarholtsskóli, íþróttahús	
Iðnskólinn í Reykjavík, nýtt þak / þakhæð	
Úlfarsfell, nýr skóli	8.000
Menntaskólinn í Kópavogi, kennsluálma	1.600
Flensborgarskóli, kennsluálma	2.200
Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	
Fjölbrautaskóli Vesturlands	200
Verkmenntaskólinn á Akureyri	3.200
Menntaskólinn á Egilsstöðum	1.000
Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu	1.600
Fjölbrautaskóli Suðurlands, íþróttahús og bóknámsstofur	2.000
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	2-3.000
Endurbygging á Sjómannaskólahúsinu	
Endurbygging á húsum Menntaskólans á Laugarvatni	
Framkvæmdir næstu ár á eftir árinu 2006 á höfuðborgarsvæðinu	10.000
Tekið úr notkun á næstu árum	15-20.000
Húsnæði framhaldsskóla samtals á árunum upp úr 2006	220-225.000

Heimild: Fjárlagafrumvarp ársins 2001 og greinargerð með því

4.4 Samantekt

Árið 2000 nam kostnaður við leikskóla, dagmæður, grunnskóla og framhaldsskóla samtals tæpum 31 milljarði kr. Þar af var kostnaður við grunnskóla um 16 milljarðar kr., rúmir 7,5 milljarðar fóru í rekstur framhaldsskóla, 6,4 milljarðar kr. í rekstur leikskóla og áætlaður kostnaður við vistun barna hjá dagmæðrum nam tæpum milljarði kr. Alls voru rúmlega 80 þúsund börn í þessum skólum eða í vist hjá dagmæðrum, langflest þeirra í grunnskólum.

Hér er ekki tekið tillit til kostnaðar ríkissjóðs vegna reksturs grunnskóla sem mun hafa verið um 560 milljónir kr. árið 2000. Stærstur hluti þess kostnaðar er vegna Námsgagnastofnunar. Einnig vantar inn í þessa tölu kostnað vegna yfirstjórnar leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla og kostnað vegna nýbygginga. Heildarkostnaður gæti því verið nokkru hærri en lýst er í töflu 4.23.

Tafla 4.23 Fjöldi nemenda og kostnaður við leikskóla, dagmæður grunnskóla og framhaldsskóla árið 2000. Milljónir kr.


	Fjöldi nemenda	Kostnaður, milljónir kr.	Kostnaður á nemanda, þús. kr.
Leikskólar	14.657	6.411	437
Dagmæður	2.550	931	365
Grunnskólar	43.079	15.894	369
Framhaldsskólar	19.926	7.542	379
Samtals	80.212	30.778	384

Heimild: Hagstofa Íslands, Ríkisbókhald, Árbók sveitarfélaga 2001 og eigin útreikningar

5. Skipulag skóla í OECD

Árið 1999 gátu börn sem voru að hefja nám í grunnskóla í Tyrklandi átt von á að eyða 10,5 árum að meðaltali í nám, en börn í Svíþjóð áttu að meðaltali í vændum helmingi lengra skólanám eða 20,3 ár. Að meðaltali sátu börn í OECD-löndunum 16,7 ár á skólabeck, en íslensk börn ári lengur. Stúlkur eru líklegri en piltar til að verja fleiri árum til náms, og munar þar hálfu ári, 16,9 árum á móti 16,5. Eftirtektarvert er að Norðurlöndin fimm eru í hópi þeirra átta landa þar sem gera má ráð fyrir að nemendur sitji lengst á skólabeck.


Mynd 5.1 Fjöldi ára sem einstaklingur varði að meðaltali í menntun í löndum OECD árið 1999.



Heimild: Education at a glance, OECD 2001

Nemendur í löndum OECD eru að jafnaði 6 ára við upphaf skyldunáms og ljúka því við 15-16 ára aldur. Í Ástralíu, Bretlandi, Írlandi og Nýja-Sjálandi eru börn 5 ára þegar þau setjast fyrst á skólaskyldubeck en tekið skal fram að mörkin á milli eiginlegs skyldunáms og fornáms, þ.e. leikskóla eða svipaðra skóla, eru oft óljós. Í Danmörku, Finnlandi, Póllandi, Sviss og Svíþjóð hefja börn skyldunámið 7 ára. Á Ítalíu, Portúgal, Suður-Kóreu og Tyrklandi lýkur skyldunámi við 14 ára aldur, en í Belgíu, Hollandi og Þýskalandi eru unglingar 18 ára gamlir við lok skólaskyldunnar.

Mynd 5.2 Aldur nemenda við upphaf og lok skyldunáms í löndum OECD árið 1999.




Heimild: Education at a glance, OECD 2001

En skólaskyldan segir ekki alla söguna. Ekki er síður mikilvægt að börn og unglingar séu í skóla á þeim árum sem þeim er það ætlað. Verulegur misbrestur virðist þó vera á þessu í sumum löndum OECD. Í Tyrklandi voru árið 1999 t.d. aðeins 4 árgangar þar sem 90% árgangsins eða meira sóttu skóla enda þótt 8 ára skólaskylda væri við lýði.¹⁸ Í Mexíkó var skólasókn 7 árganga betri en 90%, en skólaskyldan þar er 9 ár. Í Belgíu og Frakklandi var skólasókn aftur á móti betri en 90% hjá 15 árgöngum og í Japan og Hollandi hjá 14 árgöngum. Samkvæmt gögnum OECD er skólasókn árganga á síðustu árum skólaskyldunnar minni en 90% í níu löndum. Í Bandaríkjunum, Belgíu, Hollandi og Þýskalandi er skýringin líklega sú að skyldunámi lýkur þar ekki fyrr en við 17-18 ára aldur. Þessi skýring á þó ekki við í hinum löndunum fimm, Íslandi, Mexíkó, Nýja-Sjálandi, Spáni og Tyrklandi, og þó sérstaklega ekki í því síðastnefnda þar sem skólaskyldu lýkur við 14 ára aldur.

¹⁸ Í Tyrklandi eru starfræktir margir trúarbragðaskólar sem standa utan við ríkisskólakerfið en hér er ekki tekið tillit til þess.


Mynd 5.3 Árafjöldi sem meira en 90% af hverjum árgangi eru í skóla.



Heimild: Education at a glance, OECD 2001

Íslenskir unglingar eru venjulega á 20. aldursári þegar þeir ljúka stúdentsprófi og margir ljúka einnig starfsnámi um tvítugt. Þetta er mun seinna en tíðkast víðast hvar í löndum OECD þar sem nemendur eru 18-18,5 ára þegar þeir ljúka framhaldsskóla og annað hvort hefja nám á háskólastigi eða halda út á vinnumarkaðinn. Nemendur í Bretlandi, Spáni og Ungverjalandi eru að jafnaði 16-18 ára þegar þeir ljúka framhaldsnámi og unglingar í Finnlandi, Noregi og Svíþjóð eru 19 ára við lok framhaldsskóla, en unglingar í Danmörku heldur eldri.


Mynd 5.4 Aldur unglunga við lok framhaldsskóla í löndum OECD árið 1999.



Heimild: Education at a glance, OECD 2001

Um 70% nemenda í framhaldsskólum í löndum OECD stunduðu að jafnaði bóklegt nám árið 1999 en nálega 30% starfsnám. Með bóklegu námi er hér átt við nám sem einkum er hugsað sem undirbúningsnám fyrir frekara nám í háskóla, en með starfsnámi nám sem veitir tiltekin réttindi á vinnumarkaði, t.d. iðnnám. Á Íslandi voru heldur færri nemendur hlutfallslega í bóklegu námi, en aftur á móti aðeins fleiri í starfsnámi.

Mynd 5.5 Hlutfallsleg skipting nemenda í framhaldsskólum í löndum OECD árið 1999 í bóknáms- og starfsnámsbrautir.



Heimild: Education at a glance, OECD 2001

Árið 1999 stunduðu 90% 16 ára unglunga á Íslandi nám í framhaldsskóla. Sama ár voru 77% 17 ára unglunga við nám í framhaldsskóla, 67% 18 ára unglunga, 63% 19 ára unglunga og 36% tvítugra unglunga. Þá stundaði um 1% 19 ára unglunga nám í háskóla og 11% 20 ára unglunga. Þessar tölur sýna vel hversu margir nemendur hætta námi í framhaldsskóla áður en þeir hafa lokið prófi en einnig ber að hafa í huga að margir nemendur ljúka styttra námi en hefðbundnu fjögurra ára starfs- og bóknámi.

Tafla 5.1 Hlutfall unglunga á aldrinum 16-20 ára sem voru í framhaldsskóla (F), starfsnámi (S) eða háskóla (H) í löndum OECD árið 1999. Hlutfallstölur.


	16 ára			17 ára			18 ára			19 ára			20 ára		
	F	S	H	F	S	H	F	S	H	F	S	H	F	S	H
Austurríki	92			76	11		43	18	6	15	11	14	5	4	20
Ástralía	92			78		5	36	3	29	23	3	34	18	2	32
Bandaríkin	88			81		1	25	3	35	5	4	41	1	3	34
Belgía	98			95		1	44	6	35	22	6	46	12	4	47
Bretland	84			71		2	29		24	16		33	13		34
Danmörk	93			82			76			55		3	30		10
Finnland	94			96			84		1	27		19	16		31
Frakkland	95			89		2	55		25	30		38	12		42
Grikkland	92			65			16	4	48	18	4	69		5	57
Holland	107 *			91		4	64		16	29		26	25	1	31
Írland	92			72	4	5	29	13	32	3	10	36	36	7	35
Ísland	90			77			67			63		1	36		11
Ítalía	79			73			64		5	19	1	27	7		28
Japan	95			94											
Kanada	93			75	6	3	29	10	15	8	9	30	7	6	33
Lúxemborg	87			81			65			42			24	1	
Mexíkó	43			32		3	17		10	22		13	4		13
Noregur	94			93			87			42		14	18	1	28
Nýja-Sjáland	89			71		3	28	3	23	13	3	32	8	2	33
Portúgal	83			80		4	50		16	28		26	23		29
Pólland	90			89			73			29	6	25	13	8	30
S-Kórea	98			93		3	12		44	2		59			53
Spánn	85	2		75	4		35	7	24	19	7	32	11	8	37
Sviss	90			84			77	1	1	54	3	6	24	4	13
Svíþjóð	97			97			95			31	2	13	22	2	22
Tékkland	100			83	5		42	9	10	12	5	18	3	2	20
Tyrkland	37			22		3	8		10	6		15			15
Ungverjaland	93			87			46	13	11	15	14	21	8	9	24
Þýskaland	97			92		1	82		3	40	19	8	18	15	15

Heimild: OECD

* Upplýsingar um fjölda nemenda í skólum eru ekki ætíð teknar saman á sama tíma og manntal er gert og því geta hærri tölur en 100 komið fyrir.

Tafla 5.1 sýnir einnig hversu mikið forskot sumar þjóðir hafa á Íslendinga í háskólanámi. Árið 1999 voru 48% 18 ára unglunga í Grikklandi í háskóla og 44% í S-Kóreu. Þriðjungur eða meira af 19 ára unglungum var í háskóla í 8 löndum af þeim 29 sem tafla 5.1 nær til þetta sama ár. Hlutfall 19 ára unglunga í háskóla var lægst á Íslandi af þeim löndum sem upplýsingar liggja fyrir um og sjá má í töflu 5.1.


Mynd 5.6 Fjöldi kennsludaga hjá 10 ára börnum í löndum Evrópu skólaárið 1997/98.



Heimild: Key data on education in Europe

Í kjarasamningum kennara, sem undirritaðir voru í janúar 2001, var samþykkt að lengja skólaárið í grunnskólum og skulu nemendur nú njóta kennslu í 180 daga á ári í stað 170 áður. Með þessari breytingu er skólaár í grunnskóla nú aðeins fjórum dögum styttra hér á landi en það var að jafnaði í öðrum löndum Evrópu skólaárið 1997/98. Styst var skólaárið í grunnskóla í Búlgaríu, 165 dagar, en 212 dagar í Lúxemborg. Skólaárið í Svíþjóð var á bilinu 178-190 dagar, en 190 dagar í Finnlandi og Noregi og 200 dagar í Danmörku.


Mynd 5.7 Fjöldi klukkustunda sem 10 ára börn nutu kennslu í löndum Evrópu skólaárið 1997/98.



Heimild: Key data on education in Europe

Skólaárið 2001/2002 voru 10 ára börn á Íslandi 840 klukkustundir á ári í skóla, en börn á þessum aldri í Evrópu nutu að meðaltali kennslu í 766 klukkustundir skólaárið 1997/98. Tekið skal fram að hér er ætíð miðað við lágmarksfjölda stunda. Í Lettlandi voru 10 ára börn í skóla 490 klst. á viku, en jafnaldrar þeirra í Hollandi 1.000 klst.

Mynd 5.8 Fjöldi kennsludaga í framhaldsskólum í löndum Evrópu skólaárið 1997/98.




Heimild: Key data on education in Europe

Nemendur í íslenskum framhaldsskólum voru fæsta daga í skóla árið 1997/98 eða 145. Hér er eingöngu miðað við kennsludaga en prófadagar, starfsdagar og aðrir slíkir dagar dregnir frá. Í Lúxemborg sóttu framhaldsskólanemendur hins vegar skóla 216 daga ársins.

Kennslustundir nemenda í framhaldsskólum voru 677 á Íslandi skólaárið 1997/98 og voru aðeins færri í einu landi Evrópu, Portúgal, þar sem þær voru 613. Flestar voru kennslustundirnar í Skotlandi, 1045, en að meðaltali voru nemendur á framhaldsskólastigi 870 klukkustundir á ári í tímum. Ítrekað skal að íslensku tölurnar vísa til kennslu eingöngu en afar misjafnt er hvað miðað er við í öðrum löndum.


Mynd 5.9 Fjöldi klukkustunda sem nemendur í framhaldsskólum nutu kennslu í löndum Evrópu skólaárið 1997/98.



Heimild: Key data on education in Europe

Útgjöld til menntamála, annarra en háskólamenntunar, námu að meðaltali 3,6% af vergri landsframleiðslu (VLF) í löndum OECD árið 1999. Þetta hlutfall var lægst í Tyrklandi, 1,8%, en hæst í Svíþjóð, 5,3%. Á Íslandi var hlutfallið 4,3% en meðal þeirra landa sem eyddu hlutfallslega meira af VLF í þessa tegund menntunar má nefna Danmörku og Noreg.

Mynd 5.10 Útgjöld til menntamála annarra en háskólamenntunar í löndum OECD árið 1999 sem hlutfall af vergri landsframleiðslu. Hlutfallstölur.



Heimild: Education at a glance, OECD 2001

5.1 Samantekt

Börn í löndum OECD ljúka að meðaltali skyldunámi við 15-16 ára aldur eða heldur yngri en íslensk börn að jafnaði. Íslensk ungmenni ljúka þess vegna námi í framhaldsskóla mun seinna en jafnaldrar þeirra í öðrum OECD-löndum. Íslendingar eru aftur á móti yfirleitt fleiri ár í skóla en íbúar annarra landa að jafnaði. Skólaár nemenda í grunnskólum er álíka langt og nemenda annars staðar og kennslumagn í 10 ára bekk er svipað og í öðrum löndum. Aftur á móti virðast kennsludagar í framhaldsskóla vera færri en tíðkast annars staðar í löndum OECD en á þessu ber þó að hafa þann fyrirvara að skilgreining á kennsludögum er ólík á milli landa. Útgjöld til menntamála, annarra en háskólamenntunar, voru 4,3% af vergri landsframleiðslu á Íslandi árið 1999 sem er nokkru hærra en meðaltal OECD-landa (3,6%).

6. Fyrri hugmyndir um styttingu skóla

Íslenskir unglingar ljúka að jafnaði skyldunámi við 16 ára aldur en aðeins fáir láta þar staðar numið heldur halda langflestir áfram í framhaldsskóla. Stúdentsprófi ljúka nemendur yfirleitt þá þeir standa á tvítugu og algengast er einnig að þeir sem leggja stund á starfsnám ljúki því um tvítugt þótt einnig sé boðið upp á ýmsar styttri starfsbrautir. Til samanburðar er, eins og bent var á í kaflanum hér að framan, algengast að unglingar í löndum Evrópu ljúki framhaldsskólanámi 18-19 ára gamlir. Flestir Íslendingar koma því ári seinna út á vinnumarkaðinn en tíðkast erlendis.

Á síðasta áratug hafa af og til heyrst raddir um að rétt sé að lengja skólaárið í grunnskóla og/eða framhaldsskóla til samræmis við það sem gerist erlendis. Á árunum upp úr 1990 var t.d. lagt fram frumvarp á Alþingi um breytingu á lögum um grunn- og framhaldsskóla sem m.a. fól í sér tillögur um lengra skólaár. Í framhaldi af þeirri umræðu var síðan skipuð nefnd í mars 1992 um mótun menntastefnu og skilaði hún af sér áfangaskýrslu í janúar árið eftir og lokaskýrslu árið 1994. Nefndin lagði til ýmsar breytingar á skólamáli, þar á meðal að árlegur starfstími grunn- og framhaldsskóla yrði 10 mánuðir og að grunnskólanemendum yrðu tryggðir 180 kennsludagar á ári og framhaldsskólanemendum 160 dagar á ári. Þá var lagt til að skólaskylda yrði óbreytt frá því sem nú er en að heimild í grunnskólalögum til að nemendur gætu hafið framhaldsnám að loknum 9. bekk yrði nýtt betur. Loks var lagt til að námstími til stúdentsprófs af bóknámsbrautum yrði þrjú ár í stað fjögurra og að stefnt skyldi að styttingu námstíma í starfsnámi.

Þessar breytingar á lengd skólaárs voru m.a. rökstuddar með þeim miklu breytingum sem orðið hafa á íslensku þjóðfélagi á síðustu árum. Skipulag skóla á Íslandi hefur löngum mótast af ríkri nauðsyn til að taka tillit til þarfa frumvinnslugreinanna landbúnaðar og sjávarútvegs. Báðar greinarnar voru vinnuafslsfrekar og algengt var að sumarfólk fengi vinnu við störf til sveita eða sjávar. En tæknibyltingar síðustu áratuga hafa dregið mjög úr eftirspurn þessara greina eftir sumarfólki. Landbúnaðurinn er orðinn verulega vélvæddur og heyskapur tekur nú til að mynda aðeins brot af þeim tíma sem áður þurfti til að koma heyjum í hús. Störfum í fiskvinnslu hefur einnig fækkað vegna tæknivæðingar og minni afla. Samfara þessum breytingum á atvinnuháttum hafa kröfur um menntun og starfsreynslu aukist þannig að störf sem áður stóðu námsfólki opin eru nú mönnuð af sérhæfðu starfsfólki. Jafnframt hafa átt

sér stað miklar breytingar á lífsháttum þjóðarinnar og ekki þykir nú jafn sjálfsagt og áður að ungmenni vinni hörðum höndum við að draga björg í bú frá vori og fram á haust. Síðast en ekki síst má benda á að samkvæmt tilskipun Evrópusambandsins um vinnuvernd barna og unglinga er bannað að ráða börn á skólaskyldualdri í vinnu.

Í skýrslu nefndarinnar var enn fremur vísað til erlendra rannsókna sem sýnt hafa fram á jákvætt samband á milli lengdar skólaársins, nýtingar skólatímans og námsárangurs. Því verði að gera þá kröfu til skólastjórnenda að skólatíminn sé nýttur eins vel og kostur er. Í því sambandi er bent á að þegar skýrslan var skrifuð hafi 66 af 207 grunnskólum landsins aðeins verið starfræktir í átta og hálfan mánuð þótt svo að lög kveði á um níu mánaða skólaskyldu. Af 172 starfsdögum skóla, skv. skóladagatali 1993/94, hafi virkir kennsludagar verið 144-155. Skólaárið 2001/02 eru skólar starfandi í 180 daga en eiginlegir kennsludagar eru nokkru færri þar eð inni í þessari tölu eru bæði prófa- og starfsdagar.

Virkur kennslutími í framhaldsskólum er áætlaður um 130 dagar þrátt fyrir að lög kveði einnig á um 9 mánaða starfstíma framhaldsskóla. Í skýrslunni eru tilgreindar tvær ástæður fyrir lágri nýtingu starfstíma í framhaldsskólum. Annars vegar prófahald, frágangur prófa og skólaslit, sem taka 6-8 vikur á ári, og hins vegar misræmi á milli kjarasamninga og laga um lengd starfstíma. Samkvæmt núgildandi kjarasamningi kennara skulu kennslu- og prófadagar í framhaldsskólum vera 175 hið minnsta og þar af kennsludagar ekki færri en 145. Til samanburðar voru kennsludagar að meðaltali 143,5 skólaárið 1999/00.

Námskrár grunn- og framhaldsskóla voru endurskoðaðar fyrir nokkrum árum og voru nýjar námskrár settar fyrir grunnskóla árið 1999 og árin 1999 og 2000 fyrir framhaldsskóla. Í skýrslu nefndar sem skipuð var til að móta stefnu í þeim efnum er vikið að möguleikum á styttingu náms. Þar er lagt til að námsárum til stúdentsprófs verði fækkað um eitt en að það verði ekki gert fyrr en lenging skólatíma í grunnskólum verði að fullu komin til framkvæmda, þ.e. eftir skólaárið 2001/02, og reynsla komin á nýja aðalnámskrá. Mjög mikilvægt sé einnig að samfella verði í námi frá grunnskóla yfir á framhaldsskólastig. Loks er lagt til að hugað verði að þeim möguleika að nemendum á framhaldsskólastigi verði gefinn kostur á námi yfir sumartímann. Nefndin vekur einnig athygli á að nauðsynlegt sé að auka sveigjanleika í skólakerfinu. Þetta mætti t.d. gera með því að halda samræmd próf við lok grunnskóla tvisvar á ári. Þeir nemendur sem lykju prófi á miðjum vetri gætu þá

hugsanlega hafið nám í framhaldsskóla í janúar. Reynslan hefði sýnt að duglegir nemendur ljúki oft stúdentsprófi á sjö misserum og því væri von til að nokkur hluti nemenda gæti lokið stúdentsprófi við 19 ára aldur.

6.1 Samantekt

Flestir Íslendingar hefja störf á vinnumarkaði eða nám í háskóla ári eldri en tíðkast í öðrum löndum OECD. Að auki er sumarfrí nemenda á Íslandi mun lengra en í öðrum löndum enda var algengt áður fyrr að skólafólk hjálpaði til við ýmis störf til sjávar og sveita. En tímarnir hafa breyst og þau störf er áður buðust skólafólki eru nú mönnum sérhæfðu starfsfólki. Auk þess er tíðarandinn í þjóðfélaginu annar og ekki lengur talið nauðsynlegt að nemendur stundi sumarvinnu. Loks banna nógildandi reglur fólk á grunnskólaaldri að stunda launavinnu og setja verulegar hömlur á vinnu 15-17 ára unglunga. Það er því eðlilegt að fram hafi komið raddir um að færa þurfi skipulag skóla á Íslandi nær því sem tíðkast í nágrannalöndum okkar.

7. Stytttri skóli

Hér á eftir er gerð grein fyrir væntanlegum kostnaði og ábata af því að breyta skipulagi skóla þannig að nemendur komi út á vinnumarkaðinn ári fyrr. Þrír kostir eru athugaðir.

- Í fyrsta lagi að færa grunnskólann niður um eitt ár þannig að nemendur hefji nám 5 ára og ljúki grunnskólaprófi 15 ára. Þetta myndi væntanlega einnig leiða til þess að nám á framhaldsstigi flyttist niður um eitt ár og flestir nemendur ættu því að geta lokið fjögurra ára framhaldsnámi við 19 ára aldur.
- Í öðru lagi er kannað hvaða áhrif það hefði ef hvert skólaár í grunnskóla yrði lengt en skólaárum á móti fækkað um eitt þannig að nemendur lykju prófi 15 ára. Líkt og áður myndi þetta líklega hafa í för með sér að nám í framhaldsskóla hæfist ári fyrr.
- Í þriðja lagi er kannað hvaða áhrif það hefði að lengja skólaár framhaldsskóla en fækka skólaárum um eitt þannig að nemendur gætu lokið framhaldsskóla-prófi 19 ára að aldri.

Í öllum tilvikunum þremur er gengið út frá því að nemendur séu nægjanlega þroskaðir til þess að hægt sé að hrinda breytingunum í framkvæmd. Þessi forsenda kann þó að vera nokkuð umdeild þegar um er að ræða flutning grunnskólans niður um eitt ár því töluverður þroskamunur getur verið á 5 og 6 ára börnum. Hins vegar er trúlegt að 15 ára unglingar hafi nægjanlegan þroska til að geta hafið nám í framhaldsskóla og eins ættu 19 ára gömul ungmenni að vera fullfær um að hefja nám í háskóla. Þá er í annan stað miðað við að hægt væri, ef þörf krefði, að færa námsefni vandkvæðalaust á milli grunn- og framhaldsskóla eða milli bekkja. Slíkur flutningur gæti þó vissulega haft í för með sér einhvern kostnað.

7.1 Grunnskóli færður niður um eitt ár

7.1.1 Áhrif á sveitarfélög

Búast má við að sveitarfélögin verði fyrir margþættum áhrifum ef grunnskólinn er færður niður um eitt ár. Tvenns konar bein áhrif munu þó líklegast veða þyngst.

Annars vegar áhrifin á kostnað við rekstur og byggingu leikskóla og hins vegar kostnað við rekstur grunnskóla.

Leikskólar

Færsla grunnskóla niður um eitt ár hefur í för með sér að börn byrja 5 ára gömul í grunnskóla og þar með skapast svigrúm til þess að veita yngri börnum betri þjónustu í leikskólum og hjá dagmæðrum. Vitaskuld geta sveitarfélög einnig ákveðið að halda þjónustunni við yngri börnin óbreyttri en hætt er við að þau verði fyrir töluverðum þrýstingi að bæta hana, ekki síst ef sýnt þykir að hægt verði að bæta þjónustuna án þess að til verulegs viðbótarkostnaðar þurfi að koma.

Í töflu 7.1 er kostnaður vegna dagvistunar barna á árinu 2000 færður upp til verðlags á fyrri hluta ársins 2001. Gert er ráð fyrir að laun leikskólakennara og annarra sérfræðinga hafi hækkað um 17,3% á þessu tímabili, laun ófaglærðs starfsfólks um 12,42% og að almennt verðlag, mælt með hækkun framfærsluvísitölu, hafi hækkað um 3,6%. Þá er áætlað að leikskólagjöld, sem foreldrar greiða, hafi hækkað um 13,1%, en að niðurgreiðslur sveitarfélaga til dagmæðra hafi haldist óbreyttar, líkt og þær hafa gert í Reykjavík.

Tafla 7.1 Kostnaður vegna dagvistunar barna á árinu 2000 á verðlagi fyrri hluta árs 2001.
Milljónir kr.

	Fjöldi leikskóla/dag-mæðra	Fjöldi barna	Heildarrekstrar-kostnaður	Launa-kostnaður leikskóla-kennara og sérfræðinga	Kostnaður við ófaglært starfsfólk	Annar kostnaður	Greiðslur foreldra	Greiðslur frá sveitarfélögum	Kostnaður sveitarfélaga
Leikskólar sveitarfélaga	233	13.838	6.799	2.322	3.665	812	2.660	0	4.139
Einkareknir leikskólar	21	819	437	154	231	52	187	249	249
Samtals	254	14.657	7.236	2.476	3.896	864	2.847	249	4.389
Dagmæður	530	2.550	1.007			1.007	656	351	351
Samtals		17.207	15.479	4.952	7.792	2.734	6.351	850	9.128

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Óbreytt þjónusta við yngri börn

Á árinu 2000 voru 14.657 börn í leikskólum en kostnaður við að vista börn fer eftir aldri þeirra og lengd dvalar. Ung börn þurfa meiri umönnun en þau eldri og reikna má með að umönnunarþörf barna undir 2 ára aldri sé tvöfalt meiri en barna sem eru 4 eða 5 ára. Þá má áætla að 2 ára börn þurfi 60% meiri umönnun en hin eldri, og 3 ára börn

30% meiri umönnun.¹⁹ Á sama hátt má umreikna þann tíma sem börn dvelja á leikskóla í heilsdagsgildi. Börn sem dvelja 7 klst. eða lengur eru þá talin vera heilan dag, þau sem dvelja 6 stundir 0,75 dag, 5 stunda vist er talin samsvara 0,625 degi og 4 stunda vist hálfum degi.²⁰ Með því að nota þessa mælikvarða má áætla að fjöldi barna á leikskólum árið 2000 hafi samsvarað um 14.450 heilsdagsbarngildum. Kostnaður á hvert gildi er því 501 þúsund kr. og þar af greiða foreldrar 197 þúsund kr. og sveitarfélög 304 þúsund kr. Ef gert er ráð fyrir að fjöldi 5 ára barna í leikskólum hafi svarað til um 3.250 barngilda má áætla að kostnaður við vistun þessara barna hafi numið um 1.650 milljónum kr. á verðlagi fyrri hluta árs 2001.

Árið 2000 voru 15 5 ára börn í vist hjá dagmæðrum í Reykjavík og hér er gert ráð fyrir að 12 börn hafi verið hjá dagmæðrum annars staðar á landinu. Samkvæmt tölum Hagstofu Íslands eru svo stálpuð börn sjaldnast í heilsdagsvist og hér er miðað við að þau hafi að meðaltali verið 6 klst. í vistun á dag. Kostnaður við að vista barn í 6 stundir er áætlaður 34 þúsund kr. á verðlagi fyrri hluta árs 2001 og þar af er gert ráð fyrir að sveitarfélög hafi greitt rúmar 11 þúsund kr. og foreldrar rúmar 23 þúsund kr. Heildarkostnaður við að vista 27 börn hjá dagmæðrum í 10 mánuði á ári hefur því numið 9,1 milljón kr. og þar af hafa sveitarfélög greitt 3,0 milljónir kr. og foreldrar 6,1 milljón kr.

Samtals gæti því beinn sparnaður sveitarfélaga og foreldra af því að taka 5 ára börn úr dagvistun og setja þau þess í stað á grunnskólabeck numið 1.650 milljónum kr. Þar af er sparnaður sveitarfélaga áætlaður 1000 milljónir kr. og foreldra 650 milljónir kr. Þá er áætlað að tekjur dagmæðra dragist saman um rúmar 9 milljónir kr.

Tafla 7.2 Sparnaður miðað við óbreytta þjónustu leikskóla og dagmæðra. Milljónir kr.

	Alls	Sveitarfélög	Foreldrar
Börn á leikskólum	1.628	988	641
Börn hjá dagmæðrum	9	3	6
Samtals	1.638	991	647

Heimild: Eigin útreikningar

Árið 2000 námu rekstrargjöld allra sveitarfélaga á landinu samtals tæpum 46 milljörðum kr. og fjármagnsgjöld umfram tekjur samtals 2,9 milljörðum kr. Ef gert er


¹⁹ Barngildi leikskólabarna eru skilgreind í 7. gr. reglugerðar nr. 225/1995 um starfsemi leikskóla.

²⁰ Umreiknistuðlar Hagstofu Íslands.

ráð fyrir að gjöldin aukist um 10% á milli árunna 2000 og 2001 má ætla að rekstrargjöld ársins 2001 geti numið um 51 milljarði kr.²¹ Áætlaður sparnaður sveitarfélaga gæti því svarað til um 2% af heildarrekkstrargjöldum ársins 2001.

Þessi sparnaður á sér ekki stað aðeins einu sinni heldur myndi hann falla til á hverju ári. Ef gert er ráð fyrir óbreyttu viðveruhlutfalli barna í leikskólum má áætla hversu mikill þessi sparnaður gæti samtals orðið á næstu 50 árum. Við þá útreikninga er byggt á mannfjöldaspá Hagfræðistofnunar en þar er gert ráð fyrir að árgangar barna 5 ára og yngri muni fara minnkandi á næstu árum líkt og sýnt er á mynd 7.1. Miðað við að hvert heilsdagsbarnígildi kosti um hálfa milljón kr. á ári má ætla að samanlagður núvirtur sparnaður sveitarfélaga af því að hætta að bjóða 5 ára börnum upp á leikskólavist og halda þjónustu við önnur börn óbreyttri gæti numið um 16 milljörðum kr. á árunum 2001-2050 og sparnaður foreldra um 10 milljörðum kr. á sama tímabili.²²

Mynd 7.1 Spá um þróun fjölda barna 5 ára og yngri árin 2000-2050.



Bætt þjónusta við yngri börn

Öllu líklegra er þó að sveitarfélög muni nýta þá möguleika sem þessi breyting á skipulagi grunnskóla hefur í för með sér til að bæta leikskólþjónustu við börn yngri en 5 ára. Þar væri vitaskuld hægt að fara ýmsar leiðir en hér er gert ráð fyrir að höfuðáherslan verði lögð á að eyða biðlistum eftir rými fyrir 2, 3 og 4 ára börn og

²¹ Í Árbók sveitarfélaga 2001 er gert ráð fyrir að tekjur aukist um 6,5% á milli árunna 2000 og 2001 en hér er líklega um vanmat að ræða.

²² Allir núvirðisútreikningar í þessari skýrslu miðast við 6% ávöxtunarkröfu.

grynnka á þörfinni fyrir pláss fyrir yngri börn. Þetta er í góðu samræmi við stefnu sumra sveitarfélaga, t.d. Reykjavíkur, þar sem einkum hefur verið lögð áhersla á að mæta þörfum fyrir rými fyrir 2 ára börn og eldri.

Höfuðmáli skiptir að glöggva sig á raunverulegri eftirspurn eftir dagvistun. Þótt vitaskuld megi hafa hliðsjón af biðlistum er hætt við að þeir segi ekki alla söguna þar sem sumir foreldrar munu e.t.v. ekki skrá sig á biðlista, t.d. þeir sem ekki eru í forgangshópi og búa í hverfum þar sem mörg börn skortir dagvistarrými. Því er farin sú leið að miða við að eftirspurn eftir dagvistun sé tiltekið hlutfall af árgangi leikskólubarna. Ekki er gert ráð fyrir að það hlutfall sé breytilegt á milli ára og hagsveiflur með tilheyrandi breytingum á atvinnuleysi og atvinnuþátttöku eru því ekki taldar hafa nein árif á eftirspurnina eftir dagvistarrýmum. Aftur á móti er tekið tillit til þess að börn eru oft á svipuðu reki og sumir foreldrar hafa því fleira en eitt barn á leikskóla í einu. Einnig er leiðrétt fyrir því að sum börn sem hvorki voru á leikskólum né hjá skráðum dagmæðrum hafa verið í gæslu hjá skyldmendum, t.d. ömmu eða eldri systkinum, eða hjá óskráðum dagmæðrum. Loks þyrfti einnig að taka tillit til þess hvaða áhrif ný lög um fæðingarorlof hafa á eftirspurn eftir dagvistun en samkvæmt þeim lögum eiga báðir foreldrar rétt á þriggja mánaða orlofi og geta síðan deilt með sér þremur mánuðum í viðbót.²³

Árið 2001 er áætlað að aðeins um 6,5% barna yngri en árs gömul hafi verið í dagvistun, langflest hjá dagmæðrum. Óvíst er hversu mikill skortur er á dagvistun fyrir svo lítil börn en hér er reiknað með að óskað sé eftir plássu fyrir tíunda hvert barn á þessum aldri. Er þá bæði tekið tillit til þeirra breytinga á fæðingarorlofum, sem nefndar voru að ofan, og þess að foreldrar geta nýtt sumarfrí sitt til að passa börn sín. Þá er áætlað að nærri 40% árs gamalla barna hafi verið í dagvistun en að raunveruleg þörf eftir plássum samsvari því að 80% árgangsins séu á leikskólum eða hjá dagmæðrum. Gert er ráð fyrir að tvö af hverjum þremur 2 ára börnum hafi verið í dagvistun og ríflega 86% 3 og 4 ára barna, en að eftirspurn eftir rýmum fyrir börn á

²³ Réttur feðra til orflops kemur framkvæmda í áföngum. Frá og með 1. janúar 2001 eiga þeir rétt á 1 mánuði, frá og með 1. janúar 2002 2 og fullan fæðingarorlofsrétt hljóta feður árið 2003. Báðir foreldrar geta verið samtímis í orlofi fyrsta mánuðinn en þar á eftir getur aðeins annað foreldri verið í fæðingarorlofi í einu. Frá og með árinu 2003 gæti því samanlagður fæðingarorlofstími foreldra lengst numið 9 mánuðum samfleytt, ef miðað er við að foreldrar taki sér algjörlega frí frá störfum. Foreldri á ætíð rétt á að taka fæðingarorlof í einu lagi en einnig er hægt að skipta töku fæðingarorlofs og/eða taka fæðingarorlof samhliða launuðu starfi. Kona verður þó alltaf að vera í fæðingarorlofi fyrstu 2 vikurnar eftir fæðingu barns en eftir það er ekkert sem kemur í veg fyrir að foreldrar stundi t.d. hálfu vinnu. Í

Þessum aldri samsvari því að 95% hvers árgangs séu vistuð í leikskóla eða hjá dagmæðrum.

Svo sem fram kemur í töflu 7.3 samsvarar þetta því að 415 rými á leikskólum hafi skort fyrir börn undir eins árs aldri, 2.910 rými fyrir árs gömul börn, 1.614 fyrir 2 ára börn, 174 fyrir 3 ára börn og 47 rými fyrir 4 ára börn. Samtals hefur því samkvæmt þessum útreikningum skort rými fyrir 5.148 börn. Á móti kemur að áætlað er að 2.523 börn á þessum aldri hafi verið í vist hjá dagmæðrum. Eftir sem áður er gert ráð fyrir að 2.625 börn hafi hvorki verið í leikskóla né hjá skráðum dagmæðrum.

Tafla 7.3 Áætlaður fjöldi barna fjögurra ára og yngri árið 2001 og dagvistun þeirra.

	Fjöldi barna árið 2001 (1)	Áætlaður fjöldi barna á leikskólum (2)	Áætlaður fjöldi barna hjá dagmæðrum (3)	Samtals í dagvistun (4)=(2)+(3)	Börn í dagvistun sem % af árgangi (5)=(4)/(1)	Þörf fyrir dagvistun (6)	Fjöldi barna sem vantar pláss á leikskólum (7)=(6)-(2)	Samsvarendi fjöldi barngilda (8)	Ný rými á leikskólum vegna breytinga, 3.253 barngildi (9)	Samsvarendi fjöldi barna tilfærslna (10)	Ný rými hjá dagmæðrum vegna breytinga og tilfærslna (11)	Fjöldi barna sem fær rými á leikskóla eða hjá dagmóðrum (12)	Óuppfyllt þörf fyrir dagvistar-rými (13)=(7)-(12)
Yngri en eins árs	4.145	11	278	289	7,0	415	403	665	0	0	0	0	125
Eins árs	4.172	427	1.373	1.801	43,2	3.338	2.910	4.597	933	591	898	1.489	48
Tveggja ára	4.179	2.356	748	3.104	74,3	3.970	1.614	2.095	2.095	1.614	0	1.614	0
Þriggja ára	4.208	3.824	78	3.902	92,7	3.998	174	187	174	0	174	0	0
Fjögurra ára	4.324	4.061	45	4.106	95,0	4.108	47	39	39	47	0	47	0
Alls	21.028	10.679	2.523	13.202		15.828	5.148	7.582	3.253	2.425	898	3.323	173

Heimild: Hagstofa Íslands, Samband íslenskra sveitarfélaga, mannfjöldaspá Hagfræðistofnunar og eigin útreikningar

Sem fyrr getur sparast 3.253 heilsdagsbarngildi á leikskólum landsins við það að 5 ára börn hefja nám í grunnskóla. Í 1. dálki töflu 7.3 er tilgreindur fjöldi í hverjum árgangi barna yngri en 5 ára, þá áætlaður fjöldi barna á leikskólum, síðan fjöldi barna hjá skráðum dagmæðrum og í 4. dálki samtala barna á leikskólum eða hjá dagmæðrum. Í 5. dálki er sýnt hlutfall barna í dagvistun af sérhverjum árgangi, næst áætluð eftirspurn eftir rýmum, síðan fjöldi barna sem vantar rými og í 8. dálki samsvarandi fjöldi heilsdagsbarngilda. Í 9. dálki er sýnt hvernig þau heilsdagsbarngildi sem sparast eru nýtt til að mæta eftirspurn eftir rýmum fyrir börn yngri en 5 ára og í 10. dálki sá fjöldi nýrra rýma fyrir eins árs börn hjá dagmæðrum sem verður til. Í 11. dálki er tilgreint hversu mörg börn í hverjum árgangi muni fá pláss á leikskólum eða hjá dagmæðrum og í þeim tólfta hversu stór hin óuppfyllta þörf fyrir dagvistunarrými verður eftir þessar breytingar og tilfærslur.

Í töflu 7.3 kemur fram að hægt væri að nýta þau barngildi sem sparast til að mæta algerlega eftirspurninni eftir rýmum fyrir 2, 3 og 4 ára börn á leikskóla, auk þess sem 591 eins árs gamalt barn myndi einnig fá pláss á leikskólum. Samtímis er gert ráð

Mbl. 26. október 2001 er greint frá því að samkvæmt upplýsingum frá Tryggingastofnun ríkisins hafi

fyrir að börn á aldrinum 2-4 ára hætti að vera í vist hjá dagmæðrum og að þær annist í framtíðinni eingöngu gæslu yngri barna. Árið 2001 er áætlað að 898 börn 2 ára og eldri hafi verið í vist hjá dagmæðrum, þar af 871 barn á aldrinum 2-4 ára. Þessi pláss mætti því öll nýta til að vista árs gömul börn. Miðað við þessar forsendur myndi því einungis skorta rými á leikskólum eða hjá dagmæðrum fyrir 125 börn yngri en eins árs og 48 árs gömul börn. Hér er ekki gert ráð fyrir að þessar breytingar á aldurssamsetningu leikskólanna myndu hafa neinn viðbótarkostnað í för með sér en raunhæfara væri e.t.v. að gera ráð fyrir að kostnaður leikskólanna ykist t.d. um 2%. Það svarar til þess að rekstrarkostnaður allra leikskóla, bæði skóla sem sveitarfélög og einkaaðilar reka, ykist um 150 milljónir kr. á verðlagi fyrri hluta árs 2001.

Eins og fram kemur á mynd 7.1 er gert ráð fyrir að börnum 5 ára og yngri muni fækka á næstu áratugum. Skortur á plássum fyrir yngstu börnin á leikskólum mun því smám saman minnka, jafnvel þótt hvorki verði byggðir nýir leikskólar, eða starfandi leikskólar stækkaðir, né dagmæðrum fjölgað. Þessi þróun myndi þó væntanlega fara hægt. Enda þótt þegar árið 2003 mætti búast við að hægt yrði að mæta eftirspurn eftir plássum á leikskólum og hjá dagmæðrum fyrir öll börn undir 2 ára að aldri myndu árið 2050, að öllu óbreyttu, enn vera um 1.600 börn í vist hjá dagmæðrum. Það er um 1.000 færri börn en er áætlað að hafi verið vistuð í heimagæslu árið 2001.

Nýir leikskólar

Þörfin fyrir nýja leikskóla mun minnka þegar börnum á leikskólaaldri fækkar. Að sögn Leikskóla Reykjavíkur kostar fjögurra deilda leikskóli með rými fyrir 88 börn 125-130 milljónir kr. sem gerir 1,4-1,5 milljónir kr. á barn. Miðað við þær forsendur um raunverulega eftirspurn eftir plássum á leikskóla sem tilgreindar voru hér að framan má ætla að árið 2001 hafi skort um 5.150 pláss til að fullnægja eftirspurn eftir leikskólum. Ef gert er ráð fyrir að um 2.550 börn hafi verið í vist hjá dagmæðrum má ætla að um 2.600 börn hafi verið án dagvistunar. Þær breytingar sem hér hafa verið ræddar leiða til þess að rými skapast fyrir 2.425 börn en eftir sem áður verða 173 börn án dagvistunar. Kostnaður við að byggja leikskóla fyrir 2.425 börn gæti numið um 3,6 milljörðum kr. en þessi kostnaður myndi að sjálfsögðu sparast hér. Tekið skal fram að hér er miðað við fjölda barna á leikskólaaldri árið 2001 en eins og fram kom hér að ofan miða mannfjöldaspár Hagfræðistofnunar við að árgangar barna á þessum aldri

fari minnkandi á næstu árum. Þessi sparnaður myndi því vera mun minni ef miðað væri við seinni ár.

Grunnskólar

Meðal þeirra forsenda sem settar voru fram við upphaf þessa kafla voru þær að hægt væri að flytja námsefni milli bekkja eða grunnskóla og framhaldsskóla. Þær breytingar geta hæglega haft í för með sér einhvern kostnað sem hér er áætlaður um 2% af heildarkostnaði við grunnskóla, þ.e. um 300 milljónir kr.

Loks ber að taka tillit til þess kostnaðar sem aukin þörf á skólادagvist hefur í för með sér. Kostnaðurinn er talinn munu aukast um 250 milljónir kr., en tekjur á móti um 125 milljónir kr. Því er gert ráð fyrir að nettócostnaðurinn muni aukast um 125 milljónir kr. Heildarkostnaður sveitarfélaga vegna þessara breytinga er tilgreindur í töflu 7.4. Ef ekki er gert ráð fyrir að sveitarfélög auki þjónustu sína við önnur leikskólabörn má ætla að heildarávinningur sveitarfélaga geti numið nálega 600 milljónum kr. Ef hins vegar er gert ráð fyrir að þjónusta við önnur leikskólabörn verði aukin snýst dæmið við og þá er gert ráð fyrir að heildarkostnaður sveitarfélaga verði um 575 milljónir kr. Þá er ótalinn sá sparnaður sem hlýst af því að þurfa ekki að byggja leikskóla fyrir 2.425 börn sem gæti numið um 3,6 milljörðum kr.

Ekki er gert ráð fyrir að breytingarnar hafi nein önnur bein áhrif en vissulega má ætla að ýmis óbein áhrif verði til staðar. Þar má t.d. nefna áhrif á tekjur sveitarfélaga ef tekjur íbúanna breytast.

Tafla 7.4 Áhrif þess að færa grunnskólann niður um eitt ár á sveitarfélög. Milljónir kr.

	Sparnaður/tekjur	Kostnaður	Heildarábati
Óbreytt þjónusta við önnur leikskólabörn	1.000	0	1.000
Aukinn kostnaður við grunnskóla		300	-300
Aukinn kostnaður við skólادagheimili	125	250	-125
Samtals	1.125	550	575
Aukin þjónusta við önnur leikskólabörn		150	-150
Aukinn kostnaður við grunnskóla		300	-300
Aukinn kostnaður við skólادagheimili	125	250	-125
Samtals	125	700	-575

Hér er ekki tekið tillit til hugsanlegs sparnaðar vegna þess að ekki þarf að byggja nýja leikskóla.
Heimild: Eigin útreikningar

Þau áhrif sem tilgreind eru í töflu 7.4 ná eingöngu til þess árs sem breytingarnar á skipulagi grunnskóla eiga sér stað. Til að fá fyllri mynd af þeim áhrifum sem breytingin hefur í för með sér er nauðsynlegt að líta til lengri tíma og í töflu 7.5 eru

tekin saman áætluð áhrif þessara breytinga á tímabilinu 2001-2050. Núvirtur sparnaður af óbreyttri þjónustu er áætlaður um 9 milljarðar kr., en núvirtur kostnaður af að bæta þjónustuna áætlaður 9,3 milljarðar kr.

Tafla 7.5 Áhrif þess að færa grunnskólann niður um eitt ár á sveitarfélög. Tímabilið 2001-2050. Milljónir kr.

	Sparnaður/tekjur	Kostnaður	Heildarábati
Óbreytt þjónusta við önnur leikskólabörn	15.800	0	15.800
Aukinn kostnaður við grunnskóla		5.000	-5.000
Aukinn kostnaður við skólادagheimili	2.000	3.800	-1.800
Samtals	17.800	8.800	9.000
Aukin þjónusta við önnur leikskólabörn		2.500	-2.500
Aukinn kostnaður við grunnskóla		5.000	-5.000
Aukinn kostnaður við skólادagheimili	2.000	3.800	-1.800
Samtals	2.000	11.300	-9.300

Hér er ekki tekið tillit til hugsanlegs sparnaðar vegna þess að ekki þarf að byggja nýja leikskóla.
Heimild: Eigin útreikningar

7.1.2 Áhrif á foreldra

Áhrif breytingarinnar á skipulagi grunnskólans á foreldra eru háð því hvernig sveitarfélög bregðast við breytingunni. Ef það rými sem skapast fyrir yngri börn í leikskólum og hjá dagmæðrum er ekki nýtt fyrir yngri börn má ætla að áhrifin á foreldra verði einkum tvíþætt. Annars vegar sparast þau gjöld sem foreldrar hefðu þurft að greiða fyrir börn sín á leikskóla en á móti kemur aukinn kostnaður vegna skólادagheimila. Trúlegra er þó að sveitarfélög muni ekki geta setið að sparnaðinum án þess að kröfur komi fram um bættu þjónustu við yngri börn. Því má gera ráð fyrir að hluti þeirra foreldra er áður gættu barna sinna heima muni leita út á vinnumarkaðinn. Auk þess er sem fyrr gert ráð fyrir að kostnaður við skólادagheimili aukist vegna þess að fleiri börn munu þurfa á skólادagvist að halda.

Lítum fyrst á þann aukna kostnað sem foreldrar þurfa að bera vegna þess að fleiri börn munu vera á skólادagheimilum. Í Reykjavík nam meðalkostnaður við að hafa barn á skólادagheimili árið 2000 48 þúsund kr. eða 56 þúsund kr. ef miðað er við verðlag á fyrri hluta ársins 2001. Kostnaður við að vista 4.291 barn, sem er áætlaður fjöldi 5 ára barna á landinu árið 2001, gæti því numið um 250 milljónum kr. Greiðslur foreldra vegna þessara liða gæslunnar eru áætlaðar 125 milljónir kr. á verðlagi fyrri hluta ársins 2001 (sjá töflu 7.6).

Tafla 7.6 Áhrif þess að færa grunnskólann niður um eitt ár á foreldra. Milljónir kr.

	Sparnaður/ tekjur	Kostnaður	Heildar- ábatí
Óbreytt þjónusta við önnur leikskólabörn:			
Aukinn kostnaður við skólalagheimili	650	-125	525
Samtals	650	-125	525
Aukin þjónusta við önnur leikskólabörn:			
Aukin atvinnuþátttaka, lágt mat	1.000	0	1.000
Aukin atvinnuþátttaka, hátt mat	1.150	0	1.150
Aukinn kostnaður við skólalagheimili	0	-125	-125
Samtals, lágt mat	1.000	-125	875
Samtals, hátt mat	1.150	-125	1.025

Heimild: Eigin útreikningar

Á móti þessum aukna kostnaði verður að veða þann sparnað sem foreldrar hafa af því ef sveitarfélög halda að sér höndum og auka ekki þjónustu leikskólanna. Sá sparnaður er áætlaður 650 milljónir kr. eins og sýnt var fram á hér að framan.

Samtals gæti því ávinningur foreldra af þessari stefnu sveitarfélaga numið 525 milljónum kr. á fyrsta árinu sem þessi breyting ætti sér.

Tafla 7.7 Breytingar á atvinnuþátttöku foreldra sem leiða af því að börn byrja í grunnskóla ári fyrr.

	Fjöldi foreldra sem kemur barni í leikskóla	Fjöldi foreldra sem kemur barni að hjá dagmóður	Fjöldi foreldra samtals	Fjöldi foreldra í heilu starfi
Foreldrar eins árs barna	591	27	618	166
Foreldrar tveggja ára barna	1.614	0	1.614	449
Foreldrar þriggja ára barna	174	0	174	47
Foreldrar fjögurra ára barna	47	0	47	14
Fjöldi nýrra heilsdagsstarfa	2.425	27	2.452	676

Heimild: Eigin útreikningar

Ef gert er ráð fyrir að börnin sem nú fá rými á leikskólum eða hjá dagmæðrum séu jafn lengi að meðaltali í vist á dag og önnur börn í hverjum árgangi má áætla hversu margir foreldranna sem nú geta haldið út á vinnumarkaðinn muni fá vinnu. Sú áætlun er sýnd í töflu 7.7. Í töflunni er gert ráð fyrir að fjórðungur foreldra eigi fleiri en eitt barn á leikskólaaldri og leiðrétt fyrir hugsanlegri tvítalningu. Þá er gert ráð fyrir að helmingur foreldranna hafi áður unnið á vinnumarkaði en vistað börnin hjá ættingjum eða óskráðum dagmæðrum. Miðað við þessa útreikninga má ætla að þessi aukning vinnuframbóðs samsvari nálega 700 ársverkum. Samkvæmt Þjóðhagsstofnun voru meðalatvinnutekjur á árinu 2000 164 þúsund kr. á mánuði sem samsvarar 175 þúsund

kr. á meðalverðlagi fyrri hluta árs 2001.²⁴ Meðaltekjur kvenna voru 55,3% af atvinnutekjum karla. Að mati Hagstofu Íslands töldust 156.400 einstaklingar vera á vinnumarkaði árið 2000, þar af 83.600 karlar og 72.800 konur. Því má áætla að meðalatvinnutekjur kvenna árið 2000 hafi verið um 122 þúsund kr. á mánuði. Ef gert er ráð fyrir að hlutfall karla og kvenna á vinnumarkaði hafi haldist óbreytt á milli árána 2000 og 2001 má áætla að heildartekjur þeirra foreldra sem gætu hafið vinnu þegar 5 ára börn fara í grunnskóla gætu verið á bilinu 1.000-1.150 milljónir kr. fyrsta árið.²⁵ Munurinn stafar af því hvort gert er ráð fyrir að allir foreldrarnir, sem áður voru heima við, séu konur eða 80% þeirra séu konur.

Á móti þessu kemur aukinn skóladagheimiliskostnaður sem er áætlaður 125 milljónir kr. Að teknu tilliti til þessa liðar gæti heildarábati foreldra því verið á bilinu 875-1.025 milljónir kr. Þetta mat gæti þó verið of hátt þar eð ekki er tekið tillit til þess að sumir þeir foreldrar sem hafa verið heimavinnandi og sinnt ungum börnum sínum fá líklega laun sem eru lægri en tíðkast að jafnaði á vinnumarkaði.

Tafla 7.8 Áhrif þess að færa grunnskólann niður um eitt ár á foreldra. Tímabilið 2001-2050. Milljónir kr.

	Sparnaður/ tekjur	Kostnaður	Heildar- ábati
Óbreytt þjónusta við önnur leikskólabörn:			
Aukinn kostnaður við skóladagheimili	10.200	-2.000	8.200
Samtals	10.200	-2.000	8.200
Aukin þjónusta við önnur leikskólabörn:			
Aukin atvinnuþátttaka, lágt mat	15.500	0	15.500
Aukin atvinnuþátttaka, hátt mat	18.000	0	18.000
Aukinn kostnaður við skóladagheimili	0	-2.000	-2.000
Samtals, lágt mat	15.500	-2.000	13.500
Samtals, hátt mat	18.000	-2.000	16.000

Heimild: Eigin útreikningar

Í töflu 7.8 er litið til alls tímabilsins 2001-2050 og reynt að áætla hver núvirtur ábati foreldra yrði af þeim tveimur kostum sem hér hafa verið skoðaðir. Gert er ráð fyrir að núvirtur skóladagheimiliskostnaður á tímabilinu gæti numið um tveimur milljörðum kr., en að núvirtur sparnaður foreldra vegna þess að sveitarfélög bæta ekki þjónustu við leikskólabörn gæti numið rúmum 10 milljörðum kr.²⁶ Þá er áætlað að sá tekjuauki

²⁴ Hér er miðað við breytingar á almennri launavísitölu. Meðaltal ársins 2000 var 169,9 stig, en hún var 181,8 stig að meðaltali fyrir hluta ársins 2001. Hækkunin nemur 7%.

²⁵ Ekki er gert ráð fyrir neinu atvinnuleysi og því miðað við að allir þessir foreldrar muni fá vinnu.

²⁶ Hér er tekið tillit til þess að mannfjöldaspá Hagfræðistofnunar gerir ráð fyrir að árgangar 5 ára barna muni fara minnkandi á næstu áratugum.

sem foreldrar gætu haft á þessu tímabili gæti numið á bilinu 15,5-18 milljörðum kr. Heildarábati foreldra á árunum 2001-2050 gæti því numið 13,5-16 milljörðum kr. að núvirði.

7.1.3 Áhrif á nemendur

Einu áhrifin sem gert er ráð fyrir að þessi breyting hafi á nemendur eru þau að þeir ljúka námi ári yngri og geta því verið einu ári lengur á vinnumarkaði. Ævitekjur þeirra munu því aukast um sem nemur tekjuaukningu þessa viðbótarárs. Hér er miðað við að nemendur hefji nám í grunnskóla 5 ára gamlir og að 10% nemenda hætti námi eftir grunnskóla (15 ára), 65% ljúki framhaldsskóla (19 ára) og 25% ljúki háskólanámi (22 ára). Í þessum útreikningum er ekki tekið tillit til þess að nemendur eru mismengi að ljúka námi í framhalds- og háskóla, og að sumir leggja stund á langskólanám. Vegna þess tíma sem líður frá því að ákveðið er að breyta skipulagi skóla og þar til nemendur fara að streyma út á vinnumarkaðinn er nauðsynlegt að núvirða framtíðartekjur nemenda og er hér miðað við 6% ávöxtunarkröfu. Þá fæst að atvinnutekjur munu samtals hækka um rúma 3 milljarða kr. á verðlagi fyrri hluta árs 2001 fyrsta árið sem einstaklingarnir koma á vinnumarkað. Í þessum útreikningum er gert ráð fyrir að breytingunni hafi verið hrundið í framkvæmd árið 2001, að fyrstu nemendurnir skili sér á vinnumarkað 10 árum síðar o.s.frv.

Tafla 7.9 Áhrif þess að færa grunnskólann niður um eitt ár á tekjur nemenda. Milljónir kr.

Vinnuframboð þeirra sem ljúka grunnskólaprófi	250
Vinnuframboð þeirra sem ljúka framhaldsskóla	2.000
Vinnuframboð þeirra sem ljúka háskóla	850
Samtals	3.100

Heimild: Eigin útreikningar

Sé aftur á móti litið til alls tímabilsins 2001-2050 er gert ráð fyrir að þessi tekjuaukning geti verið um 44,4 milljarðar kr.

Tafla 7.10 Uppsöfnuð áhrif þess að færa grunnskólann niður um eitt ár á tekjur nemenda. Tímabilið 2001-2050. Milljónir kr.

Vinnuframboð þeirra sem ljúka grunnskólaprófi	3.800
Vinnuframboð þeirra sem ljúka framhaldsskóla	28.600
Vinnuframboð þeirra sem ljúka háskóla	12.000
Samtals	44.400

Heimild: Eigin útreikningar

7.1.4 Áhrif á ríkissjóð

Ekki er gert ráð fyrir að tilfærsla grunnskóla hafi nein bein áhrif á stöðu ríkisfjármála. Búast má þó við að aukning vinnuafls muni með tímanum skila hærri tekjum í ríkissjóð og væntanlega einnig leiða til hærri útgjalda. Trúlegt er að tekjurnar á þessu viðbótarári verði hærri en gjöldin og tilfærslan ætti því að hafa jákvæð áhrif á ríkissjóð.

7.1.5 Þjóðhagsleg áhrif

Áhrif þessara breytinga munu vitaskuld ekki einskorðast við áhrif á tekjur foreldra heldur flæða um allt hagkerfið. Ef gert er ráð fyrir fastri skalahagkvæmni, óbreyttri framleiðni fjármagns og vinnuafls og því að atvinnuástand sé það gott að nýgræðingar á vinnumarkaði geti fengið vinnu má ætla að þjóðarframleiðsla muni aukast jafn mikið og nemur hlutdeild launa í vergum þáttatekjum. Þetta hlutfall mun nú vera um 66% sem þýðir að fyrir hvert eitt prósentustig sem bætist við vinnuaflið mun þjóðarframleiðsla vaxa um 0,66%.

Þessi þjóðhagslegu áhrif koma fram á mislöngum tíma. Fyrst þegar þeir foreldrar sem áður hafa verið bundnir yfir börnum koma inn á vinnumarkaðinn og síðar þegar nemendurnir sjálfir hefja störf að loknu námi, ári fyrir en áður hefur tíðkast.

Eins og áður hefur verið bent á er gert ráð fyrir að vinnuframboð aukist um nærri 700 ársverk við það að foreldrar barna á leikskólaaldri sem eftir breytingarnar komast að á leikskólum eða hjá dagmæðrum hefji vinnu. Síðar bætast við nemendur sem hætta námi að loknum grunnskóla, þá þeir sem láta staðar numið eftir framhaldsskólanám og loks þeir sem leggja stund á háskólanám.

Vinnuframboðsáhrifin munu því strax auka þjóðarframleiðslu um 2 milljarða kr. Hún mun svo aftur aukast um rúmar 300 milljónir þegar grunnskólanemarnir koma út á vinnumarkaðinn, um 2,3 milljarða kr. þegar framhaldsskólanemarnir halda innreið sína og loks um 1 milljarð kr. þegar háskólanemarnir skila sér. Samtals munu þessi áhrif því samsvara 5,6 milljörðum kr.

Tafla 7.11 Áhrif þess að færa grunnskólann niður um eitt ár á þjóðarframleiðslu. Milljónir kr.

Aukið vinnuframboð foreldra	2.000
Vinnuframboð þeirra sem ljúka grunnskólaprófi	300
Vinnuframboð þeirra sem ljúka framhaldsskóla	2.300
Vinnuframboð þeirra sem ljúka háskóla	1.000
Samtals	5.600

Heimild: Eigin útreikningar

En sagan er ekki öll sögð með því að athuga eitt ár, líkt og fyrr verður að líta til lengri tíma. Á tímabilinu 2001-2050 er þannig gert ráð fyrir að þjóðarframleiðsla muni samtals aukast um 78,4 milljarða kr.

Tafla 7.12 Uppsöfnuð áhrif þess að færa grunnskólann niður um eitt ár á þjóðarframleiðslu. Tímabilið 2001-2050. Milljónir kr.

Aukið vinnuframboð foreldra	25.500
Vinnuframboð þeirra sem ljúka grunnskólaprófi	4.500
Vinnuframboð þeirra sem ljúka framhaldsskóla	33.700
Vinnuframboð þeirra sem ljúka háskóla	14.700
Samtals	78.400

Heimild: Eigin útreikningar

7.1.6 Önnur áhrif

Í 3. kafla var bent á að breytingar á skipulagi skóla geti haft í för með sér margvísleg önnur áhrif en hér hafa verið rakin. Þar má nefna þau áhrif sem breyttur vinnutími og breyttur barnagæslutími hefur á notagildi heimilanna og þær breytingar á notagildi heimilanna sem rekja má beint til breytinga á skipulagi skóla. Eins og þar kom fram eru allir þessir þættir huglægir og verða því trauðla metnir til fjár. Hér er því litið fram hjá þessum atriðum. Ennfremur var nefnt að breytingar á skipulagi skóla geta haft áhrif á bílanotkun foreldra – og jafnvel nemenda – og þar með haft áhrif á umferðarþunga, slit á umferðarmannvirkjum, mengun og slyshættu. Í þessari skýrslu er ekki heldur gerð tilraun til að meta umfang þessara þátta.

7.2 Lengra skólaár í grunnskóla en styttri námstími

Frá og með hausti árið 2001 skulu skóladagar grunnskólanemenda vera 180 á ári og veturinn 2001-02 kemur einnig til framkvæmda síðasti hluti þeirrar lengingar á skólavíku sem ákveðin var með síðustu breytingu á lögum um grunnskóla. Vikulegur kennslutími nemenda í 1.-4. bekk verður kominn í 30 kennslustundir, 35 stundir í

5.-7. bekk og 37 stundir í 8.-10. bekk. Þessar breytingar hafa í för með sér að kennslumagn í grunnskóla, þar sem boðið er upp á kennslu í öllum bekkjum grunnskóla, eykst um 8,14% frá vetrinum 2000-01 en algengast er að grunnskólar séu með alla bekkina 10.

Samkvæmt nágildandi skipulagi eru kennsluvikur í grunnskóla 36 talsins og því samtals 360 á öllum grunnskólaárunum 10. Þær breytingar sem hér er gert ráð fyrir eru tvíþættar; skólaárið er lengt í 10 mánuði þannig að kennsluvikum fjölgar í 39, en grunnskólinn stytur á móti um eitt ár. Á móti lengingu skólaársins er gert ráð fyrir að gefið verði viku haustfrí til að brjóta upp misserið. Heildarfjöldi kennsluvika í grunnskóla myndi eftir þessa breytingu verða 351, þ.e. fækka um 9 vikur frá því sem núverandi skipulag gerir ráð fyrir.

7.2.1 Áhrif á sveitarfélög

Heildarlaun grunnskólakennara í Reykjavík hækkuðu að meðaltali um 11,1% frá árinu 2000 til fyrri hluta ársins 2001, en á sama tíma hækkuðu heildarlaun ófaglærðs fólks um 18,2%.²⁷ Vísitala framfærslu hækkaði aftur á móti um 3,6%. Með því að hækka kostnaðartölur ársins 2000 á samsvarandi hátt má áætla að kostnaður sveitarfélaga við rekstur grunnskólanna árið 2000 hafi numið um 17,6 milljörðum á verðlagi fyrri hluta árs 2001. Ef að auki er tekið tillit til þeirra kostnaðarbreytinga sem hið aukna kennslumagn mun hafa í för með sér má áætla að kostnaður við grunnskóla gæti numið um 18,5 milljörðum kr. veturinn 2001-2002. Tekið skal fram að hér er ekki miðað við að neinar breytingar á samsetningu kennara við grunnskólana hafi átt sér stað en fastlega má gera ráð fyrir að síðustu kjarasamningar kennara hafi aukið áhuga kennaramenntaðra einstaklinga á kennslu í grunnskólum. Versnandi efnahags- horfur og ótti við atvinnuleysi gæti þar að auki hafa gert grunnskólakennslu fýsilegri kost.

Árið 2000 nam kostnaður vegna aksturs skólabarna rúmum 73 milljónum kr. í Reykjavík og ef gert er ráð fyrir að kostnaður á hvert skólabarn sé hlutfallslega sá sami annars staðar á landinu má ætla að heildarkostnaður vegna aksturs barnanna hafi að meðaltali numið um 5000 kr. á barn þetta ár. Heildarkostnaður á verðlagi fyrri hluta árs 2001 gæti því verið um 238 milljónir kr.

²⁷ Viðmiðunarhópurinn er sá sami og fyrr, aðstoðarfólk í mötuneytum og starfsfólk við ræstingu, sem í fréttabréfi Kjararannsóknaneftndar er í starfsflokki 9132.

Áætluð áhrif þessara breytinga eru þau að launakostnaður vegna kennslu minnkar um 2,3% við það að kennslumagn dregst saman, en annar launakostnaður og kostnaður við skólaakstur er talinn breytast í réttu hlutfalli við fjölgun kennsluvikna og hækka um 8,3%. Þá er gert ráð fyrir að annar rekstrarkostnaður við skólhaldið hækki um helming þess sem kennsluvikum fjölgar hlutfallslega og aukist því um 4,2%. Ennfremur er miðað við að sú endurskipulagning á starfi skóla og námi sem af breytingunum leiðir samsvari 2% af rekstrarkostnaði skólanna, eða 350 milljónum kr. Loks er reiknað með að kennurum verði greidd sérstök 3% launauppbót vegna þeirra breytinga sem verða á vinnutíma þeirra. Sú uppbót samsvarar um 350 milljónum kr. Áhrif breytinganna á afkomu sveitarfélaga eru tekin saman í töflu 7.13.


Tafla 7.13 Breytingar á beinum kostnaði við rekstur grunnskóla sem leiða af því að skólaárum er fækkað en skólaárið lengt á verðlagi fyrri hluta árs 2001. Milljónir kr.

	Laun kennara með réttindi	Laun kennara án réttinda	Laun annars starfsfólks	Launa-kostnaður alls	Önnur gjöld	Rekstrar-gjöld, brúttó
Kostnaður við grunnskóla	-230	-50	300	20	150	170
Kostnaður við að breyta kjarasamn. við kennara með og án réttinda	300	50	0	350	0	350
Endurskipulagning	0	0	0	0	350	350
Skólaakstur	0	0	0	0	30	30
Samtals	70	0	300	370	530	900

Heimild: Árbók sveitarfélaga 2001 og eigin útreikningar

Fjöldi grunnskólanemenda er áætlaður um 39.500 en um 43.650 nemendur voru skráðir í grunnskóla haustið 2000. Nemendum í grunnskólum mun því fækka um nær 4.150 og lætur þar af leiðandi nærri að þessar breytingar muni kosta um 300 þúsund kr. á nemanda. Ef sá kostnaður er lagður til grundvallar má ætla að núvirtur kostnaður á tímabilinu 2001-2050 við þessar breytingar gæti numið um 14,7 milljörðum kr. Hér er miðað við að fjöldi barna á grunnskólaaldri (6-14 ára, miðað er við aldur við upphaf skólaárs) haldist svo sem gert er ráð fyrir í mannfjöldaspá Hagfræðistofnunar (sjá mynd 7.2).

Mynd 7.2 Spá um þróun fjölda barna á grunnskólaaldri árin 2000-2050.



Styttra sumarfrí grunnskólanema mun minnka þörf sveitarfélaga á að reka vinnuskóla á sumrin og bjóða upp á ýmiss konar námskeið og starfsemi fyrir nemendur. Að sama skapi ætti eftirspurnin eftir sumarnámskeiðum sem íþrótt- og ungmennafélög hafa staðið fyrir að minnka, sem og áhuginn á dvöl í sumarbúðum. Kostnaður Reykjavíkurborgar vegna vinnuskóla nam um 75 milljónum kr. árið 2000 og gera má ráð fyrir að sparnaður vegna styttra sumarfrís gæti numið 10-15 milljónum kr. Ef gert er ráð fyrir að önnur sveitarfélög verji svipaðri fjárhæð til þessa málaflokks má ætla að heildarsparnaður gæti numið um 25 milljónum kr. Þar við bætast síðan þau útgjöld sem foreldrar gætu hugsanlega sparað sér með því að þurfa ekki að senda börn sín á sumarnámskeið hjá einkaaðilum.

7.2.2 Áhrif á nemendur

Áhrif breytinganna á nemendur koma fram í því að þeir ljúka námi einu ári fyrr en áður og geta því verið einu ári lengur á vinnumarkaði. Ef gert er ráð fyrir að breytingarnar komi til framkvæmda árið 2001 munu 9 ár líða þar til fyrsti hópur grunnskólanemenda útskrifast samkvæmt hinu nýja skipulagi. Árið 2014 útskrifast síðan þessir nemendur úr framhaldsskólum og árið 2017 úr háskólum.

Núvirt virði þeirra tekna sem gert er ráð fyrir að nemendur vinni sér inn fyrstu árin eftir útskrift er tekið saman í töflu 7.14. Samtals er gert ráð fyrir að þær nemi um 3,2 milljörðum kr. og að núvirt virði tekna á öllu tímabilinu 2001-2050 nemi rúmum 47 milljörðum kr. Þetta eru ekki sömu tekjuáhrif og áætlað var að flutningur

grunnskólans niður um eitt ár hefði í för með sér þar eð hér koma áhrif breytinganna fram eftir níu ár en ekki tíu eins og í því tilfelli.

Tafla 7.14 Áhrif þess að stytta grunnskóla um eitt ár en lengja hvert skólaár á tekjur einstaklinga. Milljónir kr.

Vinnuframboð þeirra sem ljúka grunnskólaprófi	250
Vinnuframboð þeirra sem ljúka framhaldsskóla	2.100
Vinnuframboð þeirra sem ljúka háskóla	900
Samtals	3.250

Heimild: Eigin útreikningar

Tafla 7.15 Uppsöfnuð áhrif þess að stytta grunnskóla um eitt ár en lengja hvert skólaár á tekjur einstaklinga. Tímabilið 2001-2050. Milljónir kr.

Vinnuframboð þeirra sem ljúka grunnskólaprófi	3.800
Vinnuframboð þeirra sem ljúka framhaldsskóla	30.600
Vinnuframboð þeirra sem ljúka háskóla	12.900
Samtals	47.300

Heimild: Eigin útreikningar

7.2.3 Áhrif á ríkissjóð

Ekki er gert ráð fyrir að þessar breytingar á skipulagi grunnskólans hafi neinn kostnaðarauka í för með sér hjá yfirstjórn fræðslumála, hvorki hjá ríkisvaldi né sveitarfélögum. Bein áhrif á ríkissjóð munu því væntanlega ekki verða umtalsverð.

7.2.4 Þjóðhagsleg áhrif

Áhrifin á þjóðarbúið verða væntanlega svipuð og lýst var í kaflanum hér að framan en þó er ekki gert ráð fyrir að styttingin hafi nein áhrif á vinnuframboð foreldra. Styttra sumarfrí grunnskólanema gæti leitt til þess að fleiri foreldrar kjósi að fara í sumarfrí á sama tíma og börn þeirra eru í fríi. Ásókn í frí á öðrum tímum sumars, þ.e. fyrri hluta júní og síðari hluta ágúst, gæti því minnkað og sú breyting gæti haft töluverð áhrif á þjóðfélagið í heild. Sá tími sem flestir landsmenn kjósa að ferðast um innanlands gæti því styst en álagið aftur á móti aukist á ferðaþjónustu og náttúru landsins um hásumarið.

Þótt breytingunni hefði verið hrundið í framkvæmd árið 2001 myndu fyrstu áhrif hennar á þjóðarbúið ekki koma í ljós fyrr en 9 árum síðar þegar þeir nemendur, 10% af áætluðum heildarfjölda árgangsins, sem héldu ekki áfram námi kæmu út á vinnumarkaðinn. Framhaldsskólanemarnir ættu að ljúka námi fjórum síðar og þeir

sem leggja stund á háskólanám þremur árum síðar. Alls er gert ráð fyrir að þjóðarframleiðsla myndi aukast um 3,9 milljarða fyrst í stað, en langtímaáhrifin gætu numið um 56,5 milljörðum kr.

Tafla 7.16 Áhrif þess að stytta grunnskóla um eitt ár en lengja hvert skólaár á þjóðarframleiðslu. Milljónir kr.

Vinnuframboð þeirra sem ljúka grunnskólaprófi	350
Vinnuframboð þeirra sem ljúka framhaldsskóla	2.500
Vinnuframboð þeirra sem ljúka háskóla	1.100
Samtals	3.950

Heimild: Eigin útreikningar

Tafla 7.17 Uppsöfnuð áhrif þess að stytta grunnskóla um eitt ár en lengja hvert skólaár á þjóðarframleiðslu. Tímabilið 2001-2050. Milljónir kr.

Vinnuframboð þeirra sem ljúka grunnskólaprófi	4.500
Vinnuframboð þeirra sem ljúka framhaldsskóla	36.200
Vinnuframboð þeirra sem ljúka háskóla	15.800
Samtals	56.500

Heimild: Eigin útreikningar

7.3 Lengra skólaár í framhaldsskóla en styttri námstími

Síðasti möguleikinn á breytingum á skipulagi skóla sem hér er athugaður felst í því að fækka árum í framhaldsskóla um eitt en lengja á móti hvert skólaár þannig að nemendur fái meiri kennslu á hverjum vetri. Hugmyndir um að stytta framhaldsskóla um eitt ár hafa áður komið fram hérlendis og hefur þá fyrst og fremst verið litið til þess að stytta nám í skólum sem bjóða upp á stúdentspróf um eitt ár þannig að nemendur gætu að jafnaði hafið nám í háskóla eða sérskólum á háskólasviði við 19 ára aldur. Þótt þessi hugmynd sé góðra gjalda verð er rétt að benda á að hættulegt gæti reynst að stytta eingöngu nám í stúdentsprófsskólun, án þess að gera einhverjar breytingar á verknámsbrautum skólanna, vegna þess að ásókn í fyrrnefndu skólana gæti þá aukist meira en heppilegt væri en áhugi á síðarnefndu skólunum dofnað full mikið. Staðreyndin er sú að þótt mikið hafi verið rætt um nýja hagkerfið, sem byggir á tölvukunnáttu og sérfræðimenntun, er langt þar í frá að með því hafi þörfin fyrir hefðbundna iðnaðarmenn gufað upp. Auk þess hefur áherslum á mörgum verknámsbrautum verið breytt í takt við tímann og margar þeirra bjóða nú upp á gott nám sem vafalítið mun nýtast nemendum vel á tölvu- og tækniöld. Sú breyting á

framhaldsskólum sem hér verður rædd felur því í sér að allar brautir framhaldsskóla verði stytta í þrjú ár en ekki eingöngu nám til stúdentsprófs. Óvíst er hversu auðvelt er að laga allt nám á framhaldsskólastigi að þessum þriggja ára ramma. Verklegt nám, sem stundum fer fram utan veggja skólans, er veigamikill þáttur á mörgum brautum og óljóst er hvort hægt væri að laga þann hluta námsins að breyttu skipulagi. Hér er þó miðað við að slíkt yrði unnt.

Eins og rakið var í kafla 4.3 skulu kennsludagar í framhaldsskólum ekki vera færri en 145 á ári en skóladagar á ári skulu alls ekki vera færri en 175. Flestum þeirra 30 daga sem þarna munar er varið í prófahald eða námsmat. Virkir kennsludagar í framhaldsskóla eru því samtals 580. Hér er kannað hvort fara mætti sömu leið og í grunnskólum, en lengja framhaldsskólann um fjórar vikur á sumrin í stað þriggja hjá grunnskólum. Skólatíminn myndi því lengjast um 20 daga á ári. Því til viðbótar er lagt til að óvirkum kennsludögum í skóla, þ.e. dögum sem fara í prófahald og annað, verði fækkað um 10. Með þessu myndu bætast við 30 kennsludagar á ári. Jafnframt þessu yrði framhaldsskólinn stytur um eitt ár og fjöldi kennsludaga yrði því 525 í stað 580 eins og nú er.

7.3.1 Áhrif á sveitarfélög

Rekstur framhaldsskóla er alfarið í höndum ríkis og því er ekki gert ráð fyrir að þessar breytingar hafi neinn beinan kostnaðarauka í för með sér fyrir sveitarfélög. Þá gæti breytingin haft óbein áhrif á rekstur sveitarfélaga sem ekki verða tíunduð hér.

7.3.2 Áhrif á nemendur

Áhrif þessara breytinga á skipulagi framhaldsskóla á nemendur geta orðið margbreytileg. Í fyrsta lagi mun styttra sumarfrí rýra möguleika þeirra til að láta til sín taka á vinnumarkaði. Fyrir nemendurna mun þetta að sjálfsögðu hafa töluverð tekjuáhrif en áhrifin geta einnig orðið töluverð á sumar atvinnugreinar sem treysta að verulegu leyti á námsmenn sem sumarvinnuafli. Í öðru lagi getur stytting skóla í þrjú ár dregið úr brotthvarfi nemenda frá námi sem hefur verið töluvert. Í þriðja lagi getur styttra sumarfrí ýtt undir vinnu nemenda með námi vegna þess að afrakstur sumarsins verður ekki jafnmikill og áður. Loks leiðir stytting skólans til þess að nemendur koma ári fyrir út á vinnumarkaðinn og framtíðartekjur þeirra munu því aukast.

Vinna með námi

Löng hefð er fyrir því að framhaldsskólanemendur vinni með námi og nokkrar kannanir hafa verið gerðar á umfangi vinnu framhaldsskólanema með námi, þó engar hin síðustu ár. Veturinn 1989-1990 gerði Félagsvísindastofnun athugun á umfangi vinnu með námi hjá 1.300 framhaldsskólanemum en það samsvaraði um 10% af öllum nemendum í framhaldsskólum þann veturinn. Um 42% þeirra höfðu stundað launaða vinnu einhvern tíma vetrarins, en um 38% unnu með námi þegar könnunin var gerð.

Veturinn 1990-1991 var síðan gerð könnun á vinnu nemenda í Flensborgarskóla og Menntaskólanum í Kópavogi með námi og náði hún til 668 nemenda en í skólunum tveimur voru þá 880 nemar. Nálega helmingur þeirra sem svöruðu reyndist ekki vinna með námi, en um 20% unnu 11 klst. eða lengur á viku. Fleiri stúlkur en piltar unnu með námi. Ekki kom fram marktæk fylgni á milli vinnu stúlkna og þess tíma sem þær sögðust verja til heimanáms en veik neikvæð fylgni hjá piltum.

Reglur um vinnu unglunga hafa nokkuð verið hertar hin síðustu ár og munar þar mestu um tilskipun Evrópuráðsins nr. 94/33/EB um vinnuvernd barna og unglunga. Samkvæmt henni má ekki ráða börn og unglunga sem enn eru á skólaskyldualdri til vinnu og í engum tilvikum börn yngri en 15 ára. Vinnu unglunga á aldrinum 15-17 ára eru einnig settar nokkrar skorður, þeim er t.a.m. bannað að vinna næturvinnu nema þegar um er að ræða tiltekin störf sem kveðið er á um í innlendum lögum eða reglum. Tilskipun Evrópuráðsins hefur vafalítið gert íslenskum unglingum erfiðara um vik að vinna vinnu við hæfi með námi en þó er trúlegt að margir framhaldsskólanemendur vinni nokkrar klukkustundir á hverri viku.

Brottfall frá námi

Í könnun sem Jón Torfi Jónasson og Kristjana Stella Blöndal gerðu á skólaferli fólks sem fætt er 1975 kom í ljós að í árslok 1999 höfðu rúm 46% lokið stúdentsprófi, 11% prófi úr verkgreinum, en tæp 43% höfðu ekki lokið prófi úr framhaldsskóla. Af þeim voru 6,6% enn í námi, tæp 29% höfðu hætt námi án þess að ljúka prófi, en rúm 7% höfðu aldrei verið skráð í nám eftir grunnskóla. Í rannsókninni kom fram að mun fleiri stúlkur en piltar luku stúdentsprófi – 55% á móti 37% – en fleiri piltar lögðu stund á verknám, eða 15% á móti 7%. Um 48% pilta höfðu ekki útskrifast í árslok 1999 en 38% stúlkna. Minnstar líkur voru á því að þeir nemendur sem höfðu lakar

einkunnir á grunnskólaprófi héldu áfram námi, en langflestir þeirra sem fengu 7 eða hærra á samræmdu prófi í íslensku í 10. bekk luku stúdentsprófi. Þá leiddi rannsóknin í ljós að algengara er að nemendur á þéttbýlissvæðum ljúki stúdentsprófi en iðnnámið virðist eiga sterkari ítök í dreifbýli. Mun meiri dreifing er á því hvenær nemendur í verknámi ljúka námi en þeir sem taka stúdentspróf og virðist mun algengara að þeir sem eru í starfsnámi taki sér hlé frá námi en þeir sem eru í bóknámi.

Eins og fyrr var getið höfðu um 36% nemenda sem fæddir voru 1975 hætt námi í framhaldsskóla eða ekki haldið áfram eftir grunnskólapróf. Ríflega helmingur þeirra sem skráðu sig í framhaldsskóla og hættu hefur lokið minna en árs námi og 80% þeirra hefur lokið minna en tveggja ára námi.

Í símakönnun sem gerð var í tengslum við rannsóknina á námsferli 1975-árgangsins til að kanna sérstaklega hvers vegna fólk hefði hætt í námi kom fram að flestum hafði annað hvort leiðst námið eða þeir fengið námsleiða, átt í peningavandræðum, átt von á barni eða átt barn. Af 1969-árganginum hætti helmingur námi í framhaldsskóla af árganginum vegna áhugaleysis eða leiða og 17,5% vegna peningaleysis.

Styttra nám í framhaldsskóla gæti vafalítið aukið líkurnar á að nemendur lykju námi en einnig mætti auka sveigjanleika á framhaldsskólastigi með því að bjóða upp á styttra nám. Á móti kemur að styttra sumarfrí og lægri sumarhýra gæti dregið úr getu sumra nemenda til að leggja stund á nám á framhaldsstigi.

Tekjutap á sumrin

Til að áætla það tekjutap sem nemendur í framhaldsskólum landsins mættu þola ef sumarfrí þeirra yrði stytt er hér gert ráð fyrir að 90% unglinga á aldrinum 16-18 ára hafi verið í framhaldsskóla árið 2001 og að 9 af hverjum 10 nemendum vinni fyrir sér á sumrin. Ennfremur er gert ráð fyrir að meðallaun þeirra séu um 100 þúsund kr. á mánuði. Tekjutap þeirra gæti þá samtals verið um 900 milljónir kr. og núvirt heildartekjutap fyrir tímabilið 2001-2050 um 16 milljarðar kr. (sjá töflur 7.18 og 7.19).

Tafla 7.18 Áhrif þess á tekjur nemenda að stytta framhaldsskóla um eitt ár en lengja hvert skólaár. Milljónir kr.

Tekjutap að sumri	-900
Tekjur að loknum framhaldsskóla	3.400
Tekjur að loknum háskóla	1.500
Samtals	4.000

Heimild: Eigin útreikningar

Lengri starfsævi

Heildartekjur framhaldsskólanema vegna þess að þeir koma ári fyrir út á vinnumarkaðinn eru áætlaðar 4,9 milljarðar kr. Þar af eru tekjurnar fyrsta árið eftir framhaldsskóla 3,4 milljarðar kr. og tekjurnar að loknu háskólanámi 1,5 milljarðar kr. Sá tekjuauki sem einstaklingar hafa samtals af því að ljúka skóla ári fyrir á tímabilinu 2001-2050 er áætlaður 84,6 milljarðar kr. Nettóávinningurinn af því að fækka skólaárunum um eitt er því 4 milljarðar kr. fyrsta árið, en 68,7 milljarðar kr. fyrir allt tímabilið 2001-2050.

Tafla 7.19 Uppsöfnuð áhrif þess á tekjur nemenda að stytta framhaldsskóla um eitt ár en lengja hvert skólaár. Tímabilið 2001-2050. Milljónir kr.

Tekjutap að sumri	-16.000
Tekjur að loknum framhaldsskóla	59.500
Tekjur að loknum háskóla	25.200
Samtals	68.700

Heimild: Eigin útreikningar

7.3.3 Áhrif á ríkissjóð

Sem fyrr getur nam kostnaður við rekstur framhaldsskóla alls um 7,4 milljörðum kr. árið 2000, en sértekjur voru á móti um 570 milljónir kr. þannig að heildarútgjöld ríkissjóðs vegna framhaldsskóla voru um 6.850 milljónir kr. Heildarlaun framhaldsskólakennara hækkuðu mjög í kjölfar kjarasamninganna í janúar 2001 og samkvæmt upplýsingum frá Kjararannsóknanevnd opinberra starfsmanna voru laun þeirra að meðaltali um 47,7% hærri fyrri hluta ársins 2001 en þau voru að meðaltali árið 2000. Þótt þessi hækkun sé að einhverju leyti til komin vegna sérstakra tímabundinna ákvæða í kjarasamningunum leikur vart nokkur vafi á því að kjarasamningarnir færðu kennurum verulegar hækkningar. Hér er gert ráð fyrir að raunveruleg hækkun heildarlauna hafi verið 30%. Hækkun annarra starfsmanna

skólanna var á sama tíma á bilinu 12,4-13,1% eftir því hvort miðað er við föst mánaðarlaun eða heildarlaun. Sem fyrr er hér miðað við laun aðstoðarmanna í mötuneytum og starfsfólks við ræstingar. Árið 1999 voru stöðugildi kennara og skólastjórnenda 75% af öllum stöðugildum í framhaldsskólum, stöðugildi sérfræðinga og skrifstofufólks voru 10% af heildinni og stöðugildi annars starfsfólks 15%. Ef gert er ráð fyrir að skipting starfsfólks í framhaldsskólum hafi verið svipuð árið eftir og að laun allra annarra starfsmanna en kennara hafi hækkað um 12% má áætla að launakostnaður í framhaldsskólum hafi hækkað um 25% frá árinu 2000 til fyrri hluta árs 2001. Samkvæmt þessu, og með því að hækka önnur gjöld um sem nemur hækkun framfærsluvísitölu, hefur rekstrarkostnaður framhaldsskólanna verið um 7,7 milljarðar kr. á árinu 2000 á verðlagi fyrri hluta árs 2001. Þar sem skóladagar eru 175 á hverju ári samsvarar þetta því að kostnaður á hvern skóladag hafi verið um 11 milljónir kr.

Tafla 7.20 Kostnaður ríkissjóðs við rekstur framhaldsskóla árið 2000 á verðlagi fyrri hluta ársins 2001. Milljónir kr.

	Laun	Önnur gjöld	Gjöld alls	Laun kennara	Laun annarra
Fjölbautaskólar	4.395	1.027	5.422	3.415	981
Menntaskólar	1.680	340	2.019	1.310	376
Sérskólar	163	95	257	127	36
Framhaldsskólar samtals	6.238	1.461	7.698	4.852	1.393
Aðrir liðir tengdir framhaldsskólum	107	985	1.091		
Framlög til framhaldsskóla samtals	6.344	2.445	8.790		
Kostnaður á hvern skóladag	8,9	2,1	11,0		

Heimild: Ríkisbókhald og eigin útreikningar

Fækkun skólaáranna hefur í för með sér ákveðinn sparnað á launum og hér er gengið út frá því að laun kennara lækki hlutfallslega jafn mikið og kennslumagnið dregst saman, þ.e. um 16%, en að laun annarra starfsmanna og önnur gjöld hækki þegar skóladögum fjölgar úr 175 í 195. Sem fyrr er einnig gert ráð fyrir að ýmis kostnaður vegna þessara breytinga nemi um 2% af heildarkostnaði við rekstur framhaldsskólanna eftir breytingu og að kennurum og öðru sérfræðiliði séu greidd 3% í launauppbót þegar starfsár þeirra er lengt um einn mánuð.

**Tafla 7.21 Kostnaður ríkissjóðs við að breyta skipulagi framhaldsskóla fyrsta árið.
Milljónir kr.**


	Launa- gjöld	Önnur gjöld	Heildar- gjöld
Kostnaður við framhaldsskóla	-630	170	-460
Kostnaður við að breyta kjarasamningum við kennara, sérfræðinga og skrifstofufólk	170	0	170
Kostnaður við endurskipulagningu	0	210	210
Samtals	-460	380	-80

Heimild: Eigin útreikningar

Á árinu 2000 voru unglingar á aldrinum 16-19 ára rétt um 17.200, en unglingar á aldrinum 16-18 ára voru ríflega 4.400 færri, eða um 12.850. Ef gert er ráð fyrir að nemendum í framhaldsskólum myndi einnig fækka um 4.400 við það að framhaldsskólar yrðu styttrir úr fjórum árum í þrjú má ætla að ávinningur ríkissjóðs af því að stytta skólana næmi um 17.500 kr. á nemanda.

Ef gengið er út frá því að þróun fjölda nemenda á árunum 2001-2050 verði svipuð og gert er ráð fyrir á mynd 7.3 má áætla að ríkissjóður gæti sparað um 1,4 milljarða kr. á verðlagi fyrri hluta árs 2001 á þessu tímabili með því að ráðast í þessar breytingar.

Mynd 7.3 Spá um þróun fjölda unglunga á framhaldsskólaaldri árin 2000-2050.



Heimild: Mannfjöldaspá Hagfræðistofnunar

7.3.4 Þjóðhagsleg áhrif

Hin þjóðhagslegu áhrif af þessari breytingu á skipulagi framhaldsskóla eru tvíþætt. Annars vegar lækkar þjóðarframleiðsla vegna þess að sumarfrí skólanna styttest en

aftur á móti eykst þjóðarframleiðslan þegar nemendur koma ári fyrr út á vinnumarkaðinn og vegna þess að starfsævi þeirra verður ári lengri.

Afar algengt er að framhaldsskólanemendur vinni á sumrin og í sumum greinum eru þeir uppistaðan í sumarvinnuaflinu. Minna vinnuframlag hefur vitaskuld áhrif á þjóðarframleiðslu og fyrsta árið er gert ráð fyrir að sá samdráttur nemi um 2 milljörðum kr. Aukning þjóðarframleiðslu vegna þess að nemendur skila sér fyrr út á vinnumarkaðinn er áætluð 6,2 milljarðar kr. og nettóaukning þjóðarframleiðslu því um 4,1 milljarður kr.

Tafla 7.22 Áhrif þess á þjóðarframleiðslu að stytta framhaldsskóla um eitt ár en lengja hvert skólaár. Milljónir kr.

Samdráttur vegna styttra sumarleyfis	-2.100
19 ára út á vinnumarkað	4.400
22 ára út á vinnumarkað	1.800
Samtals	4.100

Heimild: Eigin útreikningar

Fastlega má gera ráð fyrir að áætlaður samdráttur á vinnuframboði á sumrin komi misþungt niður á atvinnugreinum og að hann hafi meiri áhrif utan höfuðborgarsvæðisins þar sem almennt menntunarstig er lægra. Sérstaklega er vert að íhuga þau áhrif sem lenging framhaldsskólaársins gæti haft á ferðaþjónustu á þessum svæðum en nemendur í framhaldsskólum eru víða stórt hlutfall af sumarstarfsfólki í ferðaþjónustu. Að auki er víða skortur á gisti- og veitingastöðum og á mörgum stöðum hafa skólahúsnæði og heimavistir verið notuð sem hótél á sumrin. Áhrifin af lengingu skólaársins á ferðaþjónustu þyrfti því að kanna gaumgæfilega áður en ráðist yrði í breytingar á skipulagi framhaldsskóla.

Tafla 7.23 Uppsöfnuð áhrif þess á þjóðarframleiðslu að stytta framhaldsskóla um eitt ár en lengja hvert skólaár. Tímabilið 2001-2050. Milljónir kr.

Samdráttur vegna styttra sumarleyfis	-34.300
19 ára út á vinnumarkað	72.400
22 ára út á vinnumarkað	30.400
Samtals	68.500

